

SHALDOR
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn



Euopris
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

8. febrúar 2012
33. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Dreymir um stærra hús
Sigprúður Guðmundsdóttir
stýrir Kvennaathvarfinu á
30 ára afmælisári.
tímamót 18

Teiknaði gjöf Apatows
Hugleikur Dagsson teiknaði
mynd sem leikstjórinn Judd
Apatow fékk í afmælisgjöf.
fólk 34

Spennandi verkefni
Patrekur Jóhannesson ætlar
sér að gera góða hluti með
austurríska landsliðið.
sport 30

veðrið í dag

DREGUR ÚR VINDI vestan-lands eftir því sem á daginn líður. Sunnan og vestan til verða skúrir eða slýdduél en nokkuð bjart norð-austanlands. Hiti víða á bilinu 0 til 6 stig.

VEÐUR 4

9.-12. FEBRÚAR 2012
Vetrarhátíð
í Reykjavík

Fylgir Fréttablaðinu í dag!

14 dagar til Óskudags

Sjáðu búningana okkar á Facebook

Barnabúningar:
1.490, 2.990 og 4.990

PARTY BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534

Sautján settir í nálgunarbann

Tíu voru úrskurðaðir í nálgunarbann í fyrra og sjö árið á undan. Árin á undan var úrræðið nánast ekkert notað, en er að sanna gildi sitt að mati aðstoðarlögreglustjóra. Sambúðarslit eru oft bakgrunnur málanna.

LÖGREGLUMÁL Sautján nálgunarbönn hafa verið sett á síðastliðin tvö ár. Notkun úrræðisins hefur aukist mikið en tveir höfðu í heildina verið úrskurðaðir í nálgunarbann fjögur ár á undan.

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá ríkislögreglustjóra voru nálgunarbönn tíu talsins í fyrra. Þau voru sjö árið 2010 og eitt nálgunarbann var í gildi árin 2008 og 2006. Árin 2007 og 2009 voru engin nálgunarbönn úrskurðuð.

„Þetta eru í mjög mörgum tilvikum erfið samskipti fólks eftir aðskilnað – skilnað eða sambúðarslit,“ segir Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Hann segist telja að nálgunarbann sem úrræði hafi smátt og smátt verið að sanna sig og sé nú talin lausn í málum. Það skýri líklega

Brot varðar árs fangelsi

Samkvæmt lögum um nálgunarbönn frá því í fyrra er manni í nálgunarbanni bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann. Bönn af þessu tagi geta varað í allt að ár. Þeim er alltaf afmarkaður ákveðinn tími sem ekki má framlengja nema með nýrri ákvörðun. Viðurlög við broti á nálgunarbanni eru sektir og allt að ár í fangelsi.

Þá miklu fjölgun nálgunarbanna sem orðið hefur.

„Nálgunarbannið er úrræði sem hægt er

að grípa til ef einstaklingur eða einstaklingar verða fyrir áreiti og jafnvel brotum,“ segir Jón. Ekki þarf að vera um brot að ræða. „Þetta er líka mögulegt sem úrræði ef einhver ónáðar viðkomandi með því að koma að heimili eða vinnustað og skirrist ekki við þó að hann fái skilaboð um að ekki sé óskað eftir nærveru hans.“

Ný lög um nálgunarbönn og brottvísun af heimili tóku gildi um mitt síðasta ár. Jón segir nýmæli hvað varðar nálgunarbönn að nú geti lögregla tekið ákvörðun um að beita úrræðinu og ber það síðan undir dómara. Áður þurfti að bíða eftir að dómari fjallaði um málið svo bann tæki gildi. „Nú kemur úrræðið til framkvæmdar strax. Þetta er skilvirkara úrræði.“

- þeb



ÆVINTÝRALAND Í SMÍÐUM Guttormur Þorfinnsson (lengst til hægri) og sonur hans Þorfinnur (fyrrir miðju) munu næstu daga tæma 60 kassa af legókubbum í Tjarnarsal Ráðhússins. Byggður verður ævintýraheimur sem er hluti af Vetrarhátíð borgarinnar. Gestum og gangandi verður boðið að koma og skoða, en þeir sem vilja geta látið reyna á sköpunargáfu sína. Með þeim á myndinni er legógeggjarinn Þorvaldur Breiðfjörð Berglindarson.

Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

Lífeyrissjóðir telja að stjórnendur Glitnis hafi veitt rangar upplýsingar:

Matsmenn leggi mat á blekkingu

VIÐSKIPTI Lífeyrissjóðirnir munu fara fram á að dómsskvaddir matsmenn verði fengnir til að leggja mat á hvort gögn sem lögð voru fram í umdeildu skuldabréfaútboði Glitnis í mars 2008 hafi endurspeglad raunverulega stöðu bankans. Sjóðirnir vilja meina að þeir hafi verið blekktir til að kaupa víkjandi skuldabréf í útboðinu fyrir samtals 10,7 milljarða króna og hafa stefnt slitastjórn Glitnis vegna þessa. Alls keyptu sjóðirnir tæplega 72% af öllum skuldabréfunum sem í boði voru í útboðinu. Undirbúningur að málarekstrinum hefur staðið yfir mánuðum saman.

Hann snýst um að lífeyrissjóðirnir vilja skuldajafna bréfunum en því hefur slitastjórn Glitnis hafnað. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins

10,7

milljarða króna víkjandi skuldabréf telja lífeyrissjóðirnir að þeir hafi verið blekktir til að kaupa í umdeildu skuldabréfaútboði Glitnis.

stendur málið þannig að sjóðirnir hafa reynt að knýja fram fyrir dómstólum að Glitni verði gert að leggja fram margvísleg gögn sem þeir telja líklegt að sýni fram á að bankinn hafi verið öðruvísi og mun verr staddur en útboðsgögnin sögðu til um. Eiginfjár- og lausafjárstaða hans hafi verið verri auk þess sem áhættuskuldbindingar Glitnis hefðu verið vanmetnar.

Í skýrslu úttektafndarinnar um starfsemi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins 2008 segir að fjárfesting í umræddum skuldabréfum sé dæmi um „mjög mislukkaða fjárfestingu“. Það er niðurstaða nefndarinnar að lífeyrissjóðir ættu ekki að fjárfesta í slíkum gerningum nema lög heimili það sérstaklega.

- þsj / sjá Markaðinn

Skyr

Ný
bragðtegund.
Karamella!



Njóttu lífsins með
heilbrigðum lífsstíl



MYTA HÚSBÚÐIR - 12.0011

HÖFUM OPNAÐ NÝJA SKOÐUNARSTÖÐ AÐ GRJÓTHÁLSI 10

Láttu okkur skoða bílinn þinn við bestu aðstæður í nýju skoðunarstöðinni okkar að Grjóthálsi 10. Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér og það er alltaf heitt á könnunni.

Opið kl. 8-17 virka daga



Í sama húsi er hin frábæra Bón og Þvottastöð svo auðvelt er að slá tvær flugur í einu höggi og keyra brosandir burt á nýskoðuðum og tandurhreinum bíl.



Reykjavík Grjóthálsi 10 Sími 590 6940
Reykjavík Skeifunni 5 Sími 590 6930
Hafnarfjörður Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
Kópavogur Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
Reykjanesbær Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970

www.adalskodun.is

Landsbankinn kynnir græna bílafjármögnun

Landsbankinn býður betri kjör á fjármögnun á grænum bílum
– 8,55% breytilegir óverðtryggðir vextir og ekkert lántökugjald.

Grænir bílar eru skilgreindir sem bílar með minnsta mögulegan útblástur sem eru flokkar **A**, **B** eða **C** og losa 0-120 g af koltvísýring á hvern ekinn kílómetra.

Stefna Landsbankans um samfélagslega ábyrgð hefur sett bankanum þau markmið að tengja starfshætti sína við efnahags-, samfélags- og umhverfismál.



Þessi kjör gilda til 1. mars.

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.



LÆRÐU AÐ BÚA TIL ÞITT EIGIÐ APP



NÁMSKEIÐ Í APP-FORRITUN Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI!

Promennt býður upp á stutt og hnitmiðuð grunn- og framhaldsnámskeið fyrir forritara í app-forritun fyrir iPhone/iPad og grunnnámskeið fyrir Android. Fyrstu námskeiðin verða haldin í febrúar og mars.

iPhone/iPad GRUNNNÁMSKEIÐ

Tveggja daga grunnnámskeið í app-forritun fyrir iPhone/iPad/iPodTouch. Æskilegt er að þátttakendur hafi grunnþekkingu á öðrum forritunarumhverfum eins og C#, C++, Python og Ruby (þó ekki endilega Objective C). Þátttakendur læra að búa til eigið app frá grunni ásamt því að dýpka þekkingu á ákveðnum sviðum í Apple SDK. Kennsla fer fram á ensku.

Námskeið hefst: **27. febrúar**
Lengd: **2 dagar (2x8 klst.)**
Verð: **130.000 kr.**

Kennari: **Uffe Overgaard Koch**, stofnandi og framkvæmdastjóri hjá Huge Lawn Software ApS

iPhone/iPad FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

Þriggja daga framhaldsnámskeið í app-forritun fyrir iPhone/iPad fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína og kunnáttu í app-forritun. Þátttakendur verða að hafa lokið grunnnámskeiði eða unnið í iPhone-umhverfinu. Unnið er með eftirfarandi efni: Blocks and Grand Central Dispatch, Custom UI programming, Core Data og Web Services. Kennsla fer fram á ensku.

Námskeið hefst: **29. febrúar**
Lengd: **3 dagar (3x8 klst.)**
Verð: **186.000 kr.**

Kennari: **Uffe Overgaard Koch**, stofnandi og framkvæmdastjóri hjá Huge Lawn Software ApS

ANDROID GRUNNNÁMSKEIÐ

Tveggja daga grunnnámskeið í app-forritun fyrir Android-stýrikerfið sem hentar þeim sem hafa grunnþekkingu eða starfsreynslu af Java eða C# en vilja bæta enn frekar við sig og taka fyrstu skrefin í þróun á öppum fyrir Android. Þátttakendur munu öðlast þekkingu á þeim verkfærum sem eru notuð til að þróa öpp fyrir Android ásamt því að búa til app sem mun verða þróað í gegnum allt námskeiðið. Kennsla fer fram á ensku.

Námskeið hefst: **5. mars**
Lengd: **2 dagar (2x8 klst.)**
Verð: **130.000 kr.**

Kennari: **Tommy Dejberg Pedersen**, Country Manager – Jutland hjá Miracle A/S, stofnandi Startup City og einn eigenda SimMark

► ER APP MARKAÐSTÆKI SEM GETUR NÝST ÞÍNU FYRIRTÆKI?

Tveggja daga námskeið sem er tilvalið fyrir markaðsfólk, verkefna- og vöruþróunarstjóra í stórum sem smáum fyrirtækjum.

APP SEM MARKAÐSTÆKI

Þátttakendur fara skref fyrir skref yfir þau atriði sem hafa þarf í huga þegar kemur að því að meta hvort app sé markaðstæki og því að smíða app, allt frá fyrstu hugmynd til framkvæmdar. Kennslan er bæði í formi fyrirlestra og verkefnavinnu.

Námskeiðið fer fram dagana **13. og 14. febrúar**
Lengd: **2 dagar (2x4 klst.)**
Verð: **35.000 kr.**

Kennari: **Helgi Pjetur Jóhannsson**,
Stokkur Software ehf.



Katrín Guðjónsdóttir, deildarstjóri markaðsdeildar N1:

„N1 appið hefur opnað nýja leið fyrir viðskiptavinum til að eiga viðskipti við N1. Ég tel appið vera mikilvægt markaðstæki sem styttr boðleiðina á milli viðskiptavinar og fyrirtækis.“

Árni Valdi Bernhöft, markaðssérfræðingur hjá Póstinum

„Pósturinn er að nálgast nútímann með því að staðsetja sig á markaðnum og stækka markhópinn. Með því að þróa og uppfæra appið sjáum við tækifæri til að hrista upp í gömlum hefðum og auka þægindi viðskiptavina.“



► HVAR SKRÁI ÉG MIG?

Skráningar fara fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • www.promennt.is



... eitt hagstæðasta
verðið á markaðnum

Allt að
40%
afsláttur

VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRETTINGAR



DUCALE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng

til
afgreiðslu
af lager



LINE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

AUKAHLUTIR í okkar eldhúsinnréttingar



Búr - útdraganlegt **34.900**



Hálfmáni - útdraganlegt **44.900**



Töfrahorn - hornskápur **39.900**

ÞVOTTAHÚS innréttingar verð frá **58.970**

Djúpar
mjúklökandi
skúffur
og full
útdraganleg
vinnuborð



Allt að
40%
afsláttur

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opíð virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Dýraverndunarsinnar í Bandaríkjunum líkja aðstæðum smáhvela í sædýrasöfnum við þrælahlald:

Háhyrningar höfða mál gegn sædýrasafni

BANDARÍKIN, AP Alríkisdómari í Bandaríkjunum hafnaði því á mánudag að vísa frá máli sem gæti skorið úr um hvort dýr njóti sömu verndar gegn þrælahlaldi og menn. Dýraverndarsamtökin PETA hafa höfðað málið fyrir hönd fimm háhyrninga.

Í stefnu PETA segir að farið sé með háhyrningana eins og þræla í sædýrasöfnum Seaworld. Þeir séu neyddir til að skemmta gestum og búa í glerbúrum.

Theodore Shaw, lögmaður Seaworld, krafðist þess að málinu yrði umsvifalaust vísað frá dómi, en hafði ekki erindi sem erfiði. Hann sagði dómsmálið soun á bæði tíma og peningum.

PETA vísar til ákvæða í stjórnarskrá Bandaríkjanna, sem leggur blátt bann við þrælahlaldi. Þessu mótmælir Shaw og bendir á að stjórnarskráin nái aðeins yfir réttindi manna. Þar sé raunar ekkert fjallað um mannréttindi dýra, hvorki smáhvela né annarra. Slík réttindi gætu að auki haft áhrif víðar, til dæmis mætti líta til lögregluhunda, eldiskjúklunga og annarra dýra.

Dómariinn ákvað að vísa málinu ekki strax frá, heldur tekur sér umhugsunarfrest til að floga næstu skref þessa óvenjulega dómsmáls.

Óvist er hvort háhyrningarnir Tilikum, Katina, Kasatka, Corky og Ulises bíða spenntir eftir niðurstöðunni, þó að málið sé höfðað í þeirra nafni.



HVALIR Háhyrningurinn Tilikum sýnir listir sínar í sædýrasafni Seaworld.



TAJ MAHAL Í JAPAN Eftirmynd indversku Taj Mahal-hallarinnar gerð úr snjó í borginni Sapporo í Japan.

Heimsfrægur rithöfundur:

Hvetur almenn-ing til að hlaða niður ólöglega

BRASILÍA Brasilíska rithöfundurinn Paulo Coelho hvetur almenn-ing til þess að hlaða bókum hans niður ólöglega.

Coelho, sem þessa dagana tekur þátt í herferð The Pirate Bay, einnar af helstu deilis-íðum heims, segir að þremur árum eftir að bók hans Alkemistinn hafi orðið aðgengileg í Rússlandi með ólöglegu niðurlagi hafi hann selt yfir milljón bækur í landinu. Samkvæmt nýjasta uppgjöri hafi selst 12 milljónir eintaka.

Rithöfundurinn segir að líki fólki byrjunin á bók sem það les á netinu kaupir það bókina næsta dag. Ekkert sé meira þreytandi en að lesa bók á netinu.



PAOLO COELHO



MÓTMÆLI Í APENU Mótmælin gegn nýju aðhaldsaðgerðunum urðu ekki jafn fjölmenn og oft áður, enda hafa fáir lengur efni á launalausum verkfallsdegi, auk þess sem veður var slæmt í gær.

Viðræðurnar dragast enn

Grísku stjórninni tókst ekki í gær, frekar en síðustu daga, að leggja lokahönd á nýja aðhaldsáætlun til að tryggja fjárhagsaðstoð frá ESB og AGS. Almenn-ingur í Grikklandi efndi til mótmæla um land allt í gær.

GRIKKLAND Viðræður grísku stjórnarinnar við lánardrottna, björgunarmenn og eigin flokksfélaga um nýjar aðhaldsaðgerðir og fjárhagsaðstoð hafa dregist á langinn dag eftir dag, þrátt fyrir mikla pressu. Litlar líkur þóttu til þess í gær að niðurstaða fengist, en vonast var til að hún lægi fyrir í dag.

Íbúar Grikklands héldu tugþúsundum saman út á götur í gær til að mótmæla nýjum aðhaldsáformum stjórnsvalda, sem á hinn bóginn eru undir miklum þrýstingi frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Fjárhagsaðstoð frá þeim fæst ekki fyrr en áætlun um niðurskurð og sparnað þykir orðin sannfærandi, en án fjárhagsaðstoðar kemst gríska ríkið í greiðsluþrot 20. næsta mánaðar.

Gríska stjórnin hefur verið treg til að fallast á frekari niðurskurð sem íþyngir almenn-ingi, ofan á allar þær skattahækkningar, launlækkanir og aðrar aðgerðir sem meðal annars hafa aukið mjög á atvinnuleysi og fátækt í landinu.

Þriggja manna nefndin frá ESB, AGS og Seðlabanka ESB hefur á ströngum fundum síðustu vikuna krafist þess að dregið verði úr ríkisútgjöldum um 1,5 prósent af landsframleiðslunni, eða 3,3 milljarða evra. Heimildir grískra dagblada fullyrtu að niðurstaðan yrði sú að sparnaðurinn verði 2,5 milljarðar evra og megnið af því, eða 1,1 milljarður evra, fáiast með því að draga úr kostnaði í heilbrigðis-kerfinu.

Þjóðverjar og Frakkar hafa á síðustu dögum sett fram nýjar kröfur um að peningarnir frá ESB og AGS fari inn á sérstakan reikning, sem gríska stjórnin geti eingöngu notað til þess að greiða lánardrottnum sínum.

Traust evruríkjanna til Grikkja er greinilega af skornum skammti og talin þörf á að tryggja að gríska stjórnin noti ekki peningana í önnur verkefni ríkisins en þau að greiða niður skuldirnar.


Þetta vantraust stafar meðal annars af því að grísku stjórnin hefur ekki gengið sem skyldi að standa við fyrri sparnaðaráform sín. Þannig hafa metnaðarfull áform um sölu ríkiseigna, sem átti að skila miklu í ríkissjóðinni, ekki gengið eftir nema að litlum hluta – ekki síst vegna þess að eftirspurnin hefur engan veginn verið í samræmi við þær væntingar, sem stjórnin hafði.

Neelie Kroes, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, segir það reyndar ekki rétt að evrusamstarfið muni hrynja ef eitt ríki segir skilið við það.

„Það er alltaf sagt að ef einu ríki er leyft að fara út, ef það biður um það, að þá muni allt kerfið hrynja. En það er einfaldlega ekki rétt,“ sagði hún í viðtali við hollenskt dagblað. „Grikkir verða að átta sig á því að við Hollendingar og Þjóðverjar getum því aðeins boðið skattgreiðendum okkar upp á neyðaraðstoð handa Grikkjum ef raunveruleg merki sjást um vilja til góðra verka.“ gudsteinn@frettabladid.is

Erfiðar björgunaraðgerðir

Evrópusambandið, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Seðlabanki ESB krefjast þess að gríska stjórnin samþykki frekari aðhaldsaðgerðir áður en 130 milljarða evra fjárhagsaðstoð verður samþykkt, til viðbótar fyrri aðstoð upp á 110 milljarða evra.



Lífeyrslækkun: ESB og AGS vilja að lífeyrsgreiðslur úr ríkissjóði lækki um 15 prósent í viðbót.

Lágmarkslaun: Lækkuð úr 75 evrum í 60 evrur á mánuði. 15.000 opinberum starfsmönnum verði sagt upp. Hætt verði að greiða orlofsuppbætur.

Viðbótarniðurskurður upp á tvær milljónir evra: Niðurskurður í heilbrigðismálum, varnarmálum og starfsmannahaldi hins opinbera jafngildir einu prósentu af vergri þjóðarframleiðslu.

Móðir í Svíþjóð ákærð:

Lét þriggja ára son sinn reykja og drekka bjór

SVÍÞJÓÐ Móðir þriggja ára drengs í Svíþjóð hefur verið ákærð fyrir misnotkun og brot á áfengis-lögum, eftir að upp komst að hún hafði látið drenginn reykja sigarettu og drekka bjór.

Atvikidi var tekið upp á myndband. Þar sést konan kveikja í sigarettu og hvetja soninn til þess að reykja hana. Aðrir viðstaddir réttu honum svo bjórdós. Fólkið heyrir grínast með það hvað myndi gerast ef félagsmálayfirvöld sæju myndbandið. Þá sést drengurinn hosta og fullorðna fólkið hlæja að honum. Móðirin og aðrir viðstaddir hafa haldið því fram að ætlunin hafi verið að láta hann fá viðbjóð á sigarettum. Þá halda þau því fram að vatn hafi verið í bjórdósinni.

SIÁVARÚTVEGUR

Kræklingavinnsla hafin

Vinnsla á kræklingi hófst hjá Drangi ehf. á Drangnesi í gær. Áætlað er að framleiðslan verði um fimmtíu tonn í ár. Kræklingurinn hefur verið ræktaður í tilraunaskyni í Steingrímsfirði, en tíu manns starfa við vinnsluna að því er fram kemur á BB.is.



KOLI OG HVÍTT – 5900 kr.

FORRÉTTUR
PARMASKINKA, GLÓÐAÐ BRAUÐ
OG GEITAOSTASÓSA

ÁDALRÉTTUR
PÖNNUSTEIKTUR KOLI, FENNEL,
MASCARPONE, BYGG OG PERUSÓSA

EFTIRRÉTTUR
SÚKKULAÐI, KARAMELLA,
MJÓLK OG LAKKRÍS

KOLABRAUTIN RESTAURANT

Kolabrautin er á 4ðu hæð Hörpu
Borðapantanir 519 9700
info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

SAIJA

SÍÐASTI SÉNS!

50%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR af öllum útsöluvörum!

UPPHAFLEGT
VERÐ

~~799-999~~ kr.
~~1299-1699~~ kr.
~~1999-2499~~ kr.
~~2999-3999~~ kr.
~~4499-6999~~ kr.
~~7999-8999~~ kr.

ÚTSÖLU
VERÐ

~~500~~ kr.
~~1000~~ kr.
~~1500~~ kr.
~~2000~~ kr.
~~3000~~ kr.
~~4000~~ kr.

50% VIÐBÓTAR
AFSLÁTTUR

250 kr.
500 kr.
750 kr.
1000 kr.
1500 kr.
2000 kr.



KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ Eftirlíking af Nikolas Sarkozy Frakklandsforseta á hestbaki var áberandi á kjötkveðjuhátíð í Viareggio á Ítalíu. NORDICPHOTOS/AFP

Lögglumenn í hörðum átökum við herinn í uppreisninni á Maldíveyju:

Mótmælendur hröktu forsetann úr embætti

MALDÍVEYJAR, AP Mohammed Nasheed, fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Maldíveyja, sagði af sér í gær eftir öflug mótmæli gegn honum.

Mohammed Waheed Hassan varaforseti, sem áður hefur verið yfirmaður hjá UNICEF, tók við embættinu og hét því að vernda Nasheed fyrir hefndaraðgerðum mótmælenda.

Fyrr um daginn hafði lögreglan gengið til liðs við mótmælendur, tekið ríkisútvarp landsins á sitt vald og lent í átökum við herinn.

Hassan var kosinn forseti árið 2008. Hann naut mikilla vinsælda í byrjun og lofaði miklum umbótum í átt til lýðræðis og mann-

réttinda. Hann var þekktur baráttumaður fyrir mannréttindum og umhverfismálum víða um heim. Meðal annars hafði hann setið í fangelsi fyrir gagnrýni sína á forvera sinn í embætti, Maumon Abdul Gayoom, sem hafði ríkt í 30 ár.

Undanfarið ár hafa mótmæli gegn honum hins vegar farið vaxandi. Landsmenn voru ósáttir við efnahagsumbætur og töldu hækkandi verðlag mega rekja beint til þeirra.

Upp úr sauð svo nýverið þegar hann lét handtaka Abdulla Mohamed, yfirdómara sakadómstóls landsins. Dómarinn hafði unnið sér það til sakar að láta lausan stjórnarandstæðing, sem hafði gagnrýnt forsetann harðlega.



MÓTMÆLENDUR FAGNA Fréttir af því að lögreglan hefði gengið til liðs við mótmælendur vöktu ómældan fögnuð. NORDICPHOTOS/AFP

Lóðadeila á Hólmavík:

Ósamrýmanleg sjónarmið sætt

SKIPULAGSMÁL Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur höggð á hnúttinn í deilu tveggja húseigenda á Kópnesbraut á Hólmavík sem höfðu „ósamrýmanleg“ sjónarmið um mörk lóða sinna.

Eigandi geymsluhúsnæðis vildi að land sem sveitarfélagið á milli húsanna yrði allt innlimað í lóð hans. Eigandi einbýlishúss við hliðina vildi hins vegar að þeir skiptu með sér landi sveitarfélagsins eftir miðlínu á milli skúrs við hús hans annars vegar og geymsluhússins hins vegar.

Sveitarstjórnin hefur nú staðfest niðurstöðu skipulagsnefndar sem setur línuna einn metra frá skúrveggnum.

Eigandi geymslunnar hafi meiri hagsmuni af því að fá stærri viðbót við sína lóð.

- gar

Karli K. Karlssyni ehf. heimilt að leita af sér grun:

Mátti skoða tölvupóst fyrirverandi forstjóra

PERSÓNUVERND Stjórnarformaður Karls K. Karlssonar ehf. mátti skoða tölvupóst fyrirverandi forstjóra samkvæmt álitum sem Persónuvernd hefur sent frá sér.

Í álitinu segir að stjórnarformanninn hafi grunað að eftir að forstjórinn var hættur hefði hann notað pósthólf KKK til að senda út póst um að fyrirtækið væri á leið í gjaldþrot. Birgjar hefðu í kjölfarið hótad að segja upp samningum og sumir jafnvel látið verða af því og valdið félaginu tugmilljóna tjóni. Ekki hafi verið hægt að láta forstjórnann fyrirverandi vita að til stæði að skoða pósthólfið því þá myndi hann geta eytt póstinum. Forstjórinn fyrirverandi sagðist eingöngu hafa rætt það lauslega að fjárhagsstaða KKK væri

með öðru orsök þess að hún hætti hjá fyrirtækinu. „Sú staða var birgjum félagsins vel kunn, enda hafði KKK þá átt í langvarandi vanskilum og vanefndum gagnvart birgjum sínum og fleirum. Voru margir þeirra þá þegar löngu hættir viðskiptum við KKK og farnir annað,“ segir lögmaður forstjórans í greinargerð sem vitnað er til í álitinu.

Persónuvernd segir að forstjórinn hafi haft ráðrúm til að eyða tölvupósti áður en vinnutölvunni var skilað til KKK. Fyrirtækið hafi mátt skoða póstin til að kanna hvort ólöglegir viðskiptahættir hefðu átt sér stað. Hins vegar megi fyrirtækið ekki halda slíku áfram fyrr en starfsmenn hafi verið fræddir um tilhögunina.

- gar



NÁMIÐ SKEMMTILEGRA Rasmus Borch upplýsingatækniráðgjafi segir nemendur í Odder nú afla sér þekkingar á nýjan hátt og nota hana í nýju samhengi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nemendur fengu allir spjaldtölvur

Danska sveitarfélagið Odder spjaldtölvuvæddi alla grunnskólanema og kennara. Kennslubækurnar settar beint inn á tölvurnar frá forlögum. Nemendurnir himinlifandi. Kennararnir segja þá einbeittari.

MEINTAMÁL Allir grunnskólanemendur í Odder í Danmörku, alls 2.200 talsins, hafa fengið spjaldtölvur frá sveitarfélaginu til þess að nota í skólanum. Það hafa kennararnir 400 einnig fengið.

„Nemendur eru himinlifandi. Þeir eru ánægðir með að hafa fengið spjaldtölvu sem þeir mega nota að vild heima samtímis því sem þeim þykir námið í skólanum skemmtilegra. Kennararnir eru einnig ánægðir. Þeir segja nemendur einbeittari og áhugasamari og kennslustundina nýtast betur,“ segir Rasmus Borch upplýsingatækniráðgjafi, einn fyrirlesara á menntaráðstefnu sem epli.is hélt um spjaldtölvuvæðingu skólakerfisins.

Borch segir í viðtali við Fréttablaðið að markmiðið í Odder hafi verið að samhæfa skólastarfið reynslu nemenda utan skólans. „Nemendur nota tölvur heima í margs konar tilgangi. Í skólanum hefur aðallega verið unnið með texta og kennarinn hefur staðið við töfluna. Námsáhugi nemenda, einkum drengja, fór minnkandi eftir sjötta bekk. Það þurfti að bregðast við þessu. Námið hefur verið mjög kennarastýrt en með spjaldtölvuvæðingunni verða nemendurnir virkari. Þeir afla sér þekkingar á nýjan hátt og nota hana í nýju samhengi. Kennarinn verður leiðbeinandi.“

Stjórnmalamenn voru ekki allir sannfærðir í fyrstu um nauðsyn spjaldtölvuvæðingarinnar, að því

„[Kennarar] segja nemendur einbeittari og áhugasamari og kennslustundina nýtast betur

RASMUS BORCH
UPPLÝSINGATÆKNIRÁÐGJAFI

er Borch greinir frá. „Sú skoðun varð hins vegar ofan á að þetta væri nauðsynlegt til þess að búa börnin undir framtíðina.“

Gerður hefur verið samningur við tvö stærstu bókaforlögin í Danmörku um að kennslubækurnar verði settar beint inn á spjaldtölvurnar. En þótt nemendur lesi skólabækurnar í spjaldtölvum verða gamlar skólabækur enn í notkun. „Það er engin ástæða til þess að fleygja gömlum bókum. Þetta snýst um að velja rétta verkfærið fyrir ákveðið verk,“ segir Borch.

Stóri spjaldtölvudagurinn í Odder var 5. janúar síðastliðinn en þá fengu nemendurnir spjaldtölvurnar sínar. Kennarar höfðu fengið spjaldtölvur í október síðastliðnum auk nemenda í tveimur bekkjum sem fengu að prufukeyra nýju tæknina.

Það kostar sveitarfélagið Odder um átta milljónir danskra króna, eða nálægt 175 milljónum íslenskra króna, að spjaldtölvuvæða alla nemendur og kennara grunnskólans. Odder er fyrsta sveitarfélagið í Evrópu sem kaupir spjaldtölvur handa öllum grunnskólanemum og kennurum.

ibs@frettabladid.is

FYRIRTÆKIN & TÆKIFÆRIN

Samhliða aðalfundi Félags atvinnurekenda verður haldinn opinn fundur um tækifæri fyrirtækja og hvernig þau geta skapað og nýtt sér tækifæri.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 9. febrúar kl. 14.-16 í veitingahúsinu Nauthól, Nauthólsvægi 106.

DAGSKRÁ:

Ávarp Oddnýjar G. Harðardóttur, fjármálaráðherra

„Tækifæri á tímum breytinga. Dæmisaga um góðan rekstrarárangur þrátt fyrir efnahagshrun“ Svava Bjarnadóttir, fjármálastjóri Mannvits

„Bætt innkaup hins opinbera – tækifæri til að efla samkeppni – tækifæri til hagræðingar í rekstri“ Páll Rúnar M. Kristjánsson, yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda

NÝ TÆKIFÆRI Í MARKAÐSSETNINGU:

„Eltingaleikur við neytendur – Hvernig allir miðlar eru að verða rafrænnir“ Andri Már Kristinsson, framkvæmdastjóri Kansas

„Markaðssetning og samfélagsmiðlar – dæmi frá Inspired by Iceland“ Sigurður Hjaltalín, yfirmaður samfélagsmiðladeildar Íslensku auglýsingastofunnar

„WOW upplifanir og samfélagsmiðlar“ Guðmundur Arnar Guðmundsson, markaðsstjóri WOW air

Skráning með tölvupósti á bjarndis@atvinnurekendur.is eða í síma 588 8910

Erfiðleikar í V-Evrópu:

Sala á nýjum bílum minnkar

VIÐSKIPTI Sala á nýjum einkabílum í V-Evrópu minnkaði um 8,7 prósent í janúar miðað við sama mánuð í fyrra. Alls seldust 933.333 einkabílar á svæðinu í janúar samkvæmt upplýsingum frá LMC Automotive.

Sala á nýjum bílum minnkaði um 0,4 prósent í Þýskalandi þar sem markaðurinn fyrir einkabíla er stærstur. Í Frakklandi minnkaði salan um 20,7 prósent en í Bretlandi var salan óbreytt.

Salan í janúar þykir staðfesta spár um erfiðleika á þessu ári. - ibs

Um sjö prósent eru með HPV-veiruna í munni sem getur orsakað krabbamein:

Sýking algengari hjá körlum en konum

HEILSA Sýking í munni sem orsakast getur krabbamein í hálsi, á kynfærum, í ristli og í höfði er töluvert algengari í körlum en konum samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem gerð var á vegum Læknafélagsins í Bandaríkjunum.


Rannsóknin leiddi í ljós að um það bil sjö prósent þátttakenda voru með svokallaða HPV-sýkingu í munni. Um tíundi hver karlmaður var með sýkinguna en um 3,6 prósent kvenna.

Dr. Maura Gillison, sem stýrði rannsókninni, segir niðurstöðuna mikilvæga í þróun krabbameins-

lyfja. Auk þess geti hún skipt sköpum þegar kemur að því að fyrirbyggja krabbamein í höfði og hálsi.

Oft má rekja meinin til reykinga og áfengisneyslu, en talið er að árið 2020 verði hægt að rekja þau flest til HPV-veirunnar.

Rannsóknarteymi við krabbameinsdeild Háskólans í Ohio hefur fundið út að HPV-sýking í munni auki hættu á krabbameini um 50 prósent. Líkur á að veiran nái bólfestu í fólki aukast með aldri og auknum fjölda kynlífsfélaga, hvort heldur sem um munnmök eða kynmök sé að ræða. - trs



KRABBAMEINSFRUMA Nú hefur verið fundið út að HPV-sýking í munni eykur hættu á krabbameini.



FERÐAMENN Ferðamálastofa telur brottfarir frá flugstöðinni í hverjum mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Talningar Ferðamálastofu:

Metfjöldi ferðamanna í janúar

SAMGÖNGUMÁL Erlendir gestir til Íslands hafa aldrei verið fleiri í janúar en í ár, samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Um 26 þúsund erlendir gestir fóru frá landinu í janúar, en það er tæplega fjórum þúsundum fleiri en í fyrra. Gestum fjölgaði því um 17,5 prósent milli ára.

Bretar voru fjölmennastir í hópi ferðamanna, rúmlega 26 prósent. Fimmtán prósent ferðamanna komu frá Bandaríkjunum. Danir voru rúm sex prósent af fjöldanum og Norðmenn sömuleiðis. - þeb



KÓPAVOGSVÖLLUR Nýir salir í stúkunni verða auglýstir til leigu samkvæmt ákvörðun bæjarráðs.

Bætt nýting á Kópavogsvelli:

Stúkan leigð til að afla peninga

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Kópavogs hefur samþykkt að tveir salir, fundarherbergi og eldhús í nýrri stúku Kópavogsvallar, verði auglýstir til leigu. Er þetta gert til reynslu fram á næsta haust.

Í nýju stúkunni er meðal annars fullbúið eldhús og salur sem nota má sem kaffihús. Íþróttafélögin og tómstundafélög í bænum hafa notað salina án þess að greiða fyrir. „Húsnæðið hefur hins vegar ekki nýst sem skyldi fram að þessu,“ segir í minnisblaði sem lagt var fyrir bæjarráð. „Yfir sumarmánuðina fer fram ýmiss konar starfsemi á Kópavogsvelli og svæðinu þar í kring, sem ætla mátti að gæti skapað tekjur með réttri nýtingu húsnæðisins.“ - gar

HÚSAVÍK

Ný reiðhöll rís

Verið er að leggja lokahönd á byggingu 1.100 fermetra reiðhalla í landi Saltvíkur rétt sunnan við Húsavík. Hestamannafélögin Grani og Þjálfí fengu styrk frá ríkinu til að byggja höllina. Byggingin mun bæta aðstöðu hestamanna á svæðinu mikið.



TOPPAÐU

með **66°NORÐUR**

& ÍSLENSKUM FJALLALEIÐSÖGUMÖNNUM

EYJAFJALLAJÖKULL STÓRA HVANNADALSHNÚKUR
 HEIÐARHORN VESTUR SÚLA SKÁLATINDUR
 HELGAFELL KEILIR MÓSKARÐSHNÚKAR
 DÝJADALSHNÚKUR VÍFILSFELL GRÍMANNSFELL
 BÚRFELLSGJÁ LAMBAFELL D R O T T N I N G

KÍKTU Á KYNNINGARFUNDINN Í KVÖLD KL. 20:00 Í VERSLUN 66°NORÐUR, FAXAFENI 12.

66°NORÐUR og Íslenzkir Fjallaleiðsögumenn þjálfa þig til að komast á toppinn á Hvannadalshnúki í byrjun maí. Boðið verður upp á æfingadagskrá þar sem hópurinn hittist einu sinni í viku til æfinga og undirbúnings. Nokkrar helgar fer hópurinn saman á hærri fjöll s.s. Skarðsheiði og Eyjafjallajökul.

Nánari upplýsingar á 66north.is og fjallaleidsogumenn.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Dómarar ættu að geta dæmt sameiginlega forsjá:

Sameiginleg skylda

Algjör breyting hefur orðið í forsjármálum barna á 20 árum. Árið 1992 varð fyrst möguleiki samkvæmt lögum að foreldrar færu sameiginlega með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit. Fjórðán árum síðar varð sameiginleg forsjá meginregla. Nú er svo komið að í 85% tilvika fara foreldrar sameiginlega með forsjá barna eftir skilnað.

Þetta er í samræmi við breytt viðhorf; annars vegar um að uppeildi og umönnun barna sé samvinnuverkefni þar sem foreldrar bera jafna ábyrgð, og hins vegar um að hagur og réttur barnsins, þar á meðal til að njóta beggja foreldra sinna, sé í fyrirrúmi.



Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta er jákvæð þróun en breytir því ekki að enn eru til ljót dæmi um að menn annars vegar firri sig ábyrgð á börnunum sínum og að hins vegar sé foreldrum sem raunverulega vilja og geta sinnt börnunum sínum meinað að umgangast þau. Hvort tveggja felur í sér brot á rétti barnanna.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp innanríkisráðherra til breytinga á barnalögum sem miðar að því að styrkja rétt bæði barna og foreldra í umgengnis- og forsjármálum. Þar eru ýmis mikilvæg nýmæli, ekki sízt um að foreldrum beri skylda til að leita sátta með aðstoð fagfólks áður en hægt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál um tiltekin ágreiningsefni. Lagt er til að setja í lög skýrari ákvæði um að í forsjármálum sé tekið tillit til þess ef annað hvort foreldrið hefur beitt fjölskylduna ofbeldi. Þá er hert á ýmsum ákvæðum sem eiga að tryggja að komið verði á umgengni milli foreldris og barns sem umgengnisréttur hefur verið brotinn á.

Frumvarpið er því mikil réttarbót. Hins vegar hefur verið gagnrýnt að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skyldi fella úr því tillögu nefndarinnar sem samdi það; að dómari skuli hafa heimild til að úrskurða að foreldrar skuli fara sameiginlega með forsjá barns. Eins og Karvel A. Jónsson, stjórnarmaður í Félagi um foreldrajafrétti, benti á í grein hér í blaðinu í gær er slík heimild í lögum í hinum norrænu ríkjum og stendur ekki til að breyta því.

Í greinargerð með frumvarpinu er raunar ýtarlegur rökstuðningur fyrir kostum þess fyrirkomulags. Vísað er til þess að slík heimild dómara geti haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra og sporni jafnvel gegn því að annað þeirra heimti að fá eitt forsjá vegna tilfallandi deilumála. Heimildin geti þannig aukð mikilvægi og gagnsemi ráðgjafar og sáttaumleitana í forsjárdeilum.

Oft er það því miður svo að fólk leyfir sér að láta forsjárdeilur snúast um eitthvað allt annað en það sem snýr að hagsmunum barnsins – jafnvel ágætlega upplýst og skynsamlegt fólk að öðru leyti. Í tilvikum þar sem báðir foreldrar eru á annað borð metnir hæfir til að fara með forsjá barns og sinna þörfum þess er í raun nauðsynlegt að dómari hafi heimild til að höggva á hnúttinn og segja: Hættið þessari vitleysu og sinnið foreldraskyldum ykkar í sameiningu.

Rökin fyrir því að fella þetta ákvæði út úr frumvarpinu eru furðulega rýr í greinargerðinni. Um málið eru sagðar „skiptar skoðanir“ og talið rétt að „stíga varlega til jarðar“. Því sé rétt að fá reynslu á hin nýju úrræði um sáttameðferð áður en lagðar séu til breytingar því hvernig stofnað skuli til sameiginlegrar forsjár.

Alþingi ætti að íhuga að setja aftur inn í frumvarpið upphaflega tillögu, einmitt til að styrkja ákvæðin um sáttameðferð. Eða fara að minnsta kosti fram á skárri rökstuðning frá ráðherranum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Boðsferð og boðsferð

„Boðsferð þarf ekki að vera sama og boðsferð,“ sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og fyrrverandi stjórnarformaður LSR í fréttum RÚV í gær. Hann hjó þar í sama knérunn og framkvæmdastjóri LSR hafði gert í Kastljósi kvöldið áður. Rökin eru þau að starfsmenn lífeyrissjóða hafi ekki endilega verið að þiggja boðsferðir þegar þeir flugu ítrekað utan í boði fyrirtækja til að kynna sér fjárfestingarkosti. Þeir hafi bara verið í vinnunni. Um þetta má deila. Ögmundur sagði að hann vildi varast alhæfingar um þessi mál.



Alhæfingaflóttinn

Sami Ögmundur Jónasson varaðist ekki alhæfingar um boðsferðir fyrir heilum tveimur vikum. Þá sagði hann gjörvallt íslenska embættismannakerfið hafa ástjetast Evrópusambandinu, ekki síst vegna tíðra ferða á kostnað annarra en sjálfs sín til Brussel. Þar vildi fólk halda til og lífa á dagpeningum. Á því purfti hann að biðjast afsökunar og er síðan orðinn orðvar.

Helmingur – hið minnsta

Sigurður P. Ragnarsson stormur er orðinn pólitíkus í liði Lilju Mósesdóttur. Á kynningarfundum um framboðið lá honum mikið á hjarta – ekki síst taldi hann nauðsynlegt að skipta auði þjóðarinnar á milli manna upp á nýtt. Óþodlegt væri að fimm prósent landsmanna ættu allt fé í landinu á meðan að minnsta kosti helmingur fólks lepti dauðann úr skel, hvorki meira né minna. Efast má um að þessi síðasta fullyrðing Sigurðar eigi sér stoð í hagtolum. Hann getur spurt Lilju, hún var lengi prófessor í hagfræði.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. I ssn 1670-3871

www.optima.is

Sjóðsvélar

Optima kynnrir



SAM4S sjóðsvélar

Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun.

Kynningarverð kr. 43.990.-

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Hvað með ristilkrabbamein?

Heilbrigðismál



Friðbjörn Sigurðsson
læknir



Kristín Skúladóttir
hjúkrunarfræðingur

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra Gritar grein í Fréttablaðið þann 4. febrúar sl. Þar ræðir hann hvernig megi „sporna við útbreiðslu“ hinna ýmsu krabbameina. Það skrifna er að ekki er minnst einu orði á krabbamein í ristli og endaparmi. Það er þó eitt algengasta krabbameinið á Íslandi og hefur tíðni þess þrefaldast hjá körlum og tvöfaldast hjá konum á síðustu fimm tíu árum. Ristilkrabbamein er önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina á Íslandi. Nú greinast að meðaltali riflega 130 einstaklingar með meinið á hverju ári og að meðaltali deyr einn einstaklingur í hverri viku af völdum þess.

Dauðsföll af völdum krabbameina í ristli er hægt að fyrirbyggja að stórum hluta með skimun. Árið 2002 gaf landlæknir út klínískar leiðbeiningar um skimun. Þar er ráðlögð skimun með leit að blóði í hægðum á hverju ári hjá einstaklingum 50 ára og eldri. Þessar leiðbeiningar landlæknis eru enn í gildi þó vissulega sé kominn tími til að þær verði endurskoðaðar í ljóssi nýrrar þekkingar.

Alþingi hefur aloft fjallað um skimun fyrir krabbameinum í ristli og samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis árið 2002. Málið var tekið upp aftur árið 2005. Árið 2007 fól Alþingi heilbrigðis- og trygginga-

málaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir sjúkdómnum þannig að skipuleg leit myndi hefjast á árinu 2008. Það síðasta sem við vitum til að Alþingi hafi fjallað um málið var í febrúar 2008 þegar málið var rætt á Alþingi í kjölfar fyrirspurnar Álfheiðar Ingadóttur til þáverandi ráðherra heilbrigðismála um hvað liði undirbúningi fyrir skimun.

Þrátt fyrir þetta er kerfisbundin skimun fyrir krabbameini í ristli enn ekki hafin á Íslandi.

Það væri skammsýni að segja að ekki sé unnt að koma á skimun vegna erfiðleika í efnahagslífinu. Bandaríska krabbameinstofnunin hefur t.d. bent á tækifæri sem flýta megi baráttunni við krabbamein á krepputímum, og þá helst með því að efla tóbaksvarnir og auká þátttöku í skimun fyrir krabbameini í ristli. Kostnaður við skimun skilar sér nefnilega fljótt í sparnaði þar sem sjúkdómurinn getur greinst fyrr og þeim einstaklingum fækkar sem þurfa á dýrri meðferð við sjúkdómnum að halda, svo ekki sé talað um þær þjáningar og ótímabæru dauðsföll sem sjúkdómurinn veldur.

Það gengur ekki lengur að embættismenn Guðbjarts láti eins og krabbamein í ristli sé ekki til.

PIP brjóstapúðamálið – um staðreyndir og villandi málflutning

Heilbrigðismál
Þorbjörn Jónsson
formaður Læknafélags Íslands



Líðlega 400 íslenskar konur fengu brjóstafyllingar frá franska framleiðandaum Poly Implant Protèse (hér eftir nefnt PIP púðar) á árunum 2000-2010, langflestar hjá sama læknum. Frönsku PIP púðarnir fengu CE-vottun og töldust því hæfir til notkunar í lækningaskyni á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Framleiðandinn stundaði kerfisbundin vörusvik með því að nota við framleiðslu sína iðnaðarslíkón í stað læknisfræðilegs sílíkons. Um árabíl komust eftirlitsstofnanir Evrópusambandsins ekki að þessum svikum. Það var því ómögulegt fyrir notendur púðanna, hvort heldur lækna eða heilbrigðisstofnanir, að varast þessi svik. Málið er nú rannsakad sem sakamál og framleiðandi púðanna situr í varðhaldi.

Mikil umræða hefur spunnist undanfarið um PIP brjóstapúða, viðbrögð yfirvalda og ráðleggingar Læknafélags Íslands til hóps félagsmanna vegna málsins. Þung orð hafa verið látin falla og í umræðunni hefur borið á misskilningi og rangfærslum. Ástæða er til að vekja athygli á því að iðulega er blandað saman tveimur málum. Annars vegar snýst málið um úrræði stjórnvalda fyrir konur sem fengið hafa PIP brjóstapúða, hins vegar um ósk landlæknis um að halda persónugreinanlega skrá yfir allar konur sem farið hafa í brjóstastækkun á Íslandi frá árinu 2000. Á fyrra málinu er aðkallandi að finna góða lausn sem konurnar geta sætt sig við, hið síðara getur varla talist brýnt.

Lýtalæknum barst bréf frá landlækni í byrjun ársins þar sem óskað var eftir skrá með kennitölum allra kvenna sem gengist hafa undir brjóstastækkunaraðgerðir hjá þeim frá árinu 2000. Hópur kvenna hafði samband við lýtalækna og lagði blátt bann við því að nöfn þeirra kæmu fram á slíkri skrá. Læknar hafa ríka trúnaðar- og þagnarskyldu gagnvart sjúklingum og setti krafa kvennanna um nafnleynd þá í verulegan vanda. Þess vegna óskuðu lýtalæknar eftir aðstoð frá Læknafélagi Íslands. Eftir nákvæma skoðun er það niðurstaða Læknafélags Íslands að óvíst sé að landlækni sé heimilt að gera persónugreinanlega brjóstastækkunarskrá eins og að er stefnt. Þetta var rætt á fundi Læknafélagsins með landlækni og var ákveðið að leita til Persónuverndar sem er endanlegur úrskurðaraðili í málum sem þessum.

Mál þetta snýst ekki um að læknar vilji ekki af annarlegum hvötum láta upplýsingar af hendi, heldur snýst það um trúnað lækna gagnvart sjúklingum og að læknar fari eftir lögum

og reglum um persónuvernd sjúklinga. Læknar hafa engan persónulegan ávinning af því að afhenda ekki landlækni þau gögn sem til umræðu hafa verið. Lýtalæknar hafa boðið fram aðstoð sína til þess að greiða úr PIP málinu á sem bestan hátt fyrir konurnar. Það kom skýrt fram á fundi lækna með velferðarnefnd Alþingis fyrir skömmu. Lýtalæknirinn sem framkvæmdi flestar PIP aðgerðirnar hafði milligöngu um að senda boðsbref velferðaráðuneytisins til þeirra kvenna sem fengið höfðu PIP púða.

Margt hefur verið rætt og ritað um brjóstastækkunarmálið, sumt af hófsemi og skynsemi en margt hefur verið á misskilningi byggt eða átt rætur að rekja til hreinnar fáfræði. Umræða hefur verið um hugsanlega skaðsemi sílíkonsins í PIP púðunum og var því m.a. haldið fram á tímabili að sílíkonið væri krabbameinsvaldandi. Þær fréttir voru síðar dregnar til baka. Rannsóknir eru nú í gangi erlendis á hugsanlegri skaðsemi púðanna. Nánari upplýsingar um PIP púða má finna á heimasíðu landlæknisembættisins (<http://www.landlaeknir.is/Pages/1055?NewsID=2335>). Það er mikilvægt að halda allri umræðu um þetta mál á skynsamlegum nótum til að magna ekki áhyggjur kvenna með PIP brjóstafyllingar. Vanda verður alla málsmeðferð og hraða henni um leið eftir fongum.

Ein alvarlegasta rangfærslan sem sett hefur verið fram er sú að Læknafélag Íslands tefji fyrir því að konur með PIP púða fái úrlausn sinna mála. Ekkert er fjær sanni. Sú töf sem varð á því að konum með PIP púða væri boðin ómskoðun af brjóstum stafaði af ágreiningi heilbrigðisyfirvalda og Krabbameinsfélags Íslands um greiðslur fyrir þessar skoðanir. Þetta hefur velferðarráðherra staðfest, m.a. í umræðum á Alþingi. Þessi dráttur tengist hvorki Læknafélagi Íslands né lýtalæknum. Enda hefur það komið fram að langflestar konur með PIP púða fengu sent bréf velferðaráðuneytisins strax og yfirvöld höfðu samið um þessar greiðslur.

Það er dapurlegt að PIP málið, sem erfitt var að varast fyrir lækna og eftirlitsaðila, sé notað til árása á lækna og samtök þeirra og til að tortryggja alla einkarekna heilbrigðisþjónustu hér á landi. Gæði og árangur íslenska heilbrigðiskerfisins undanfarna áratugi er meðal þess sem best gerist í Evrópu, eins og getið er um í skýrslu ráðgjafarýritækisins Boston Consulting Group sem nýlega var unnin fyrir velferðaráðuneytið. Þetta hefur tekist þrátt fyrir að útgjöld til heilbrigðismála hafi verið hófleg. Ekki má gleyma því að hinn góði árangur sem náðst hefur í íslenskum heilbrigðismálum undanfarna áratugi hefur orðið til í kerfi sem er blanda af opinberum rekstri og einkarekinni starfsemi. Er einhver ástæða til að breyta því?

Endurskoðun stjórnarskrárinnar

Ný stjórnarskrá
Birkir Jón Jónsson
varaformaður Framsóknarflokksins



yfirskyggja alla sýn til framtíðar. Hins vegar skal hér bent á nokkur grundvallaratriði sem þarfnast úrlausnar og Framsóknarflokkurinn hefur lagt áherslu á:

- Að eignarhald Íslendinga á auðlindum sínum verði tryggt í stjórnarskrá.
- Að valdsvið og hlutverk forseta Íslands verði skilgreint með óumdeildum hætti.
- Að þriggreining ríkisvaldsins verði styrkt. Ráðherrar sitji ekki á Alþingi með atkvæðisrétti samhliða ráðherradómi og ráðning hæstaréttardómara verði aðskilin frá framkvæmdarvaldinu.
- Að auðlindaákvæði komi inn í stjórnarskrána.
- Að stjórnarskráin sé grundvöllur mannréttinda og lýðræðis.
- Að um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu gildi skýrar reglur sem festar eru í löggjöf.

Stjórnarskráin þarf að vera skýrt plagg um grundvallaratriði samfélagsskipunarinnar. Hún á ekki að innihalda orðmargar stefnuyfirlýsingar.

Skipulag fiskveiða hefur verið heitt deilumál í samfélaginu um árabíl. Við framsóknarmenn leggjum áherslu á að auðlindir sjávar eru sameign þjóðarinnar og nauðsyn er að fá sátt um veiðiréttinn og gjaldtöku fyrir hann. Auðlindaákvæði þarf að mynda grunn fyrir slíka sátt, þótt útfærslan sé í löggjöf.

Hér er stiklað á stóru. Stjórnarskráin þarf að vera skýrt plagg um grundvallaratriði samfélagskipunarinnar. Hún á ekki að innihalda orðmargar stefnuyfirlýsingar. Nú er nauðsyn að fram fari góð og gagnleg umræða í framhaldi af því starfi sem unnið hefur verið á vettvangi stjórnlagaráðs.

Hvað er samfélagsábyrgð fyrirtækja?

Morgunverðarfundur Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins, miðvikudaginn 15. febrúar kl. 8.30-10.00 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura (þingsal 3).

Dagskrá:

- 8.15 - 8.30 **Skráning og morgunverðarhlaðborð.**
- 8.30 - 9.00 **Samfélagsábyrgð fyrirtækja. Hræsni eða heilindi?**
Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.
- 9.00 - 9.15 **Síminn og samfélagsábyrgð.**
Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri tæknisviðs Símans og stjórnarformaður Festu.
- 9.15 - 9.30 **Samfélagsábyrgð Landsvirkjunar og áskoranir við innleiðingu.**
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.
- 9.30 - 9.45 **Siðræn neysla - hin hliðin á sama peningi.**
Brynhildur Pétursdóttir, ritstjóri Neytendablaðsins.
- 9.45 - 10.00 **Pallborðsumræður með þátttöku fyrirlesara.**

Regína Ásvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, stýrir fundi. Þátttökugjald er 2.500 kr. og er morgunverður innifalinn. Aðildarfélagar og háskólanemar greiða 1.500 kr. Skráning er á [festa@ru.is](mailto: festa@ru.is).



AF NETINU

Ekki þó ég hefði reynt



Ég er nú – eins og ég þreytist seint á að taka fram – ekki mjög reikningsglöggur maður, og bókhald leikur ekki í höndunum á mér. En ég get þó fullyrt að ef einhver hefði haft vit á því að skipa mig yfir lífeyrissjóðina, þá hefði mér ekki tekist að tapa 479 milljörðum á tveimur árum. Ekki einu sinni þó ég hefði reynt. Það er þó huggun harmi gegn, er það ekki, að þeir sem töpuðu öllum þessum peningum hafa vafalítið tapað minna af sínum lífeyri en við aumur pöppullinn.

<http://blog.eyjan.is/illugi>
Illugi Jökulsson



FERSKT 100% GRÍSAHAKK

798
KR. KG



FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR

998
KR. KG



**BÓNUS FROSNIR
KJÚKLÍNGAVÆNGIR**

PRJÚ TONN Í BÓÐI

198
KR. KG



FERSKT NAUTAGÚLLAS

1698
KR. KG



FERSKT NAUTASNITSEL

1698
KR. KG

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



KS FROSIN LAMBAHJÖRTU

298
KR. KG

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



KS FROSIN LAMBASÚPUKJÖT

698
KR. KG

1. FLOKKUR

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



KS FROSIN LAMBALIFUR

259
KR. KG

ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



KS FROSINN LAMBABÓGUR

998
KR. KG

**NAUTAVEISLA
FJÓRIR FERSKIR
NAUTA
HAMBORGARAR
100% KJÖT 80 GR
MEÐ BRAUÐI**

598 KR.PK



Ristorante
PIZZA FORMAGGI & POMODORI

398
KR. 376G

Ristorante Pizza
MEÐ GEITAOSTI OG TÓMÖTUM: 376g

5	2			8	4	9
	8					
	4	3	7			8
	5		8	3		1
		5		6		
	6	2	9			3
3			4	5		2
					9	
1	5	9			6	3

URLAUSN Á GÁTU NR.35 ER Á BONUS.IS



98
KR. 500 ML

195
KR. 1 LTR.



179
KR. 1 LTR.
**BÓNUS
FLORIDA
SAFI 1 LTR.**



298
KR. 250ML
**froosh
smoothie**



HALLDÓR KILJAN LAXNESS, nóbelskáld lést þennan dag árið 1998 „Eh, það er nú svo margt sem getur verið líkt mér.“ (svar við spurningu Svavars Gestssonar menntamálaráðherra um hvort skáldinu þætti stytta lík honum.)

AFMÆLI



JÓNATAN GÁRDARSSON fjölmiðlamaður er fimmtíu og sjö ára.



ARNÞJÓRG HLÍF VALSDÓTTIR leikkona er þrjátíu og sex ára.

SVALA BJÖRG-VINSDÓTTIR söngkona er þrjátíu og fimm ára.



JÓHANN HJARTARSON skákmeistari er fjórutíu og níu ára.



NICK NOLTE leikari er sjöttíu og eins árs.



ÁSLAUG DÓRA EYJÓLFSSON menningarmálasérfræðingur er fjórutíu og sjö ára.

Merkisatburðir

- 1925** Læknir í Salem í Massachusetts í Bandaríkjunum lýsir því yfir að þrjár táningsstúlkur séu andsetnar af djöflinum og markaði þannig upphaf galdaofsókna í þorpinu.
- 1924** Nevada verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að taka mann af lífi með gasi.
- 1925** Tveir togarar farast á Halamiðum, Leifur heppni og Robertson, og með þeim 68 menn. Einnig ferst vélbátur með sex mönnum og fimm manns verða úti.
- 1935** Enskur togari strandar við Svalvogahamra á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og 14 manna áhöfn hans ferst.
- 1974** Concorde-þota lendir í Keflavík.
- 1980** Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen tekur við völdum.
- 1980** Kvikmyndin Veiðiferðin er frumsýnd í Reykjavík og á Akureyri. Leikstjóri er Arnór Indriðason.
- 1984** Vetrarólympíuleikarnir hefjast í Sarajevó.
- 1989** Boeing 707 þota ferst á Asóreyjum. 144 farast.
- 2002** Opunarhátíð Vetrarólympíuleikanna er haldin í Salt Lake City.
- 2005** Ísrael og Palestína samþykkja vopnahlé.

PETTA GERÐIST: 8. FEBRÚAR 1971

Nasdaq-kauphöllin opnuð

Nasdaq kauphöllin tók til starfa þennan dag árið 1971. Hún er önnur af tveimur af helstu kauphöllum Bandaríkjanna. (Hin er New York Stock Exchange NYSE). Nasdaq, er skammstöfun fyrir National Association of Securities Dealers Automatic Quotation og þar fara fleiri viðskipti fram en í nokkrum öðrum kauphöllum í Bandaríkjunum en kauphallir eru, sem kunnugt er, vettvangur

þar sem kaupendur og seljendur verðbréfa eiga viðskipti. Lengst af komu kaupendur og seljendur hlutabréfa, ásamt milliliðum, saman á einum stað og áttu viðskipti upp á gamla mátann, augliti til auglitis en nú er yfirleitt skipst á tilboðum með rafrænum hætti. Nasdaq varð fyrsta kauphöllin til að taka upp rafræn viðskipti.



FRAMKVÆMDASTÝRA KVENNAATHVARFSINS „Heimatilbúin þumalfingursregla er að engin ætti að dvelja hér lengur en fjórar vikur,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir.

SIGPRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR: STÝRIR KVENNAATHVARFI Á 30 ÁRA AFMÆLI

Draumurinn er að komast í stærra húsnæði á afmælisári

„Það hafa ekki verið neinir aular sem komu Samtökum um kvennaathvarf á koppinn því stofnfundur var haldinn í byrjun júní 1982 og athvarfið var opnað í byrjun desember. Á þessu hálfu ári eignuðust samtökin hús, komu því í stand og fengu fólk til að standa vaktina. Fyrsta konan flutti inn á opnunardaginn,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, sem er þrjátíu ára á þessu ári. Allar götur síðan hefur það veitt konum og börnum þeirra skjól þegar dvöl á heimilum þeirra hefur verið óbærileg vegna ofbeldis. Á sjöunda þúsund gesta hafa dvalið í athvarfinu til lengri eða skemmri tíma og að auki hefur mikill fjöldi kvenna þegið ráðgjöf og stuðningsviðtöl, tekið þátt í sjálfshjálparhópum og leitað stuðnings og upplýsinga í neyðarsíma athvarfsins.

Spurð hvort hugmyndin um kvennaathvarf hafi mætt andstöðu í samfélaginu svarar Sigprúður: „Ekki beint. Það voru ekki allir jafn vissir um að

konur mundu nota sér þessa þjónustu en ég held að enginn hafi beitt sér gegn henni. Einhverjir karlar mættu á stofnfundinn en eftir því sem ég kemst næst hvíldi málið á kvannahreyfingunni og konum með reynslu og þekkingu úr starfi sem höfðu séð afleiðingar ofbeldis. Greinilega algerum kjarnakonum. Ég er akkúrat á leiðinni á fund með einni þeirra og ef ég er að segja þér einhverja vitlesu skal ég hringja í þig og leiðrétta hana!“

Fjögur svefnherbergi eru í húsinu sem Kvennaathvarfið er í núna, einnig stofa og fundarherbergi sem oft þarf að breyta í svefnherbergi. „Athvarfið er aldrei fullt, samkvæmt skilgreiningu, en er samt stundum fullt. Á talsvert löngu tímabili í haust voru 19-21 mannskja í húsinu. Þá var mjög þröngt.“

Sigprúður leggur áherslu á að um neyðarathvarf sé að ræða. „Konur hafa dvalið hér allt frá einum degi upp í hálf tón. Það sýðarnefnda er undantekningartilfelli. Heimatilbúin þumalfingurs-

regla segir að engin ætti að dvelja hér lengur en fjórar vikur. Þá viljum við að einhver sé búinn að grípa inn í. Spurð hvað taki við þegar athvarfinu sleppir segir Sigprúður sumar konur snúa aftur heim, aðrar fari til foreldra eða vina og eigi þar tímabundið úrræði en flestar hús sem er yndislegt og vissulega dýrmæt eign, það er bara ekki nógu stórt. Við ætlum í fjársöfnun með vorinu, það er eitt þeirra verkefna sem unnið verður að á afmælisárinu. Planíð er sem sagt að halda málefnum athvarfsins á lofti og eignast peninga en ekki síður að efna til funda um ofbeldi í nánum samböndum, eðli þess, birtingarmyndir og afleiðingar.“

gun@frettabladid.is



Faðir okkar, tengdafaðir og afi, **Skúli Einarsson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi að morgni sunnudagsins 5. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 13. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hans er bent á líknardeild LSH Kópavogi.

Ingifriður R. Skúladóttir **Guðmundur Örn Guðbjartsson**
Árni Einar Skúlaason **Ann-Sofie Bertholdsson**
Einar Jón Skúlaason Hansen **Ann Hansen**
Tómas Freyr Skúlaason
 og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi, **Birgir Nurmann Jónsson** síðast til heimilis að Austurbrún 6,

lést á Landakoti 1. febrúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 10. febrúar kl. 13.00.

Ellen Birgisdóttir
Linda Björk Birgisdóttir
Íris Ösp Birgisdóttir
Axel Jón Fjeldsteð Birgisson
 barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Rafnsson
Sólveig Anna Eyjólfsson

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 www.utfarin.is

Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsson Hermann Jónsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. febrúar 2012 | 3. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Svansmerkt
prentverk!



GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Rannsakar rætur kreppunnar

- Jesper Rangvid fer fyrir rannsóknarnefnd um fjármálakreppuna í Danmörku
- Segir mikilvægt að læra af því sem aflaga hefur farið
- Býst ekki við álíka viðbrögðum og við íslensku rannsóknarskýrslunni

Geta brotið upp fyrirtæki

Samkeppniseftirlitið (SE) hefur gefið út umræðuskjal þar sem fram koma drög að leiðbeiningum um beitingu ákvæðis sem gerir því m.a. kleift að skipta upp fyrirtækjum án þess að þau hafi framið samkeppnislagaþrot. Heimildin var lögfest í fyrra. Í skjalinu er því lýst hvernig SE hyggst beita markaðsrannsóknnum sem undanfara beitingu ákvæðisins, en framkvæmd slíkra rannsókna er nýlunda í starfi þess. Markaðsrannsókn er „hagfræðileg greining á samkeppni á tilteknum markaði [...] Hún lýtur eftir atvikum m.a. að verðmyndun vöru og þjónustu, kostnaðaruppbyggingu, uppbyggingu markaðar, stærð hans og þróun, nýsköpun, tækniframförum, lagaumhverfi og öðru regluverki, aðgangshindrunum, kostnaði fyrir viðskiptavini að skipta um fyrirtæki, þátttöku opinberra og hálfopinberra aðila á markaðnum, lóðréttu og lárétta samþættingu fyrirtækja, fjölda fyrirtækja og eignartengslum þeirra, markaðshlutdeild, fjölda birgja, fjárhagslegri afkomu fyrirtækja og framlegð þeirra“.

SE óskar nú eftir sjónarmiðum markaðsaðila sem gætu nýst við ákvörðun um fyrstu markaðsrannsókn. Á liðnum misserum hefur mestur hluti ráðstöfunartíma SE farið í: Matvöru-/dagmarkað, fjármálamarkað, fjarskiptamarkað og flutningsmarkað. Óskað er eftir sjónarmiðum fyrir 15. mars.

- PSJ

Bjórmarkaðurinn fjölbreyttari

Bjórmenning á Íslandi hefur breyst talsvert á síðustu árum ekki síst vegna tilkomu minni brugghúsa. Vöruúrval hefur aukist og framleiðendur leggja nú mikla áherslu á fjölbreytni. Um þessar mundir eru í kringum 50 ólíkar tegundir af íslenskum bjór í boði í Vínbúðunum en voru ekki nema helmingur þess fyrir ekki svo mörgum árum. Fyrsta íslenska smábrugghúsið, Bruggsmiðjan, hóf framleiðslu árið 2006 á Árskógssandi við Eyjafjörð. Síðan hafa fjögur smábrugghús bæst í hópinn þótt eitt hafi síðan hætt starfsemi. Flest leggja litlu brugghúsin áherslu á bragðmikla og sérstaka bjóra auk árstíðabundinna bjóra.

- MPL SÍÐA 4

Skrifstofutæki fyrir öll fyrirtæki

www.optima.is



RICOH

Mikið úrval af ljósritunarvélum, prenturum og skönum. fyrir stór sem smá fyrirtæki. Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu tilboð.



Hafðu samband
S. 588 9000

Fáðu tilboð
í rekstarsamning

OG ÞÚ
SPARAR!

STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Fróðleiksmolinn

DataMarket


Samsetning bensínverðs

Alengt verð á einum lítra af bensíni er í dag í kringum 246 krónur á lítra. Af þessum 246 krónum fær Ríkið í sinn hlut u.þ.b. 119 krónur eða rúmlega 48% sem skiptist í virðisaukaskatt (50 kr.), sérstakt bensíngjald (39,5 kr.), almennt bensíngjald (24,5 kr.) og kolefnisgjald (5 kr.).

Eftir standa þá 127 kr. hjá oliufélaginu. Eðli málsins samkvæmt liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um það hvernig þeirra kostnaður skiptist, en með því að skoða heimsmarkaðsverð á bensíni og gengi dollars má reikna út líklegt innkaupaverð þeirra. Verð á 95 oktana bensíni til afhendingar í New York höfn var um það bil 0,77 dollarar á lítra í byrjun febrúar eða u.þ.b. 94,5 krónur miðað við gengi dollars á sama tíma. Það eru um það bil 38,4% af verðinu sem við greiðum. Rétt er að taka fram að þarna getur munað nokkrum krónum vegna lagerstöðu oliufyrirtækjanna, skammtímasveiflna á markaði og annarra þátta.

Sé miðað við þetta innkaupaverð standa nú eftir 32,5 krónur – eða um 13,2% sem ætla má að fari í flutninga, tryggingar og álagningu oliufélagsins.

Þessa skiptingu og þróun hennar má sjá á myndinni hér að neðan, en gögnunum er viðhaldið mánaðarlega á vef DataMarket á slóðinni <http://data.is/ynTka7>



Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIDVIKUDAGUR 8. FEBRÚAR

- Fasteignamarkaðurinn eftir landshlutum
- Össur hf. ársuppgjör
- Erlend staða Sí
- Vaxtaákvörðun Sí

FIMMTUDAGUR 9. FEBRÚAR

- Talningar úr þjóðskrá
- Markaðsuppl. Lánamála ríkisins
- UTMessan: Ráðstefna fyrir fagfólk UT
- Upplýsingatækniverðlaun Ský

FÖSTUDAGUR 10. FEBRÚAR

- Evrópufundarröð Alþjóðamálastofnunar

MÁNUDAGUR 13. FEBRÚAR

- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir-hagtölur Sí
- Greiðslumiðlun-hagtölur Sí
- Útboð ríkisvixla

ÞRIÐJUDAGUR 14. FEBRÚAR

- Atvinnuleysi í janúar 2010
- Smásöluvísitala RSV
- Birting ársreiknings HS Orku hf.

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á VISIR

Gamla Sjóvá skilar litlu til kröfuhafa

Gert er ráð fyrir að 7% fáist upp í kröfur félags sem áður hét Sjóvá. Kröfuhafar fóru afar óhefðbundna nauðasamningsleið. Vildu ekki skapa skiptakostnað.

NAUÐASAMNINGAR
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Kröfuhafar SJ Eignarhaldsfélag, sem áður hét Sjóvá, hafa samþykkt nauðasamning félagsins. Í honum felst í raun að þeir fá um 7% af um 12 milljarða króna kröfum sínum, eða rúmlega 800 milljónir króna. Kröfuhafarnir, sem eru skilanevnd Glitnis, Landsbankinn, Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) höfðu hins vegar af því áhyggjur að sú háa tekjufærsla sem myndi myndast við gerð nauðasamningsins gæti haft í för með sér skattskuldbindingu sem félagið myndi ekki ráða við að greiða. Því gæti nauðasamningurinn í raun kallað gjaldprot yfir gamla Sjóvá með tilheyrandi skiptakostnaði. Á því höfðu kröfuhafarnir fjórir ekki áhuga.

Því var ákveðið að fara þá leið í nauðasamningsferlinu að afskrifa öll hlutabréf og víkjandi lán en gefa síðan út ný hlutabréf sem nema 0,1% af samningskröfum til kröfuhafanna. Kröfuhafarnir veittu síðan ný lán fyrir þeim 99,9% krafna sem eftir standa. Lánin bera enga vexti og gjaldtugi þeirra er 31. mars 2015. Þó má framlengja hann um allt að fjögur ár. Með þessari leið verður tekjufærslan sem skapast, afskrift víkjandi lána og andvirði 0,1% af kröfum, nægilega lág til að hægt sé að nota uppsafnað nýtt skattatap á móti henni. Síðan munu kröfuhafarnir tæma félagið hægt og rólega eftir því sem eignir þess breytast í verðmæti.

Samhliða gerð nauðasamningsins var allt hlutafé, sem skilanevnd Glitnis hélt á, afskrifað. Sama gilti um víkjandi lán upp á tæplega þrjú milljarða króna. Eitt hinna víkjandi lána var frá Ingunni Wernersdóttur. Lánið, sem stóð í tæpum milljarði króna, var hluti af greiðslu bræðra hennar, Karls og Steingríms Wernerssona, þegar þeir keyptu hana út úr Milestone. Hin víkjandi lánin voru veitt af fagfjárfestum, að mestu lífeyrissjóðum. Það nam um tveimur milljörðum króna. Stærsti einstaki lánveitandinn í þeim hópi var Almenni lífeyrissjóðurinn.



SJÓVÁ Tryggingarekstur Sjóvár var færður út SJ eignarhaldsfélagi yfir í nýtt félag, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., í lok september 2009. Íslenska ríkið lagði nýja félaginu til 11,6 milljarða króna og Glitni og Íslandsbanki lögðu því til fimm milljarða. Í fyrra keypti síðan SFÍ silfh. meirihluta í nýja Sjóvá. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SJÓVÁ LÁNADI MILLJARÐA Í VAFNINGSFLÉTTU

Stærsti hluti tugmilljarða afskrifta gamla Sjóvá var vegna krafna á Milestone, fyrrum eiganda félagsins, og Földung, áður Vafningur, upp á samtals 19,3 milljarða króna sem skiptist nokkuð jafnt milli félaganna. Krafan var tilkomin vegna lána sem gamla Sjóvá, þá tryggingafélag, var látið lána félögum tveimur í gerningi sem kallaður hefur verið „Vafningsfléttan“ í fjölmörgum. Hún snerist um að endurfjármagna lán til eignarhaldsfélaga í eigu Milestone og Einars og Benedikts Sveinssonar sem þeir höfðu tekið hjá bandaríska fjárfestingabankanum Morgan Stanley árið 2007 til að endurfjármagna hlutabréf í Glitni. Lánin voru veitt í febrúar 2008 eftir að Morgan Stanley hafði ákveðið að framkvæma veðkall vegna lánanna. Í fléttunni var Vafningi lánað um 30 milljarða króna. Um þriðjungur þess láns kom frá gamla Sjóvá en afgangurinn frá Glitni. Til viðbótar fór sambærileg upphæð til Milestone til sömu nota, að endurfjármagna hlutabréf í Glitni.

Vátryggingaskuld gamla Sjóvár við viðskiptavini sína, sem oft er kölluð bótasjóður, nam 22,7 milljörðum króna í lok árs 2008. Þar sem Milestone er gjaldprotta og Földungur er eignarlaust félag er ljóst að þau iðgjöld sem greidd voru inn í félagið á móti vátryggingaskuldinni töpuðust að nánast öllu leyti.

Til viðbótar voru skuldir við dótturfélög gamla Sjóvá ekki hluti af nauðasamningnum. Þær voru tæpir 26 milljarðar króna í lok árs 2010. Einu eignir félagsins eru fasteignaverkefni á vegum sömu dótturfélaga. Þau eru meðal annars í Þýskalandi, Frakklandi og Belgíu.

Gamla Sjóvá tapaði 3,9 milljörðum króna árið 2010, rúmlega 33 milljörðum króna á árinu 2009 vegna niðurfærsla og taps á fjárfestingum og 30,2 milljörðum króna á árinu 2008. Tryggingarekstur félagsins var færður til nýs félags, Sjóvá-Almennra trygginga ehf., í lok september 2009.

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



ECONOMY COMFORT

Meiri þægindi, góð vinnuáseta, rafmagnsinnstunga fyrir tölvu.



**Skýrr, HugurAx og
norræn dótturfyrirtæki
sækja fram
undir nýju nafni:**

advania

Í tvö ár höfum við unnið að því að sameina og samþætta starfsemi Skýrr og dótturfélaga hér heima og á Norðurlöndunum. Lokahnykkurinn er nýtt nafn – **Advania** – sem er dregið af enska orðinu „Advantage“ og þýðir forskot.

Advania er eitt af öflugustu fyrirtækjunum í upplýsingatækni á Norðurlöndum, með um 1.100 starfsmenn, 20 starfsstöðvar í fjórum löndum og 110 þúsund viðskiptavinum um allan heim. Verkefni okkar spanna öll svið upplýsingatækni; hugbúnað, vélbúnað, hýsingu og rekstrarþjónustu.

Við munum halda áfram að vaxa og skapa viðskiptavinum okkar forskot á sínum vettvangi með traustri þjónustu og skapandi lausnum.

Við ætlum að standa undir nafni.



advania

Welcome to IT



STOFNANDINN Malcolm Walker stýrir Iceland Foods og á minnihluta í félaginu. Ekki er talið að hann hafi gert tilboð í hlut skilaneftandanna.

Söluferli Iceland Foods:

Óformlegar viðræður um fjármögnun og verð

Formlegar söluviðræður við einn af bjóðendum í 77% hlut þrotabúa Landsbankans og Glitnis í Iceland Foods gætu hafist eftir viku til tíu daga, samkvæmt heimildum Markaðarins. Frestur til að skila inn bindandi tilboðum í hlutinn rann út um síðustu mánaðamót. Reuters-fréttastofan hefur fullrytt að tveir fjárfestingasjóðir, Bain Capital og BC Partners, hafi skilað inn tilboðum.

Heimildir Markaðarins herma að nú standi yfir óformlegar viðræður við báða aðilana. Þær snúast meðal annars um að fara yfir hvort fjármögnun bjóðendanna

sé örugg og hvers konar verðmiði þyrfti að vera undirstaðan í formlegum viðræðum. Enn er ekki útlokað að hætt verði við sölu.

Iceland Foods matvörukeðjan er langstærsta seljanlega eign Landsbankans, sem á 67% hlut í henni. Hún er með um 2,1% markaðshlutdeild í Bretlandi og selur vörur árlega fyrir á fimmta hundrað milljarða króna. Talið er að þrotabú Landsbankans og Glitnis vilji fá rúmlega 220 milljarða króna fyrir hluti sína. Ekkert hefur verið gefið upp opinberlega um hversu mörg né hversu há tilboðin voru. - þsj



NEFNDIN Skýrsla um starfsemi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins var kynnt síðastliðinn föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lífeyrissjóðir stefna Glitni vegna skuldabréfaútbóðs:

Gæti falið í sér milljarða ávinning fyrir sjóðina

Lífeyrissjóðirnir munu fara fram á að dómskvaddir matsmenn verði fengnir til að leggja mat á það hvort gögn sem lögð voru fram í umdeildu skuldabréfaútbóði Glitnis í mars 2008 hafi endurspeglad raunverulega stöðu bankans. Sjóðirnir vilja meina að þeir hafi verið blektir til að kaupa víkjandi skuldabréf í útboðinu fyrir samtals 10,7 milljarða króna og hafa stefnt slitastjórn Glitnis vegna þessa. Undirbúningur að málarekstrinum hefur staðið yfir mánuðum saman.

Ef fallist verður á málalíbúnað lífeyrissjóðanna gæti ávinningur þeirra orðið umtalsverður. Verði skuldabréfin flokkuð sem almenn krafa, líkt og þau eru nú, munu sjóðirnir líkast til ekki að nema um fjórðung greiddan fyrir

þau miðað við væntar endurheimtur í þrotabú Glitnis. Takist að fá skuldabréfin viðurkennd til skuldajöfnunar nýttist hins vegar mun meira af virði þeirra.

Það væri þá hægt að nota bréfin til skuldajöfnunar gegn tapi á gjaldmiðlavarnarsamningum. Tap íslenskra lífeyrissjóða vegna þeirra gæti orðið rúmlega 70 milljarðar króna eftir skuldajöfnun eins og staðan er í dag ef ýrtruðu kröfur þrotabúa föllu bankanna verða samþykktar. Tap sjóðanna vegna samninganna er bókfært á 36,4 milljarða króna í skýrslu úttektarnefndar sem birt var síðastliðinn föstudag. Þar er miðað við uppgjör á gengisvísitölunni 175. Hvorki skilaneftnd Kaupþings né Glitnis hafa fallist á uppgjör á þeim forsendum. - þsj



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Íslenskum bjórtegundum sem seldar eru í Vínbúðunum hefur fjölgað um helming á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikil gróska í bjórframleiðslu á Íslandi

Bjórmenning á Íslandi hefur breyst á síðustu árum ekki síst með tilkomu minni brugghúsa. Vöruúrval hefur aukist og framleiðendur leggja nú áherslu á fjölbreytni.

FRÉTTASKÝRING

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Bjórmenning á Íslandi hefur tekið stakskiptum á síðustu árum. Fjöldi og fjölbreytileiki íslensks bjórs hefur aukist mikið og þá hafa árstíðabundnar bjórtegundir orðið æ vinsælli. Um þessar mundir eru um 50 tegundir af íslenskum bjór í boði í Vínbúðum en voru ekki nema helmingur þess fyrir fáum árum. Þróunina má ekki síst rekja til tilkomu minni brugghúsa sem hafið hafa störf. Ölgerðin og Vífilfell eru þó enn langstærst á markaðnum.

Fyrsta litla brugghúsið á Íslandi var Bruggsmiðjan á Ársskógssandi. Hugmyndin vaknaði hjá hjónunum Agnesi Sigurðardóttur og Ólafi Presti Ólafssyni eftir að hafa séð frétt um lítið brugghús í Danmörku. Fyrirtæki þeirra var stofnað í lok árs 2005 og framleiðsla hófst ári síðar. Gerðu þau upphaflega ráð fyrir framleiðslu upp á 170 þúsund lítra á ári en hafa tvívegis aukið framleiðslugetuna sem er nú 550 þúsund lítrar.

„Við vorum algjörlega að renna blint í sjóinn. Okkar einu markmið voru að skapa störf og nýta fráþæra vatnið okkar,“ segir Agnes og heldur áfram: „Þetta hefur gengið vonum fram og aldrei átti ég von á því að hjón á Ársskógssandi gætu breytt bjórmenningunni á Íslandi.“ Nefnir Agnes sem dæmi að árið 2007, þegar þau hófu að brugga dökkan bjór, var enginn íslenskur dökkur bjór í framleiðslu. Nú séu þeir hins vegar orðnir algengir.

Sjö starfa hjá Bruggsmiðjunni, þar af fimm í fullu starfi, sem selur nú fimm bjórtegundir allan ársins hring undir nafninu Kaldi. Þá hefur fyrirtækið bruggað árstíðabundna bjóra auk nokkurra bjóra fyrir aðra aðila. Til að mynda hefur það nýhafði bruggun á gosbjórnum Volcanic Energy sem er fyrsti íslenski gosbjórinn.

MISJAFNT GENGI

Árið 2007 hófu þrjú aðilar til viðbótar að selja íslenskan bjór í litlu upplagi. Fyrstan ber að nefna Eyþór Þórisson, veitingamaðni á Seyðisfirði, sem hóf að selja bjórinn El Grillo. Í dag eru tvær útgáfur af honum í sölu en Ölgerðin bruggar bjórinn fyrir Eyþór.

Þá voru tvö brugghús stofnsett

BRUGGHÚS Á ÍSLANDI



árið 2007: Ölvisholt í Flóahreppi og Mjöldur í Stykkishólmi. Ölvisholt kom sér upp framleiðslugetu upp á 300 þúsund lítra á ári og hefur framleitt bjórana Freyju, Móra, Lava Stout og Skjálfta auk árstíðabundinna bjóra. Mjöldur í Stykkishólmi framleiddi tvo bjóra: Jökul og Skriðjökul en hætti starfsemi á síðasta ári. Nýjasta brugghúsið er svo Gæðingur Öl í Útvík í Skagafirði sem hóf starfsemi í fyrra. Gæðingur framleiðir fjóra bjóra undir eigin nafni og hefur einnig framleitt árstíðabundna bjóra.

„Við ætlum að framleiða 45 þúsund lítra fyrsta starfsárið en eigum að geta framleitt 100 þúsund lítra,“ segir Jóhann Axel Guðmundsson, bruggari hjá Gæðingi. Þá segir Jóhann viðtökurnar hafa verið framfar vonum.

Þrátt fyrir góðar viðtökur virðist rekstur litlu brugghúsanna hafa verið erfiður. Eins og áður sagði hætti Mjöldur starfsemi í fyrra og þá varð fyrirtækið utan um framleiðsluna í Ölvisholti gjaldþrota árið 2010. Í kjölfarið var reksturinn keyptur af félagi í eigu starfsmanna, innflutningsfyrirtækisins Karls K. Karlssonar og Eignarhaldsfélags Suðurlands. Nýja félagið hefur enn ekki skilað ársreikningi en ætla má að skuldir reynist rekstrinum ekki jafn þungar og þær gerðu eftir bankahrunið.

Bruggsmiðjan skilaði einnig tapi fyrstu rekstrarár sín, sýnu mest árið 2008. Árið 2010 skilaði fyrirtækið hins vegar 6,5 milljóna hagnaði og virðist því hafa komið undir sig fótunum rekstrarlega.

VÍFILFELL OG ÖLGERÐIN STÆRST

Eins og áður sagði eru það þó Vífilfell og Ölgerðin sem ráða

lögum og lofum á bjórmarkaðnum. Vífilfell framleiðir rúmlega 9 milljónir lítra á ári og Ölgerðin 7 milljónir lítra. Samanlögð markaðshlutdeild þeirra er því sennilega í kringum 90 prósent. Bæði fyrirtækin hafa aukið vöruúrval sitt á síðustu misserum og opnaði Ölgerðin eigið smábrugghús árið 2010, Borg.

„Markmiðið með þessu var að búa til bjór sem er öðruvísi og kannski að mörgu leyti sérstakari en þessir klassísku bjórar okkar. Við viljum þjónusta þennan hóp sem er að leita að fjölbreyttari tegundum af bjór,“ segir Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar. Þá segir hann viðbrögðin við Borg hafa verið gríðarlega góð og hafi þeir vart undan að anna eftirspurn. Átta ólíkar bjórtegundir hafa verið framleiddar hjá Borg en fimm þeirra eru í sölu hjá Vínbúðunum núna.

Vífilfell er stærsti bjórframleiðandi landsins með um helmingmarkaðshlutdeild. Þekktustu vörur Vífilfells eru Víking og Carlsberg en síðustu misseri hefur Vífilfell kynnt til sögunnar svokallaða úrvalslínu sem inniheldur meðal annars árstíðabundna bjóra.

„Við byrjuðum með sérþjóra stuttu áður en litlu brugghúsin fóru að spretta upp. Við fluttum þá inn bjóra frá Jacobsen, í eigu Carlsberg. Þá hins vegar virtist markaðurinn ekki tilbúinn fyrir þessa bragðmeiri og sérstakari bjóra. Á þeim árum sem eru liðin hefur menningin hins vegar þróast hratt sem hefur kannski ekki síst endurspeglast í vinsældum tíðarbjóranna,“ segir Hreiðar Þór Jónsson, markaðs- og sölustjóri áfengis hjá Vífilfelli.

Safnasafnið á Svalbarðsströnd, Sjóráningjahúsið á Vatneyri við Patreksfjörð og tónlistarháttíðin Við Djúpið á Ísafirði eru tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2012. Eyrarrósin er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Hún verður veitt í áttunda sinn á laugardag.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Hugsaðu vel um fæturna
Í meira en hálföld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubóta. Hvað um þig?
Teg: Arisona. Verð: 12.885,-

Misty skor
Laugavegi 178

BIRKENSTOCK Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Ráðstefnan Hestamennska fyrir fólk með fötlun fer fram í hestamannafélaginu Herði á laugardag.



Eflir sjálfstraust og styrk

Þegar Gunnar Logi fer á hestbak liggur við að maður sjái ekki að hann sé fatlaður. Þetta eykur honum mikið sjálfstraust og sjálfstæði enda getur hann sjálfur stjórnað hvert hann er að fara,“ segir Auður Sigurðardóttir formaður fræðslunefndar fatlaðra hjá Hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ. Félagið stendur, ásamt Íþróttasambandi fatlaðra, fyrir ráðstefnu um hestamennsku fyrir fólk með fötlun í félagsheimili Harðar, laugardaginn 11.febrúar frá klukkan 10 til 16.

FRAMHALD | 2

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Boston leður svart, hvítt st. 35-48 rautt st. 36-42 blátt st. 36-47

Roma Rúskinn lj. blátt d. blátt 36-42

Paris leður svart, hvítt, blátt m/microfib og rúskinnssóla st. 36-42

Verona svart, hvítt st. 36-41

Bari leður rautt, sand, blátt st. 36-42

praxis
... Þegar þú vilt þægindi

Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lau. 11–14

QUESADILLAS

Kjúklinga quesadillas:
Tortilla, kjúklingur, sterk/mild sósa, fersk salsa, kornsalsa, fajitas og ostur.
Aðeins 513 kcal.

1.190

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Rafstilling ehf

Startarar
Alternatorar

Viðgerðarþjónusta
Varahlutir

Flottar og ódýrar
bilaperur

Heimilis LED perur
white og warm white

Dugguvogl 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Hófý, fararstjóri Bændaferða verður á skrifstofunni 6. - 10. febrúar

Hólfriður Bjarnadóttir, eða Hófý eins og við flest þekkjum hana, fararstjóri Bændaferða, verður á skrifstofu Bændaferða **mánudaginn 6. febrúar til föstudagsins 10. febrúar frá kl. 10:00 - 16:00.** Það er því alveg upplagt að kíkja í Síðumúlann í kaffi, hitta Hófý og fá upplýsingar um ferðirnar.

Bændaferðir • Síðumúla 2

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðapjónusta bænda

Leiðarvísir að ódýrara frí

Vertu þín eigin ferðaskrifstofa er heiti rafráttar sem var gefin út á dögunum. Þar leiðbeinir höfundurinn Margrét Gunnarsdóttir lesendum sem vilja skipuleggja ferðalög sín á netinu á sem ódýrasta máta.

„Þetta er fyrst og fremst handbók og verkfæri sem er til þess ætlað að hjálpa fólki að skipuleggja ferðalögin sín á netinu á sem hagkvæmasta hátt. Margir vita ekki hvernig á að snúa sér þegar kemur að þannig skipulagningu ferðalaga og bókin er tilraun til að bæta úr því.“

Þetta segir Margrét Gunnarsdóttir, höfundur bókarinnar Vertu þín eigin ferðaskrifstofa: Einföld ráð til að lækka ferðakostnaðinn, sem er nýkomin út á raf-rænu formi. Eftir því sem Margrét kemst næst er bókin sú fyrsta sinnar tegundar sem kemur út opinberlega hérlandis.

„Bókin inniheldur fróðleik og hagnýtar ábendingar og tengla á erlendar vefsíður á ensku þar sem ég sýni meðal annars fram á hvernig hægt er að lækka kostnað á flugi og gistingu, sem eru að mínu mati þeir liðir sem fólk eyðir oft óþarflega miklu í og finna bílaleigubíla og lestarfargjöld á hagstæðu verði. Þannig hentar hún túristum sem vilja skipuleggja ferðalög upp á eigin spýtur,“ upplýsir hún og segist að mestu leyti miða þau við Evrópu þótt bókin teygji anga sína víðar. „Sjálf hef ég ferðast mest um hana og finnst best að skrifa um það sem ég þekki.“

Ísland sé þó ekki til umfjöllunar. „Nema með þeirri undantekningu að ég tek saman ítarlegar leiðir til að komast frá landinu.“

Innt út í tilurð bókarinnar segist Margrét hafa gengið með hugmyndina í maganum um nokkurt skeið en hún hefur árlanga reynslu af fararstjórn ásamt því að halda



„Bókin inniheldur fróðleik og hagnýtar ábendingar og tengla á erlendar vefsíður á ensku þar sem ég sýni meðal annars fram á hvernig hægt er að lækka kostnað við flug og gistingu,“ segir Margrét Gunnarsdóttir, höfundur Vertu þín eigin ferðaskrifstofa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

úti vefsíðunni ferdalangur.net og samnefndu fréttabréfi. „Hún er búin að blunda í mér síðan ég setti upp vefinn 2005. Þar hef ég safnað alls konar ferðaupplýsingum með sparnað að leiðarljósi sem byggjast á minni reynslu og birt ókeypis bæklinga sem ég hef tekið saman. Nú ákvað ég bara að taka hugmyndina skrefinu lengra og gefa út bók.“

Margrét tekur fram að bókin sé þó ekki alls hugsuð sem formúla

að fullkomnu ferðalagi. „Lesendur verða sjálfir að ákveða hvers konar ferðalag þeir ætla að taka sér fyrir hendur og hvað þeir eru tilbúnir að verja miklum tíma í undirbúning á netinu til að halda kostnaði niðri. Bókin er því hugsuð sem hjálpar-tæki,“ bendir hún á og bætir við að hana megi nálgast á vefsíðunum www.ferdalangur.net og www.emma.is.

roald@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Þegar Auður byrjaði í hestamennsku í Herði árið 2010 langaði hana að fá fjölskyldu sína með sér í sportið. Sonur hennar, Gunnar Logi Tómasson 15 ára, er í hjólastól og því biðlaði hún til formanns hestamannafélagsins um hvort ekki væri hægt að koma á félagsstarfi fyrir fatlaða. „Hann hafði mikinn áhuga fyrir slíku starfi og stofnaði nefndina þá og þegar,“ segir Auður glaðlega og var þar með komin á fullt í félagsstarf Harðar. „Við fengum gott fólk með okkur og sömdum við konurnar í Hestamennt um að útvega hesta og sjá um kennslu á námskeiðum,“ segir Auður en markmiðið var að hafa gaman og leyfa fötludum að stunda hesta-



Auður með syni sínum Gunnari Loga sem tekur sig vel út á hestbaki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mennsku. „Þessir krakkar eru allir með skerta getu af einhverjum toga. Það að geta stjórnað

hátt í 400 kílóa skepnu er ótrúlega eflandi. Þetta eflir sjálfstraust, styrk, sjálfstæði, samhæfni og er auðvitað líka þjálfun fyrir líkamann,“ segir Auður. Hún segist sjá mikinn mun bæði á syni sínum og öðrum fötludum börnum sem sótt hafa námskeiðin. „Mörg koma aftur og aftur og ljóma hreinlega af hamingju,“ segir hún glaðlega.

Meðal efnis á ráðstefnunni á laugardaginn er kynning á sjúkrahjálfun á hestbaki, kynning á starfi fyrir fatlaða innan Harðar og haldið erindi um hlutverk hestsins og félagslega þætti. Einnig verður kynnt nýtt keppnisfyrirkomulag fyrir fólk með fötlun.

solveig@frettabladid.is

SOHO MARKET

Útsöluinni lýkur Verðsprengja

Aðeins 5 verð

- 1.000,-
- 2.000,-
- 3.000,-
- 4.000,-
- 5.000,-

Fermingarkjólur á kr. 2.000,-
Kápur 4.000,-
Leðurjakkur 5.000,-
Buxur 2.000,-
og margt fleira

SOHO MARKET Grensásvegur 8, sími 553 7300 Opið mán-fös 12-18 og laugd 12-17 SOHO/MARKET Á FACEBOOK

YOGA

LÓTUS YOGASETUR

Byrjendanámskeið hefst 13. feb
Krakkayoga hefst 11. feb
Fjölbreyttir framhaldstímar
Hugleiðsla alla miðvikudaga frítt
Ásta Arnardóttir asta@this.is
s: 8626098 www.this.is/asta

PIERS MORGAN tonight

Alla daga kl. 19.00 og 01.00

CNN er fáanleg í FJÓLVARP ALLT FJÓLVARP FRÆÐSLA FJÓLVARP TOPPUR

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

9.-12. FEBRÚAR 2012

Vetrarhátíð

í Reykjavík



Reykjavíkurborg



BANKI

orkusalan



www.vestrarhatid.is

Rafmögnuð náttúra

Rafmögnuð náttúra er yfirskrift opunaratriðis Vetrarhátíðar í Reykjavík í ár. Höfundurinn að atriðinu er arkitektinn Marcos Zotes en tillaga hans vann samkeppni Höfuðborgarstofu og Orkusölnunar.

Marcos Zotes býr og starfar í New York en hefur sterk tengsl til Íslands. Hann kom hingað fyrst fyrir tíu árum, á íslenska konu og saman eiga þau einn dreng. Fjölskyldan bjó á Íslandi í nokkur ár áður en hún flutti til New York. Þau koma reglulega í heimsókn en Marcos kennir einnig kúrsa við Listaháskóla Íslands.

„Ísland heillar mig á svo margan hátt, ekki bara fyrir einstaka náttúru heldur líka fyrir lýðræðislegt samfélag og kúltúr,“ segir Marcos. Beðinn um að lýsa því sem gestir Vetrarhátíðarinnar eiga von á á fimmtudaginn segist hann ætla að fá fólk til að horfa á hversdagslegt umhverfi sitt með öðrum augum.

„Rafmögnuð náttúra er staðbundin innsetning sem tekur yfir yfirborð Hallgrímskirkju. Markmiðið er að umbreyta yfirbragði þessa þekkta kennileitis í kraftmikla sjónræna upplifun,“ útskýrir Marcos og heldur áfram.

„Við höfum kortlagt allt yfirborð kirkjunnar á myndband og unnið 15 mínútna langt myndbandsverk sem verður endurvarpað á veggina til að falla nákvæmlega aftur að arkitektúrnum. Í arkitektúr kirkjunnar eru einnig skírskotanir til náttúrunnar og því fannst mér tilvalið að vinna með tilbúna náttúru og láta höfuðskepnurnar fjórar, vatn, eld, jörð og loft, lifna við gegnum ljós og hreyfingu. Hluti myndbandsins inniheldur einnig upptökur frá geimskipi NASA, SDO af sólargangi dagana rétt fyrir hátíðina. Þá verður einnig upptökum frá New York varpað á vegg kirkjunnar í þeim tilgangi að ögra rúmskyngun áhorfandans,“ segir Marcos.



Marcos Zotes arkitekt hannaði opunaratriði Vetrarhátíðar í ár og heitir það Rafmögnuð náttúra.


Eftir opunina munu gestir geta leikið sér með myndvarpið á kirkjunna út Vetrarhátíðina, milli klukkan 8 og 12 á kvöldin. „Við munum í raun breyta Hallgrímskirkju í verkfæri fyrir fólk og gerum áhorfandann að hluta verksins.“

Marcos segist hafa stokkið á tækifærið þegar hann sá samkeppnina auglýsta, til að hrinda í framkvæmd rannsóknnum sínum á sjálfræði og félagslegri víxlverkun í borgarsamfélagi. Hann hóaði því saman hópi listamanna, arki-

tekta og tónlistarmanna, bæði í Reykjavík og í New York, til að vinna með sér og segir sérþekkingu hvers og eins hafa skilað sér beint inn í verkið.

„Ég nefni sérstaklega Chris Jordan, listamann í New York. Hann mun verða með mér á opuninni í Reykjavík enda skipti hans framlag sköpum í verkinu,“ segir Marcos. „Ég er einfaldlega heillaður af því að leita nýrra leiða til að hafa áhrif á gerð borga. Ég held að borgin sé til staðar fyrir

fólkið og að við getum endurbætt almenningssvæði og borgarformið á þann veg að nýtingin verði meiri og önnur en upphaflega var ætlast til. Ætlun mín með verkinu Rafmögnuð náttúra er að gera einmitt það. Með því að kollvarpa hinni kyrrstæðu og tímalausu ímynd Hallgrímskirkju breytist hún um stundar sakir í gagnvirka upplifun sem fólk getur tekið þátt í. Takmarkið er að fólk horfi á sitt daglega umhverfi með allt öðrum augum.“



● VITI VIÐ TJÖRNINA

Ragnheiður Harpa Leifsdóttir verður með ljósainnsetningu í kirkjuturni Fríkirkjunnar fimmtudaginn 9. febrúar frá kl. 20.30 til 24. Verkið ber heitið Pharos og vísar til fyrsta vitans sem byggður var á tímum Rómaveldis.

Ragnheiður Harpa hefur heillast af turnum enda finnst henni þeir ævintýrlegir og dularfullir. „Frá hafinu veita vitar skipum von í óveðri, en um leið standa þeir einsamli og einangraðir. Í sögubókum bíður prinsessan eftir prinsinum til að bjarga þeim.“ Innsetning mun lýsa í þrjá sólarhringa. Ljósameistari verksins er Jóhann Bjarni Pálmason.



● LJÓÐASLAMM Í BORGARBÓKASAFNINU

Ljóðaslammíð svokallaða verður haldið nú í fjórða sinn. Þar flytur fólk á aldrinum 14 til 20 ára ljóð með einhvers konar leikrænu ívafi og er framsetningin oftast en ekki jafnmikið mál og ljóðið sjálf.

Ljóðaslammíð fer fram á sviði á fyrstu hæð Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu. Þónokkur hópur hefur þegar skráð sig og eiga gestir Vetrarhátíðar von á skemmtilegri upplifun. Þátttakendur nálgast slammíð á mismunandi hátt, allt frá því að lesa upp ljóðin í hljóðnema, rappa, setja upp leikþætti eða mæta með heila hljómsveit.



Ávarp borgarstjóra

Kæru Reykvíkingar

Það er mikilvægt að halda hátíð sem lýsir upp svartasta skammdagið, fær fólk til að hlæja og njóta þess sem er skemmtilegt í okkar fallegu borg. Vetrarhátíð í Reykjavík er einmitt svoleiðis hátíð. Hún er sannkölluð fjölskylduskemmtun sem bregður birtu á febrúarmyrkrið og litar það skærum litum. Þemað í ár er Magnað myrkur og speglast það með ólíkum hætti í vel á þriðja hundrað uppákomum um alla borg. Ég vek sérstaka athygli á Sundlauganótt sem er frábær nýjung á dagskrá hátíðarinnar. Þá fá borgarbúar frítt í sund og gestum verður boðið að upplifa magnaða listviðburði í sundlaug.



Hátíðin hefst á glæsilegu opunarverki fimmtudagskvöldið 9. febrúar en þá verður Hallgrímskirkja lýst upp og henni breytt í stórbrotið listaverk ljóss, lita og hreyfingar. Að venju verður Safnanótt einn af hornsteinum hátíðarinnar og Heimsdagur barna verður á sínum stað í Gerðubergi með listviðburðum og skemmtidagskrá fyrir börn og unglinga.

Það sem mér finnst skipta mestu máli á Vetrarhátíð er að hún færir borgarbúa saman og gefur fullorðnum og börnum tækifæri til að njóta lista og menningar af öllu tagi. Í fyrra sóttu yfir fimmtánþúsund manns hátíðina og allir sem ég hitti voru með bros á vör. Það finnst mér frábært.

Á Vetrarhátíð geta allir skemmt sér konunglega. Líka þeir sem hafa engan sérstakan áhuga á fræðslu, listum eða menningu. Þeir geta einfaldlega notið mannlífsins. Það er nefnilega mjög gaman að sjá aðra glaða.

Góða skemmtun á Vetrarhátíð!

Jón Gnarr

borgarstjóri í Reykjavík



„Nauðsynlegt er að varðveita myrkrið sem hefur verið á undanhaldi með tilkomu rafmagnslýsingar og gæta þess að útrýma því ekki,“ segir Arnhjör Gunnarsson, hjá Miðstöð munnlegrar sögu sem um helgina safnar reynslusögum fólks af myrkrinu í Reykjavík.

MYND/ANTON

Margt býr í myrkinu

Starfsmenn Miðstöðvar munnlegrar sögu verða í Höfða um helgina að safna reynslusögum fólks af myrkrinu í borginni. Viðburðurinn er hluti af dagskrá Vetrarhátíðar.

starfsfólki sínu staddur í Höfða um helgina að safna reynslusögum fólks af myrkrinu í Reykjavíkurborg.

Að hans sögn verða frásagnirnar hljóðritaðar og varðveittar í safni Miðstöðvarinnar, í húsakynnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem þær verða öllum aðgengilegar. „Allir sem miðla af reynslu sinni fá jafnframt afrit af upptöku á geisladiski. Fólk þarf ekki að gera boð á undan sér heldur mætir bara á staðinn. Það getur síðan sótt aðra viðburði í leiðinni því þarna verður opið hús báða daga frá klukkan 13 til 17.“

Viðburðurinn segir Arnhjör hugsáðan sem viðbót við verkefnið Reykjavíkursögu sem Miðstöð munnlegrar sögu vann í samstarfi við Reykjavíkurborg á árunum 2007 til 2009. „Markmið þess var að draga fram reynslu

fólks af því að hafa búið í Reykjavík,“ útskýrir hann og getur þess að alls hafi hundrað frásagnir safnast á vetrarhátíðum og menningarnóttum. Brot af þeim megi nálgast á heimasíðu Miðstöðvarinnar á slóðinni www.munnleg-saga.is, með því að smella á flípa sem er merktur vefsýningar og því næst á borgarbörn.

Spurður hvers vegna Höfði hafi orðið fyrir valinu, segir Arnhjör varla hægt að hugsa sér jafn sæmamið staðsetningu. „Höfuðborgarstofa bauð okkur Höfða til afnota og okkur þótti það einstaklega viðeigandi, meðan annars í ljósi reimleikanna sem sumir tengja við húsið, hvítu konuna og aðrar verur sem hafa sést þar á sveimi. Eða er það ekki annars ástæðan fyrir því að þú ert að spyrja,“ svarar hann gleitt og hvetur unga sem aldna að kíkja í heimsókn um helgina.



Gunnar Örn Hannesson með myndina merkilegu og skjöl sem tengjast líkfundarmálinu á Seyðisfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dularfullt líkfundarmál

Í lestrarsal Þjóðskjalasafnsins fjallar sagnfræðingurinn Gunnar Örn Hannesson um dularfullt líkfundarmál á Austfjörðum, sem leiddi til alþjóðlegrar lögreglunnansóknar seint á 19. öld.

„Forsaga málsins hefst í maí 1894 þegar hárreysti og slark frá enskum gufutogara bergmálar inn Seyðisfjörð. Síðar í sama mánuði berst íslenskum yfirvöldum fyrirspurn að utan þar sem grennslast er fyrir um mannslík í firðinum, en þá hafði skipstjóri togarans tilkynnt yfirvöldum að hann hefði misst yfirvélstjóra sinn fyrir borð 10 mílum frá Seyðisfirði,“ útskýrir Gunnar Örn sem enn er að leysa ráðgátuna um vélstjóran frá Aberdeen.

Áhöfn togarans var strax yfirheyrð vegna hvarfs vélstjórans, en var missaga og fljótt beindust grunsemdir að ribbalda um borð.

„Þegar komið var fram í október voru tveir sjómenn á skaki út

af Seyðisfirði og toga þá upp illa farið lík af karlmanni íklæddum fatnaði merktum Aberdeen. Settu þeir líkið á land í Brimnesi þangað sem sýslumaður kom ásamt áhugaljósmyndara sem tók mynd af líkinu og mun vera elsta ljósmyndin sem tekin er í glæparannsóknunum á Íslandi,“ upplýsir Gunnar Örn, en myndina sýnir hann gestum í lestrarsalnum í kvöld.

„Myndin er alls ekki fyrir viðkvæma, enda kom í ljós við líkskoðun að maðurinn var með stunguáverka og hafði verið sökkt með keðjum, en hold var allt horfið af höfði hans og höndum.“

Í erindi sínu um vélstjóran frá Aberdeen mun Gunnar Örn einnig sýna merkileg skjöl sem til eru um málið, frásagnir af slagsmálum og fleira sem tengist líkfundinum.

Dagskráin hefst í Þjóðskjalasafni Íslands á Laugavegi 162 klukkan 20.

Ástsæl lög í djassútfærslum

„Þemað er þannig að Egill kemur til með að flytja lögina með hefðbundnum hætti við undirleik tríóssins og fær gesti í sal til að taka undir. Svo spilar tríóið djassútfærslur af hverju lagi jafnóðum og Egill bregður líka á leik ef sá gállinn er á honum.“

Þannig lýsir Reynir Sigurðsson fyrirhuguðum tónleikum Tríós




Trió Reynis Sigurðssonar skipa, frá vinstri: Reynir Sigurðsson á víbrafón, Jón Páll Bjarnason á gítar og Gunnar Hrafnsson á bassa.

Reynis Sigurðssonar (TRES) og Egils Ólafssonar, Sungið og svingað í Iðón á morgun, fimmtudaginn 9. febrúar klukkan 21. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Vetrarhátíðar sem hefst með pompi og prakt sama dag.

Íslensk tónlist verður í fyrirrúmi á tónleikum þar sem flutt verða valinkunn lög eftir þjóðþekkt skáld.

„Þarna munu heyrast lög sem hafa fylgt þjóðinni um árabíl, svo sem Ég veit þú kemur, Fröken Reykjavík og Litla flugan,“ segir Reynir og útskýrir að lagaval ráðist af disk sem tríóið gaf út með lögum Sigfúsar Halldórssonar fyrir nokkrum árum og tónleikum sem það hélt í Vestmannaeyjum í nóvember í fyrra til að fagna 100 ára fæðingarársmæli Oddgeirs Kristjánssonar. „Svo bættum við við nokkrum perlum úr smíðju Jóns Múla Árnasonar,“ bendir hann á og bætir við að gestir muni því ekki eiga í neinum erfiðleikum með að kyrja með.



• NORÐURLJÓSALEIT UM BORD Í GLÆSIBÁT

Langar þig að stinga af úr ljósadýrð borgarinnar og leita að norðurljósum í ævintýrlegri sjóferð? Þá gefst gullið tækifæri þegar farið verður með Rósinni, nýjasta glæsibát Sérferða, frá Reykjavíkurbörn klukkan 21. Ferðin tekur um þrjár klukkustundir og um borð er allt til alls: frír kuldagallar, heitir drykkir og veitingasala með léttum veitingum.

Ekki láta þetta frábæra ævintýri framhjá þér fara! Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Mæting er í solumóttöku Sérferða (Special Tours) á Ægisgarði 7 við Gömlu höfnina.



Karl Þórisson og Björgólfur Þorsteinsson kennari með nemendum rafiðnaðardeildar Iðnskólans í Hafnarfirði.

MYND/VILHELM

Tendra sextán ljós á ný

Gestgjörningur verður framinn í Pakkhúsi byggðasafns Hafnarfjarðar föstudaginn 10. febrúar frá klukkan 19 til 24.

Árið 1904 tók fyrsta almenningrafveita Íslands til starfa í Hafnarfirði. Þá voru í fyrsta sinn á Íslandi tendruð ljós í sextán íbúðarhúsum í bænum,“ segir Karl Rúnar Þórisson hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar sem heldur utan um viðburðinn Magnað myrkur, sextán ljósa kraftur á Safnanótt. „Þegar við förum að velta fyrir okkur hvað við ættum að taka okkur fyrir hendur á þessum degi datt okkur í hug að

nýta þennan merka viðburð í sögu Hafnarfjarðar,“ útskýrir hann. Það þótti enda viðeigandi í tilefni þema Vetrahátíðar í ár sem er Magnað myrkur. „Þá fengum við þá hugmynd að hafa samband við Iðnskólann í Hafnarfirði til að fá til liðs við okkur nemendur í rafiðnaðardeild. Þetta þótti okkur tilvalið þar sem markhópur safnanætur er einmitt fólk á aldrinum 14 til 25 ára,“ segir Karl sem hafði samband við Björgólf Þorsteinsson, kennara við skólann, sem tók mjög vel í hugmyndina.

Verkefnið fékk styrk úr safnanæturpotti og hefur heill bekkur í Iðnskólanum unnið hörðum höndum að stórskemmtilegum gjörningi. „Í förum Iðnskólans fannst


gamall rafall og á hann að skírskota til hins upprunalega rafals sem framleiddi rafmagn fyrir fyrstu almenningsrafveituna árið 1904,“ segir Karl en upprunalegi rafallinn er hins vegar of stór og þungur til að nota. Nemendur Iðnskólans hafa þróað nútíma stýribúnað sem tengdur verður við gamla rafalinn. „Á safnanótt geta síðan gestir sem leggja leið sína í Pakkhúsið til að knýja rafalinn og upplifað afl, já eða aflleysi, þessarar gömlu nýsköpunarhugmyndar frá upphafi síðustu aldar,“ segir Karl og bætir við að þarna komi berlega í ljós aflleysi þeirrar nýsköpunar í samburði við ógnarkraft orku samtímans.

● **LJÓSMYNDADAGAR** Ljósmyndasafn Reykjavíkur stendur fyrir metnaðarfullri dagskrá frá klukkan 19 á föstudag fram til klukkan 16 á sunnudag. Meðal annars verður vinningshafi Ljósmyndasamkeppni Ljósmyndadaga heiðraður, Ljósmyndagrein-ing verður í Þjóðminjasafni Íslands og Christophe Lalo, listrænn stjórnandi, mun sýna ljósmyndir frá Ljósmyndahátíðinni Voies Off í Arles í Frakklandi á KEX Hosteli.

Farnar verða nokkrar ljósmyndagöngur á sunnudag: frá Stjörnugróf, um Árbæjarhverfið, Laugarneshverfið, Grafarvog og Breiðholtið.

Nokkrar ljósmyndasýningar standa yfir á Ljósmyndadögum: á Lækjartorgi, í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbíói og Sundhöll Reykjavíkur.

Allar nánari upplýsingar um dagskrá Ljósmyndadaga er að finna á www.ljosmyndasafnreykjavikur.is



● **LJÓÐUM VARPAÐ Á VALDA GLUGGA** Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO mun glæða vetrarmyrkrið lífi í tilefni Vetrahátíðar með því að varpa ljóðum og skáldskap í bland við myndir af skáldum á vel valda glugga í miðbænum. Staðirnir eru Mokka kaffi á Skólavörðustíg, Laugavegur 11, Trúnó/Barbara á Laugavegi 22, Hressingarskálinn í Austurstræti og biðstöð strætó á Hlemmi.



Sigfús Daðason skáld á Mokka.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Textarnir eiga það sameiginlegt að takast á við myrkrið og kallast þannig á við þema hátíðarinnar í ár, „Magnað myrkur“. Þeir eru allir eftir þekkt borgarskáld svo sem Stein Steinarr, Dag Sigurðarson,

Ástu Sigurðardóttur og Lindu Vilhjálmssdóttur svo einhver séu nefnd. Skáldagluggar eru samstarfsverkefni Bókmenntaborgarinnar og Gunnars Gunnarssonar. Þeir munu lifa alla Vetrahátíðina frá fimmtudagskvöldinu 9. febrúar til mánudagsmorguns þann þrettánda.



Góða skemmtun!

MP banki er meginbakhjarl Vetrahátíðar í Reykjavík



● RÓMANTÍK Í BÍÓ PARADÍS

Kvikmyndirnar Superclásico og Partir verða sýndar í Bíó Paradís að Hverfisgötu 54 í til-efni Vetrarhátíðar.

Superclásico er rómantísk kómedía í leikstjórn Danans Ole Christian Madsen. Hún sló rækilega í gegn í Danmörku í fyrra og var valin framlag Danmerkur til Óskarsverð- launanna. Myndin verður sýnd fimmtudag- inn 9. febrúar klukkan 22. Franska myndin Partir hefur fengið frábæra dóma. Um er að ræða rómantískt drama með Kristin Scott-Thomas í aðalhlutverki. Myndin verður sýnd sunnudaginn 11. febrúar kl. 22.



● LEGÓSÝNING Í RÁÐHÚSINU

Leikjaheimar Lego heitir sýning húsmíðameistarans Guttorms Þorfinnssonar sem verður opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur á föstudag. Þar verður hægt að skoða legó sem hann hefur sank- að að sér síðustu ár og áratugi. „Ég var sjálfur legókarl sem patti en fór ekki að safna þessu fyrr en börnin komu til. Ég fór úr frímerkjunum í legóið og sem betur fer fór þetta úr böndunum enda gaman að þessu,” segir Guttormur.

Hann segist ávallt hafa passað upp á alla legóbæklinga og þannig getur hann sett hlutina saman eins og vera ber en á sýningunni verða meðal annars járnbrautalestir, kastalar, bóndabæir, sjúkrahús, slökkvistöðvar og alls kyns tæknileg. Guttormur hefur fengið tvo unga frændur sína til að aðstoða sig við að koma sýningunni upp en auk þess verður laust legó á staðnum sem gestir geta spreytt sig á að setja saman.

Sýningin er opin frá 10 til 17 á föstudag og 13 til 17 laugardag og sunnudag.



● SVALIR DANSTAKTAR AREA OF STYLEZ

Danshópurinn Area of Stylez sýnir flotta danstakta í Ráðhúsi Reykjavíkur á Vetrarhátíð. Area of Stylez samanstendur af níu hæfileikarík- um strákum sem heilluðu áhorf- endur í dansþættinum Dans, dans, dans á liðnu hausti og komust meðal annars í úrslitaþáttinn. Þeir félagar blanda saman breiki og hipphoppi við bardagataækni með einstaklega áhrifamikilli útkomu. Nokkuð sem dansáhugafólk af öllum kynslóðum má ekki missa af. Area Of Stylez í Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, klukkan 14.30 til 14.40.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

● KÍNVERSKT TE OG SVERÐADANS

Unnur Guð- jónsdóttir rekur Tehús Unnar að Njálsgötu 33 a og eru gestir Vetrarhátíðar velkomnir í te- sopa. Tedrykja verður þó ekki það eina sem Unnur býður upp á.

„Ég verð með skemmtiatriði, dansa og syng og fer með ljóð, svo spila ég á kínversk hljóð- færi og sýni kínverska leikfimi. Ég er fyrrverandi dansari og er heilmikil lipurtá enn þá,” segir Unnur og hlær. „Ég ætla jafnvel að dansa sverðadans, þó ég sé auðvitað hrædd um kínversku krukurnar mínar, en hvað gerir maður ekki fyrir fólk sem kemur í te?” Þá ætlar hún að draga upp kristalskúlu og kínverska spápinna og spá fyrir gestum sem það vilja. Unnur opnar dyrnar klukkan 14 á morgun og segir síðasta manni verða hleypt inn kl. 18. „Gestum er þó alveg óhætt að sitja til klukkan 19. Ég hendi engum út.”

RAFMAGNAD SJÓNARSPILÁ HALLGRÍMS- KIRKJU

OPNUNARATHÖFN VETRARHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Vertu með okkur á Skólavörðuholtinu, fyrir framan Hallgrímskirkju, þegar rafmagnað verðlaunaatriði í samkeppni Orkusölnnar og Höfuðborgarstofu verður afhjúpað núna á fimmtudaginn kl. 19:30.

Við lofum góðu stuði, miklu sjónarspili og mögnuðu myrkri.

Hafðu með þér myndavél eða síma og taktu þátt í skemmtilegri ljósmyndasamkeppni á facebook.com/orkusalan.



orkusalan

Orkusalan er styrktaraðili Vetrarhátíðar 2012.

Björnsdóttir

LUXOR

Gríðarleg verðmæti fólgin í Facebook

Facebook hefur loksins tilkynnt að fyrirtækið hyggist leggja í hlutfjárútbóð. Búist er við því að fyrirtækið verði verðlagt á allt að 100 milljarða Bandaríkjadala, jafngildi 12.270 milljarða króna. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið stjarnfræðilega hraður síðustu ár og misseri.

VIÐSKIPTI

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Facebook tilkynnti loks í síðustu viku að fyrirtækið hygðist skrá sig á hlutabréfamarkað á þessu ári. Búist hafði verið við tilkynningunni um nokkra hríð og mikil eftirvænting skapast vegna þessa. Í skjölum sem Facebook hefur sent til verðbréfaeftirlits Bandaríkjanna vegna fyrirætlananna kemur fram að fyrirtækið vonast eftir því að selja hluti fyrir 5 milljarða Bandaríkjadala, jafngildi 614 milljarða íslenskra króna. Hlutfjárútbóðið verður því líklega hið stærsta sem internetfyrirtæki hefur lagst í.

Sé sú verðlagning á Facebook í takt við væntingar á markaði verður heildarvirði fyrirtækisins allt að 100 milljarðar dala, jafngildi 12.270 milljarða króna. Facebook yrði með öðrum orðum eitt verðmætasta fyrirtæki heims.

Hlutfjárútbóðið gefur Facebook færi á að auka verulega fjárhagslegan styrk sinn. Í tengslum við það þarf Facebook hins vegar að opinbera mun meira af upplýsingum um fyrirtækið en það

hefur gert áður. Meðal upplýsinga sem þar koma fram opinberlega í fyrsta skipti eru tekjur fyrirtækisins, helstu hluthafar þess og mat fyrirtækisins á helstu áskorunum sínum og ögnum á næstu árum.

Eins og búist hafði verið við kemur í ljós að hagnaður fyrirtækisins er mikill. Á síðasta ári hagnaðist það um 668 milljónir Bandaríkjadala og hafði tekjur upp á 3,7 milljarða. Hafa tekjur þess vaxið hratt síðustu misseri en til samanturðar voru tekjurnar 777 milljónir árið 2009 og hagnaður 122 milljónir sama ár.

Tekjur vegna auglýsinga eru langstærsti tekjuliður Facebook eða 85 prósent. Hin 15 prósentin eru vegna greiðslna sem Facebook fær frá fyrirtækjum á borð við Zynga sem hannar tölvuleiki fyrir Facebook, þar á meðal tölvuleikinn vinsæla Farmville.

Þótt tekjur fyrirtækisins kunnist að hljóma gríðarlegar hafa sumir greinendur staldrað við litla tölu sem er að finna í gögnunum. Það eru tekjur fyrirtækisins á hvern notanda, sem eru einungis 4,39 Bandaríkjadalar á notanda á ári. Til samanturðar eru tekjur Google á skráðan notanda rúmlega 30 Bandaríkjadalar á ári og tekjur

Yahoo og AOL á notanda 7 og 10 Bandaríkjadalar á ári.

Facebook hefur fyrir löngu gert Mark Zuckerberg, stofnanda og framkvæmdastjóra Facebook, forríkan en bandaríska tímaritið Forbes mat auðævi hans á 17,5 milljarða Bandaríkjadala, jafngildi 2.150 milljarða króna, í nýjustu úttekt sinni á ríkasta fólki Bandaríkjanna.

Hlutfjárútbóðið mun að öllum líkindum gera hundruð annarra starfsmanna Facebook forríka. Fjölmargir starfsmenn fyrirtækisins hafa fengið hluti í því á mun lægra verði en búist er við að fáist í útböðinu og geta nú brátt selt hlutina.

Í hönnun útböðsins fetar Zuckerberg í fótspor þeirra Larry Page og Sergej Brin, stofnenda Google. Er hlutum í fyrirtækinu skipt í tvo flokka sem gerir það að verkum að Zuckerberg mun hafa lokaorðið um hvernig nærri 57 prósent hluta í fyrirtækinu kjósa á hlutahafafundum. Hann mun því áfram hafa meirihlutavald yfir fyrirtækinu.

Almennt virðast greinendur nokkuð bjartsýnir á gengi hlutfjárútböðsins. Sumir greinendur telja sig þó sjá líkindi með vænting-



MARK ZUCKERBERG Stofnandi Facebook er þegar kominn í hóp ríkustu manna Bandaríkjanna en væntanlegt hlutfjárútbóð fyrirtækisins mun að öllum líkindum skapa hundruð annarra milljóna- og milljarðamæringa sem fengið hafa hluti í fyrirtækinu á síðustu árum.

FRETTABLAÐIÐ/AP

um á markaði nú og þess þegar netbólan blés út í lok tíunda áratugarins. Þá setja sumir spurningamerki við tækifæri Facebook til að auka tekjur sínar án þess að angra notendur síðunnar þeim mun meira.

Tilkynningin um hlutfjárútbóðið hafði jákvæð áhrif á hlutabréfa-verð ýmissa annarra netfyrirtækja, svo sem Zynga og hópkaupa-síðunnar Groupon.

Í útböðsskjölunum er einnig fjallað um helstu ögnir Facebook. Minnst er á þá hættu að Google takist að nota gríðarleg umsvif sín

á vefnum til að auka verulega vinsældir eigin tengslavefjar, Google Plús. Þá minnst Facebook á þá hættu að persónuverndarlögum í Evrópu og Bandaríkjunum verði breytt á þá leið að erfiðara verði fyrir Facebook að hagnýta upplýsingar um notendur sína.

Fjöldi Facebook-notenda var um síðustu áramót 845 milljónir og hafði aukist um 39 prósent á milli ári. Aukist fjöldi notenda á sama hraða næstu mánuðina verður hann 1 milljarður einhvern tímann í sumar.



ARION BANKI Viðskiptavinum bankans býðst nú að kaupa greiðslufallstryggingar á vegum tryggingarisans Euler Hermes, sem er að meirihluta í eigu Allianz, og er með starfsemi í rúmlega 50 löndum.

FRETTABLAÐIÐ/PIJETUR

Tryggingarisinn Euler Hermes og Arion banki:

Hefja samstarf um greiðslufallstryggingar

Arion banki hóf nýlega samstarf við tryggingafélagið Euler Hermes um að bjóða viðskiptamönnum sínum greiðslufallstryggingar.

Euler Hermes er stærsta tryggingafélagið í Evrópu á þessu sviði, með um 34% markaðshlutdeild, að því er fram kemur í upplýsingum frá Arion banka, en viðskiptavinir þess eru um 52.000 talsins í ríflega 50 löndum.

Ferlið er með þeim hætti að tryggingafélagið metur greiðandann og gefur út tryggingu sem endurspeglar mat þess á greiðsluhæfi viðkomandi og hvort líklegt sé að hann lendi í greiðslufalli. Komi svo til þess að greiðandi lendi í vanskilum tekur tryggingafélagið að sér innheimtu kröfunnar en íslenska fyrirtækið fær kröfuna greidda í gegnum Faktoringu Arion banka.

Hrönn Greipisdóttir, forstöðu-



HRÖNN GREIPSDÓTTIR

maður Faktoring Arion banka, segir í samtali við Markaðinn að þetta sé talsverður áfangi og hafi mikla þýðingu fyrir bankann og viðskiptavinum hans.

„Þetta er sérstaklega mikilvæg þjónusta fyrir fyrirtæki í útflutningi þar sem oft getur reynst dýrt og erfitt að sækja kröfur

á greiðendur erlendis. Með því að kaupa greiðslufallstryggingar er fyrirtækjum tryggð greiðsla og Euler Hermes mun sjá um að sækja fjármunina á greiðendur erlendis.“

Hrönn segir að eftirspurn eftir greiðslufallstryggingum hafi aukist í núverandi efnahagsástandi þar sem jafnvel traustustu fyrirtæki hafa lent í erfiðleikum með greiðslur.

„Eins eru þær mikið notaðar þegar um er að ræða nýja viðskiptamenn þar sem greiðslusaga viðkomandi er ekki vel þekkt.“

- þj

Viltu vera vinur minn?

Öflug Lenovo spjaldtölva sem fylgir þér hvert sem er.

- 3G, þráðlaust net, Bluetooth og GPS
- 10,1" skjár 1280x800
- Android 3,1
- Gorilla Glass skjár, rispast síður
- Tvær myndavélar
- 9 klst. rafhlaða
- Penni sem yfirfærir texta á tölvutækt form
- Dulritun upplýsinga fyrir tölvupóst og gögn

lenovo

32 GB
Aðeins **99.900** kr.

64 GB
Aðeins **109.900** kr.

Nýherji hf. Sími 569 7700 www.netverslun.is

ThinkPad

Greina orsakir til að læra af þeim

Dönsk stjórnvöld hafa skipað rannsóknarnefnd til að greina orsakir fjármálakreppunnar þar í landi. Alls hafa ellefu bankar orðið gjaldþrota í Danmörku síðustu misserin, en formanni nefndarinnar, hagfræðingnum Jesper Rangvid, þykir það benda til þess að innlendir þættir hafi átt hlut í máli.

VIÐTAL

Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Danski hagfræðingurinn Jesper Rangvid var staddur hér á landi nýverið þar sem hann var gestaprófessor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Rangvid, sem er prófessor við Viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar, var nýverið skipaður formaður yfir rannsóknarnefnd sem mun freista þess að skýra hvort, og þá með hvaða hætti, innlendir áhrifaþættir höfðu áhrif á yfirstandandi erfiðleika fjármálalífsins þar í landi.

Þó að ástandið í Danmörku sé langt frá eins alvarlegt eða viðtækt eins og verið hefur hér á Íslandi, hafa fjármálastofnanir átt í miklum erfiðleikum. Eins og stendur hafa ellefu bankar orðið gjaldþrota frá hruninu haustið 2008.

Rannsóknarnefndin nýskipaða hefur það yfirlýsta hlutverk að greina innlenda og erlenda orsakapætti í dönsku fjármálakreppunni, hvort ráðgjöf bankastofnana til viðskiptavina sinna hafi haft magnandi áhrif á erfiðleikana sem lagst hafi á einstaklinga og fyrirtæki, og loks leggja til aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig. Nefndin á að skila niðurstöðum sínum áður en árið er á enda liðið.

Hvernig er ástandið í dönsku efnahagslífi nú, rúnum þremur árum eftir að alþjóðafjármálakreppan skall á?

„Það fer að miklu leyti eftir því hvað miðað er við. Í samanburði við Svíþjóð og Noreg, sem við Danir berum okkur jafnan saman við, erum við sannarlega verr á vegi stöð. Við erum enda að kljást við atvinnuleysi, lítinn hagvöxt, verðfall á húsnæðismarkaði og hallarekstur í ríkisfjármálum.

Í samanburði við löndin sunnar í álfunni, til dæmis Spán, Ítalíu, Frakkland, Belgíu og Bretland, erum við hins vegar í mun betri stöðu.

Ástandið er vissulega ekki frábært, en við erum heldur ekki að horfa upp á neinar hörmungar í fyrirsjáanlegri framtíð.“

Hver eru þá mest aðkallandi vandamálin?

„Fyrst og fremst verður að skapa vöxt, en það er tvennt sem stendur því fyrir þrífum. Í fyrsta lagi eru dönsk heimili afar skuldbætt, en það er afleiðing húsnæðisbólunnar, sem var alvarlegri hjá okkur en til dæmis í Noregi. Fasteignaverð

hefur fallið á meðan skuldarnar hækka og nú er svo komið að meðalskuldir heimilanna í Danmörku eru þær hæstu í öllum heimi, að mér skilst, þó að danska ríkið sé ekki mjög skuldbætt. Skuldir heimilanna verða hins vegar til þess að fólk hefur minna á milli handanna og það kemur niður á neyslu almennings.

Þar fyrir utan erum við enn að kljást við það að atvinnulífið er ekki nógu samkeppnisfært miðað við önnur lönd, en það hafði að vísu þegar gerst fyrir kreppu með stórhækkuðum launum á danska vinnu- markaðnum. Af þeim sökum hugsa fyrirtæki sig tvisvar um þegar þau velja því fyrir sér hvort eigi að hefja starfsemi í Danmörku frekar en í Póllandi eða Þýskalandi, til dæmis, þar sem kostnaðurinn er þriðjungur lægri.“

Hvernig mun rannsóknarnefndin starfa og hvað verður gert við niðurstöður hennar?

„Við verðum sex sjálfstæðir fulltrúar í nefndinni, fjórir fræðimenn, fyrrum seðlabankastjóri og fyrrum bankastjóri Nordea-bankans. Svo verða fimm fulltrúar frá ráðuneytinum, fjármálaeftirlitinu og seðlabankanum, auk aðstoðarfólks.

Við munum ekki vera með opinberar yfirheyrslur eins og sums staðar hefur tíðkast, heldur munum við aðallega greina gögn sem við öflum okkur. Við munum svo komast að ákveðinni niðurstöðu og leggja til leiðir til úrbóta, sem stjórnmalámennt munu svo taka afstöðu til.“

Er eitthvað sérstakt sem bendir til þess að innlendir þættir hafi haft áhrif á stöðuna?

„Sú staðreynd að á annan tug danskra banka hefur orðið gjaldþrota á síðustu árum á meðan enginn banki í Noregi eða Svíþjóð hefur orðið gjaldþrota, gefur ýmislegt í skyn. Mest liggur þó á því að fá úr því skorið hvort eitthvað sem gert var innanlands hafi gert ástandið verra en ella. Ef svo reynist munum við í framtíðinni geta hagað okkar málum þannig að við getum komið í veg fyrir að sagan endurtaki sig.“

Stendur til að nota niðurstöður rannsóknarinnar sem grundvöll til saksóknar ef grunur leikur á að lögbrot hafi verið framin?

„Ég er ekki viss um það. Í rannsókninni sem var gerð á Íslandi var ýmsum steinum velt og margt kom í ljós. Þar á meðal upplýsingar sem hægt var að nota sem sönnun-



RANNSAKAR ORSAKIR KREPPUNNAR Hagfræðiprófessorinn Jesper Rangvid fer fyrir rannsóknarnefnd um orsakir fjármálakreppunnar í Danmörku. Hann segir mikilvægt að skera úr um að hvaða leyti megi rekja orsakir kreppunnar til innlendra þátta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

argögn til að rannsaka glæpamál. Í Danmörku hefur hins vegar hvert gjaldþrot banka og gjörðir stjórnenda þeirra þegar verið rannsakad. Okkar niðurstöðum og tillögum um úrbætur verður því frekar beint til stjórnmalástéttarinnar en ákærvalds eða dómstóla.“

Íslenska rannsóknarnefndin hafði mjög viðtækt hlutverk. Verður ykkar rannsókn eins umfangsmikil?

„Já, ég held það. Við förum kannski ekki svo náði ofan í hvern einstakan banka eins og gert var á Íslandi, en við viljum skoða umhverfi og bakgrunn kreppunnar mjög ítarlega og þá spilar allt inni í, þar á meðal gerðir stjórnmalámanna í afreglun markaða og umfjöllun fjölmiðla, til dæmis um fasteignamarkaðinn.“

Hefur þú kynnt þér íslensku skýrsluna og er viðbúid að ykkar skýrsla muni hafa eins mikil áhrif?

„Ég hef kynnt mér íslensku skýrsluna að því leyti sem ég get og þar var margt mjög vel gert, en ég býst ekki við því að okkar skýrsla verði eins áhrifarík. Það helgast einna helst af því hvað nefndin er stofnuð seint. Síðasta ríkisstjórn vildi ekki þessa rannsókn, þar sem

„GETIÐ NÚ HORFT FRAM Á VEGINN.“

Jesper Rangvid hefur vanið komur sínar til Íslands sem gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík. Hann er meðal fremstu álitgjafa danskra fjölmiðla í efnahagsmálum og þekkir vel til aðstæðna hér landi. Spurður um sína sýn á ástandið hér á landi, segir hann að staðan sé mun skárr en hann hafði óttast.

„Þið hafið staðið ykkur umtalsvert betur en ég óttaðist á sínum tíma eftir að allir stóru bankarnir ykkar urðu gjaldþrota. Þó að atvinnuleysi sé enn hátt, ríkisfjármálin séu erfið og gjaldveirshöft séu til staðar er útlitið nokkuð jákvætt miðað við mörg önnur ríki sem fóru illa út úr kreppunni. Atvinnuleysi er að dragast saman og hagvöxtur er kominn í gang. Þið lukuð samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á tilsettum tíma og þó að það sé ekki bara sólskin í kortunum eru hér miklir möguleikar, sérstaklega með aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins. Þið njótið nú góðs af því að geta brugðist við í gengismálum, sem er kostur sem Grikkjum stendur til dæmis ekki til boða, og þó að þið hafið tekið á ykkur þungan skell getið þið nú horft fram á veginn.“

talið var að flest hefði þegar komið fram og meginorsakirnar væri að finna utan Danmerkur. Síðan eru stjórnarskipti síðasta haust og nýja stjórnin ákveður að ráðast í þetta verkefni. Á tímanum sem síðan er liðinn hefur mjög margt komið í ljós og margt áunnist og því er ekki við því að búast að okkar niðurstæða muni hafa eins mikil áhrif.“

Hvernig metur þú horfur dansks efnahagslífs næstu árin?

„Eins og ég sagði áður, erum við í vandræðum, en ekki sambærilegum við lönd eins og Spán, Grikk-

land og Ítalíu. Það verður líklega ekki hraður vöxtur í Danmörku næstu árin, en við munum ekki þurfa að kollvarpa okkar samfélagi eins og hefur þurft víða í Evrópu, þar sem aðhaldsaðgerðir og niðurskurður gengur afar nærri fólki. Markaðirnir hafa trú á stöðugleika í Danmörku sem sést á því að við erum að fá lægri vexti á skuldaþréf en Þýskaland, meira að segja. Þess vegna held ég að við getum horft fram á nokkuð stöðugan bata í dönsku efnahagslífi þó að hann verði hægur.“

RÝMI 75 ÁRA
1936-2011
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki



15%
nýársafsláttur
á hillum

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Eldtraustir skápar
- Lyftarar og flutningatæki




- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



Flott í vor



Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar



20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

Nýtt og enn öflugra

System + fyrir dömur og herra

kr. 29.995,- ►



System+ dömupakki - belti + buxur verð kr. 39.995 -

Náðu enn meiri árangri
með meiri brennslu



THERMOBOL
Vinsælasta fitubrensluefnið okkar er örugg og natúruleg samsetning af m.a. L-carnitine, grænu te og B-vítamínblöndu og er núna komið án koffíns. 90 hlíki kr. 6.995
Tilboð 2 stk. kr. 9.990

PROMAX DIET
Fyrsti næringardrykkurinn sem inniheldur brensluefni til að styðja fitulosun og þyngdarstjórnun. 1,2 kg

kr. 7.995
Tilboð 2 stk. kr. 14.990



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

BANKAHÓLFID



Þórður Snær
Júlíusson

Lífeyrissjóðirnir plataðir

Forsvarsmenn lífeyrissjóða keppast nú um að túlka niðurstöðu nefndar sem gerði úttekt á starfsemi sjóðanna fyrir hrun sér í hag eða segja hana fulla af rangfærslum. Þeir virðast ekki ætla að taka helstu niðurstöðu skýrslunnar til sín. Þá að þeir voru, allt of oft, plataðir til að fjárfesta í vafasömum gerningum.

Þeir juku til dæmis gjaldmiðla- varnir sínar um rúmlega helming frá miðju ári 2007 og fram að banka- hruni. Þetta gerðist á sama tíma og krónan var að veikjast og mikil umræða var í gangi í fjölmiðlum um að bankarnir væru sjálfir að fella krónuna.

Ein helsta röksemd lífeyris- sjóðanna í deilum þeirra um uppgjör þessara samninga nú er sú að þeir hafi verið plataðir. Að sumir bankarnir hafi verið að gera nákvæmlega það sem allir voru að tala um í aðdraganda hrunsins, að fella vísvitandi krónuna til að auka hagnað sinn og vildarviðskipta sinna. Þessir samningar munu kosta sjóðina að minnsta kosti vel á fjórða tug milljarða.

Þá er ljóst að skilmálar óveð- tryggðra fyrirtækjaskuldabréfa voru almennt of veikir, en lífeyrissjóð- irnir hafa þegar tapað rúmlega 90 milljörðum króna á slíkum bréfum. Í skýrslunni segir að það megi „sjá að þeir sem náðu undirtökum í hluta- félagi, náðu ekki aðeins tangarhaldi á sjóðum félagsins, heldur gátu þeir einnig gefið út skuldabréf í nafni félagsins væri það í góðu álit. Síðan mátti færa sjóðina og lánsféð í annað félag (eignarhaldsfélag) og skilja skelina eina eftir handa kröfuhöfunum til að bitast um“. Með öðrum orðum þá var hlutafélögum sem voru „í góðu álit“ gert kleift að gefa út skuldabréf, selja lífeyris- sjóðunum, færa síðan allar eignir frá útgefandanum og skilja ekkert eftir handa sjóðunum. Engir skilmálar voru settir til að koma í veg fyrir þetta. Séðir menn plötuðu sjóðina til að kaupa verðlausa pappira.

Sjóðirnir virðast líka hafa verið plataðir til að taka þátt í hlutabréfa- viðskiptum sem virtust byggð á vafa- sömum grunni. Í skýrslunni er til að mynda rakið hvernig sjóðirnir ákváðu að taka þátt í hlutabréfaútbóði FL Group í desember 2007 þrátt fyrir að virði bréfa í félaginu hefði fallið mikið í aðdraganda þess. Tveimur mánuðum eftir hlutabréfaútbóðið var tilkynnt um að tap FL Group á árinu 2007 hefði numið 67,3 milljörðum króna. Það getur varla verið að stjórnendur lífeyrissjóðanna hafi haft vitneskju um raunverulega stöðu FL Group á þessum tíma. Þeir hljóta að hafa verið plataðir.

Það skiptir ekki öllu máli hver krónutala taps sjóðanna var. Það skiptir ekki máli frá hvaða degi það er reiknað eða miðað við hvaða gengisvísitölu. Það sem skiptir máli er að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna kynntu sér fjárfestingarnar oft á tíðum ekki nægilega vel. Þeir stóðu ekki nægilegan vörð um peningana okkar. Það var of auðvelt að plata þá.



Heilsudýnudagar í Betra Baki

KYNNUM NÝJA LÍNU AF HEILSURÚMUM

Charlotte & Julien

Dream your world™

Frábær gæði og ótrúlegt verð!

Ekki
missa af
þessu

Stillanleg heilsurúm



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Skoðaðu möguleikana!

Verðdæmi án gaffls

2 x 90x200
kr. 569.000,-



Original eða
- Cloud heilsudýna.

Charlotte & Julien
Dream your world™

Charlotte&Julien heilsurúm



Verð: Platinum heilsudýna, botn og lappir:

120x200 - kr. 83.900,-
140x200 - kr. 109.900,-
160x200 - kr. 119.900,-
180x200 - kr. 134.900,-
Gaffl seldur sér.

Charlotte & Julien
Dream your world™

Svefnsofar

189.900
tilboðsverð



TORINO
SVEFNÓSFI

199.900
tilboðsverð



NAPOLI
SVEFNÓSFI

betrabak.is



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

SHARP



SHARP SJÓDVÉL XE-A207B

99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strímill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf
- hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strímill

Kr. 69.900,-



SHARP SJÓDVÉL XE-A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strímill
Rafrænn innri strímill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-

SHARP SJÓDVÉL XE-A213



Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strímill
Rafrænn innri strímill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 79.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
E Ð A L V É L

Atvinna



Vélavörður

Vísir hf óskar eftir Vélaverði á Sighvat GK-57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél. Nánari upplýsingar eru gefnar hjá skipstjóra í síma 856-5761.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



HEIMILI



Sölufulltrúar:

Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

ASBYRGI ehf Sími 568 2444

 ASBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
 Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík


SMÍÐJUVEGUR 2, KÓPAVOGI

TIL LEIGU 250 TIL 2000 FM VERSLUNAR- OG LAGERHÚSNÆÐI LAUST STRAX



Til leigu er gott verslunar- og lagerhúsnæði í norðrenda í hússins Verslunarhúsnæðið er með stórum gluggafronti að götuhlið. Lagerhúsnæðið er í bakrými og er með góðir lofthæð og innkeyrsludrym. Húsnæðið leigist í einu lagi eða hlutum eftir nánara samkomulagi. Hentu skipting eininga eru t.d. 250 fm., 440 fm., og 570 fm. verslunar og lagerhúsnæði og 530 lagerhúsnæði. Að Smíðjuvegi 2 er m.a. til húsa Lyfja og Bónus. Húsnæðið hentar sérstaklega vel fyrir fyrirtæki sem þurfa samliggjandi verslunar- og lagerhúsnæði. Húsið hefur gott auglýsingagildi og staðsetning er miðsvæðis. Góð bilastæði. Sjá nánar teikningar á heimasíðu Asbyrgi.is Allar frekari upplýsingar veitir Ingileifur Einarsson lögg. fasteignasali s. 8941448.

ATVINNUHÚSNÆÐI KÁRSNESBRAUT - KÓPAVOGI



TIL SÖLU EÐA LEIGU

Iðnaðarhúsnæði sem er innréttað fyrir matvælaíðnað, kælar og tæki fylgja með. Eignin er skráð 739.2 fm auk millilofts gott aðgengi og útisvæði framan og bakatil við hús. Laust og til leigu ca.650 fm sem skiptast í 500.8 fm á aðalhæð og 150 fm á jarðhæð.

Söluverð kr: 93.- millj

Uppl. Sveinn Eyland lögg. fasteignasali s: 6900.820
eða Þórarinn Thorarensen sölustjóri s: 7700 309

LANDMARK

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

Fasteignir



FJÁRFESTING

FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Skógarhlið 12 - Reykjavík.



Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlið 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem hægt er að skipta niður í ca. 90 til 300 fm. einingar. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., til leigu sem hægt er að skipta niður. **Upplýsingar gefur Gunnar í síma 693-7310.**

Tilkynningar



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

Tillaga að deiliskipulagi fyrir þéttbýlið á Hallormsstað, Fljótsdalshéraði.

Tillagan var auglýst 18.01.2012, en þar sem ekki var gerð grein fyrir deiliskipulögum, sem í gildi eru, þá er tillagan auglýst að nýju og athugasemdafrestur fram- lengdur til 21. mars 2012..

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi dags. 29.11.2011 og greinargerð dags. 30.11.2011 fyrir þéttbýlið á Hallormsstað, Fljótsdalshéraði, skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, sem samþykkt var í bæjarráði Fljótsdalshéraðs í umboði bæjarstjórnar þann 11.01.2012.

Skipulagssvæðið afmarkast af Lagarfljóti að vestan frá Atlavíkurlletti ytri að Purshöfðavík. Þaðan með brúnum Hólabarða fyrir ofan Hússtjórnar skólatúnin og um brúnir Neðri Kistukletta að Sölvakletti og þaðan beina línu í Atlavíkurllett ytri. Skipulagssvæðið er um 104 ha. að stærð. Deiliskipulagstillagan felur í sér skipulag fyrir þéttbýlið Hallormsstað.

Við gildistöku deiliskipulagsins þá falla úr gildi tvö deiliskipulög, sem eru: Deiliskipulag fyrir Fjósakamb og Réttarkamb samþ. 07.03.2001 ásamt greinargerð og deiliskipulag fyrir tjaldsvæði í Purshöfðavík samþ. 29.06.2005

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunni Lyngási 12 frá 18. janúar til 21. mars 2012. Þeir sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með miðvikudagsins 21. mars 2012. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og mannvirkjanefndar á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Fljótsdalshéraði 08.02.2012

skipulags- og byggingarfulltrúi
Fljótsdalshéraðs.



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.


Vesturvallareitur 1.134.5

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Vesturvallareit, reit 1.134.5, sem markast af Vesturvallagötu, Sólvallagötu, Framnesvegi og Holtsgötu. Lagt er til að steinbærinn Ráðagerði á baklóð Sólvallagötu 68 verði friðaður og húsið að Sólvallagötu 66-68 njóti verndar sem 20. aldar bygging. Gert er ráð fyrir verndun götumyndar við Framnesveg og Holtsgötu. Lagt er til að heimilt verði að byggja við núverandi hús að Vesturvallagötu 2 og 4 og Holtsgötu 25. Auk þess er gert ráð fyrir óverulegum breytingum, s.s. svölum, skyggnum, litlum viðbyggingum og geymslum, þar sem það fellur vel að húsum og umhverfi. Enn fremur er gert ráð fyrir að skipta lóðinni Sólvallagötu 68 í tvær lóðir; Sólvallagötu 68 og Framnesveg 31B.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 8. febrúar 2012 til og með 21. mars 2012. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, **www.skipbygg.is**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 21. mars 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 8. febrúar 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur



GAMLA BÍÓ
LEIÐSÖL

Föstud. 10. feb. 20:00

Laugard. 11. feb. 20:00

Föstud. 24. feb. 20:00 **Ö**

Laugard. 25. feb. 20:00



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Leikhúspakki á flugfelag.is!

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Ópið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. bein, 6. frá, 8. kættist, 9. fæðu, 11. gangflötur, 12. flökt, 14. krapi, 16. í röð, 17. titill, 18. endir, 20. forfaðir, 21. vitskurtur.

LÓÐRÉTT
1. afkvæmi húsdýrs, 3. eftir hádegi, 4. garðplöntutegund, 5. gaul, 7. hjáguð, 10. mál, 13. kóf, 15. urin, 16. skordýr, 19. kvað.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. legg, 6. af, 8. hló, 9. mat, 11. íl, 12. blað, 14. sláð, 16. fgr, 17. frá, 18. lok, 20. á, 21. óður.
LÓÐRÉTT: 1. lamb, 3. eh, 4. gíttirá, 5. gól, 7. falssóð, 10. tal, 13. kaf, 15. búi, 16. fló, 19. ku.

Leiðindi á leiðindi ofan

BAKPANKAR
Kolbeins
Óttarssonar
Proppé

Hver veit hvaða köflum í viðræðum við Evrópusambandið er lokið? Og hverjir eftir? Hver getur svarað því hvað aðild að sambandinu þýðir fyrir Ísland? Förun við á hausinn? Á spenann? Fyllist allt af Evrópubúum hér á landi? Stóreykst útflutningur okkar til Evrópu? Eykst atvinnuleysið og hrynur efnahagurinn? Fjölgar störfum og styrkjast innviðirnir? Missum við réttindi? Aukast réttindin? Hver í ósköpunum veit þetta?

menn sjá aðild sem svar við öllu því sem aflaga fer. Þarf að bæta réttindi launafólks? Jú, göngum í ESB! Er íslenska krónan veik? ESB er svarið! Verðtryggingin vandamál! Bittenu, hún hverfur með aðild að ESB og upptöku evrunnar! Þvílík endemis umræða. Og það sorglega er að hún á bara eftir að verða verri. Þegar viðræður um sjó og land hefjast munu brígslin aukast og ávirðingarnar verða svívirðilegri.



EKKI ég, það er á hreinu. Og það sem verra er, sá litli áhugi sem ég hafði á málinu minnkar dag frá degi. Því fleiri sem tjá sig um aðild Íslands, því minni verður áhuginn. Sem er slæmt. Ef fram heldur sem horfir mun ég þurfa að greiða atkvæði um þá aðild einhvern tímann á næstu árum. Ég og þið öll. Og á hverju í ósköpunum eigum við að byggja þá ákvörðun?

ANDSTÆÐINGAR aðildarinnar hrópa hátt um föðurlandssvik og landráð, sjá Evrópusam-særi í hverju horni, ekkert fé má koma til landsins frá Evrópusambandinu og fuglar eru friðaðir til að aðlaga þjóðina að verunni í ESB. Stuðnings-

LÝÐRÆÐI er til margra hluta nýtsamt, en það byggir á þeirri hugmynd að kjósendur taki upplýsta ákvörðun. Vonandi verður sú raunin í þjóðaratkvæðagreiðslunni fyrirhuguðu, en ansi hreint margt bendir til þess að menn séu bínir að skipa sér í lið. Og hvaða eiga menn eins og ég sem ekkert vita í sinn haus um málið og hafa ekki enn mótað sér skoðun að gera? Jú, upplýsast. Það er hins vegar hægara sagt en gert. 99 prósent af því sem ritað er um Evrópusambandið eru á pari við umræðu um skeggflösu hvað skemmtanagildi varðar. Heitruáð fólk í trúboði er einfaldlega leiðinlegt.

ÞÁ er bara að kúra sig með konunni í sófanum, borða popp og horfa á heilaust sjónvarpsefni. Verst að ákvörðunin um ESB hefur víst áhrif á framtíð þessa lands.

ÁVAXTABAKKI
Fyrir 10 manns

VEISLUBAKKAR
FERSKT & ÞÆGILEGT

TORTILLA OSTABAKKI
30 bitar

TORTILLA VEISLUBAKKI
30 bitar

EDALBAKKI
20 bitar

GAMLI GÓÐI
20 bitar

LÚXUSBAKKI
20 bitar

ÁVAXTABAKKI
Fyrir 10 manns

DESERTBAKKI
50 bitar

Pantaðu í síma **565 6000**
eða á www.somi.is
Fri heimsending*

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm.
*Fri heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

BNOUS
kynnir:

Skrýtin nef
úr ensku
firma-
deildinni í
Yorkshire

Larry O'Lord

Stanley's Sheepshavers

Ian Rattlecunt

O'Sullivan's Applepie & fruitcake

Finn Occioh

Oldham Pizza & Plumbing

Roy Smallworm

Sillywanker's Funeralhome

Í næstu viku:

Vinstri
bakverðir úr
Eyjafirðinum
með **þrjú**
eistu!

Almáttugur!


■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTIR
VIÐSKIPTI
SPORT
UMRÆÐAN
LÍFIÐ
SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á
HVERJUM MORGNU!

vísir

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?



Til hamingju með grænt gagnaver!

Við óskum Verne Global til hamingju með opnun á 500 m² gagnaveri á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gagnaverið er fyrsti áfangi uppbyggingar á alþjóðlegri miðstöð gagnavera á Ásbrú sem verður knúin af endurnýjanlegum orkugjöfum. Gagnaverið er þar að auki sérhannað til þess að nýta vindkælingu á svæðinu sem sparar gríðarlegt magn af orku. Gagnaverið er umhverfisvænn hátækniíðnaður. Framtíðin er græn.


Verne Global er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

www.verneglobal.is



Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.

Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla og veitingastað.



Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á www.asbru.is og hjá Kadeco sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.



Próunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



TVÆR BÆKUR um Einar Áskel og félagi hans verið endurprentaðar. Annars vegar er það bókin Hvað varð um Einar ærslabelg? Í þeirri bók er Einar Áskell aldrei þessu vant bæði alvöruglefinn og þögull. Hins vegar er það bókin Einar Áskell og Milla, þar sem besta vinkona Einar Áskells kemur við sögu. Strákunum í skólanum finnst asnalegt að Einar Áskell skuli leika sér við stelpu. Þetta vekur upp ýmsar spurningar og heilabrot hjá Einari Áskeli.



Leikhús ★★★★★

Saga Þjóðar eftir Eirik G. Stephensen og Hjörleif Hjartarson
Sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins

Leikstjóri: Benedikt Erlingsson, leikmynd Dýri Bjarnar Hreiðarsson, Benedikt Erlingsson, búningar Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, tónlist: Hundur í óskilum, lýsing Gunnar Sigurbjörnsson.

Greindarlegt grín

Í Borgarleikhúsinu er um þessar mundir verið að sýna sjántónleik þar sem tvíeykið Hundur í óskilum rifjar upp Íslandssöguna og þeytist gegnum sköpunarsögu alheims auk þess að yrkja ný hetjukvæði um Jón karlinn Sigurðsson. Benedikt Erlingsson leikstýrir þeim félögum og er jafnframt dramaturgur sýningarinnar, handbragð hans merkjanlegt í hraða frásagnar og fádæma sniðugum lausnum.

Þeir Naddoður, Garðar Svavarsson og fleiri góðir menn fá sitt pláss og tengsl við atburði dagsins er víða smeltt inn í eins og því að Hrafna-Flóki, hinn raunverulegi fyrsti Íslendingur, varð gjaldþrota eftir aðeins einn vetur í landinu.

Bergþórshvoll brennur undir sniðugu lagi um Njálu og til að undirstrika orð sín og æði grípa leikararnir tveir til hvaða hljóðfæra sem er og ýmis þeirra með öllu ókunn fyrir. Á sviðinu er hljóðfæratré sem gott er að ná sér í instrument á. Þegar komið er að því að fjalla um Gunnar á Hlíðarenda og öll hans hjú og tengsl, munar Hjörleif Hjartarson ekkert um að fara með Gunnarshólma allan og Eiríkur kom nokkrum sinnum inn með flottum undirleik hins mikla bassa.

Nálægari framapotar en þeir sem vígbjuggust hér á víkingatímum fengu einnig sitt pláss og má segja að sýningin hafi verið ein gegndarlaus þindaræfing, slík voru hlátrarsköllin. Það er óvenjulegt að upplifa svona greindarlegt grín, sem þar að auki lyfti fram hlut kvenna og féll aldrei í þann algenga pytt að ná sér í hlátursgusur út á kvenfyrirlitningu. Þessa sýningu ætti að gera að skyldusýningu og bjóða svo upp á langar umræður á eftir.

Elisabet Brekkan

Niðurstaða: Íslandssagan í fylgd Hundis í óskilum er sprellfjörug sýning sem hentar öllum aldursflokkum.



VANESSA DIFFENBAUGH Fyrsta skáldsaga hennar, Táknmál blómanna, hefur selst til um 40 landa víðs vegar um heim.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Bandarísk fóstur móðir verður metsöluhöfundur

Skáldsagan Táknmál blómanna eftir bandaríska rithöfundinn Vanessu Diffenbaugh hefur selst til yfir 40 landa víðs vegar um heiminn. Sagan þykir gefa raunsæja innsýn í oft og tíðum kaldranalegan veruleika fóstur barna í Bandaríkjunum.

Skáldsagan Táknmál blómanna, eftir bandaríska rithöfundinn Vanessu Diffenbaugh, segir orlagasögu Victoriu, sem elst upp á flækingi milli fósturheimila og stofnana. Þegar hún verður átján ára og þar með komin út úr kerfinu þarf hún að takast á við lífið, ein og án aðstoðar. Hún er illa búin undir það verkefni og rekur sig á ýmsar hindranir á leið sinni að því að verða heil. Sagan af Victoriu hefur verið gefin út í meira en 40 löndum frá því hún kom fyrst út í Þýskalandi í byrjun árs 2011. Það þykir ótrúlegur árangur, enda er bókin fyrsta skáldsaga höfundar.

Þegar blaðamaður Fréttablaðsins sló á þráðinn til Diffenbaugh í gærdeg sat hún fyrir utan bókasafnið í Cambridge í Massachusetts og drakk morgunkaffið

sitt. Á bókasafninu eyðir hún dögnum við skriftir, en önnur skáldsaga hennar er í smíðum. Hún er ekki lengi að samsinna því að síðustu mánuðir hafi verið ævintýrlegur tími fyrir hana. „Þegar ég byrjaði að vinna að þessari bók bjó ég í Sakramentó í Kaliforníu. Ég var heimavinnandi móðir, var með tvö fóstur börn og tvö lítil börn, og vann í skáldsögunni minni. Í dag eru fóstur börnin mín tvö farin í háskóla, yngri börnin mín tvö í leikskóla, og ég fæst við að ferðast um heiminn og skrifa. Það er óhætt að segja að líf mitt hafi breyst og þetta hefur verið mikið ævintýri.“

Táknmál blómanna var á metsölulista New York Times svo vikum skipti og var endurprentuð sjö sinnum í Bandaríkjunum. Þar vestanhafs er hún ekki enn komin út í kiljuformi og því má búast við að vegur hennar muni aukast enn í apríl, þegar kiljan kemur í verslanir. Bókin hefur komið út í mörgum Evrópulöndum og eins og er situr hún í 17. sæti á lista bresku útgáfu netverslunarinnar Amazon, yfir bestu titla ársins 2011.

Sagan þykir sýna á óvenjulegan raunsæjan hátt kaldranalegan veruleika fóstur barna. Vafalaust hefur það hjálpað til við að gefa sögunni líf að Diffenbaugh og eiginmaður hennar hafa sjálf tekið að sér fóstur börn og þekkja því aðstæður þeirra vel. Fleira úr bókinni tekur Victoria úr eigin lífi, en rétt eins og söguhetjan Victoria, er hún hugfangin af blómum. „Fyrir mörgum árum var ég í bókabúð og fann gamla myndskreytta orðabók blóma. Ég féll kylliflöt fyrir henni,“ segir hún. Hún gaf því söguhetjunni sinni, Victoriu, þann hæfileika að geta tjáð tilfinningar sínar og annarra með blómum.



Það er óhætt að segja að líf mitt hafi breyst og þetta hefur verið mikið ævintýri.

VANESSA DIFFENBAUGH RITHÖFUNDUR

Móttökur bókarinnar komu Vanessu í opna skjöldu. „Ég var alltaf mjög bjartsýn á velgengni bókarinnar þó að þetta væri mín fyrsta skáldsaga. Ég er jákvæð að eðlisfari, mjög ákveðin og von að leggja hart að mér. Svo það kom mér ekki á óvart að bókin skyldi seljast. En að hún myndi seljast í þessu magni sá ég aldrei fyrir mér.“

holmfridur@frettabladid.is

Komið í verslanir

Glæsilegt þrjónablað ÝR 48 er komið í verslanir



NÝTT

Tinna, heildverslun í 30 ár
www.tinna.is | 565 4610



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 08. febrúar 2012

→ Bókmenntir

20.00 Fjallað verður um bókina Konan við 1000° eftir **Hallgrím Helgason** í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg í fyrsta hluta stefnumóta höfundar og gestgjafa sem starfsfólk verslunarinnar bjóða upp á í vor. Útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson tekur á móti Hallgrími og spjallar við hann um bókina, umfjöllunarefni hennar og mörk skáldskapar og veruleika sem fólk hefur verið tíðrætt um eftir að bókin kom út.

→ Fyrirlestrar

12.15 Ásdís Egilsdóttir flytur erindi um handrit handa konum í Þjóðmenn-



ingarhúsinu. Fyrirlesturinn er hluti af erindaröð Árnastofnunar; Góssið hans Árna um valin handrit úr safni Árna Magnússonar. Aðgangur er ókeypis.

→ Samkoma

20.00 Stefnumótakaffi verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari spjallar um kúbanska tónlistarhefð og ferðir sínar til Havana. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

→ Dans

14.00 Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur og Jón Freyr.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



Íslensk náttúruperla

í alfaraleið á Norðurlandi

Goðafoss er meðal stærstu fossa á Íslandi og þykir jafnframt einn sá fallegasti. Hann er formfagur og einkar myndrænn, 12 metra hár og og skartar sínu fegursta allan ársins hring. Klettur á skeifulaga fossbrúninni greina Goðafoss í tvo meginfossa sem steypast fram af hraunhellunni skáhalt á móti hvor öðrum. Auk þeirra eru nokkrir smærri fossar eftir vatnsmagni fljótsins. Einn þeirra þrengir sér á milli meginfossanna tveggja og gefur fossinum sinn sterka svip.



Uppskrift að góðum degi:

Taktu Íslandskex upp úr pakkanum, smyrðu með íslensku smjöri og leggðu ofan á ljúffengan íslenskan ost, ekki skemmir að setja dreitil af sultu á toppinn. Einnig er íslenskt grænmeti góður kostur, sem gerir það ögn ferskara í skammdeginu. Íslandskex er bragðgott kex sem hentar í öll mál fyrir þig.



www.kexsmidjan.is



2 AL PACINO ætlar að leika illmanni í teiknimyndinni Despicable Me 2. Þetta verður í fyrsta sinn á ferlinum sem Pacino talar inn á teiknimynd.



HÁSÆTI DJÖFULSINS? Madonna situr í hástæti sínu í hálfleiksatriðinu.



MEÐ ENGLAVÆNGI „Lúsifer“ dansar í kringum Madonna með vængi og hörpu.



DJÖFULLINN Var Madonna að tilbiðja djöfulinn í atriðinu?



MEÐ DJÖFLAHORN Madonna með „djöflahornin“ í hálfleik Ofurbikarins.

NORDICPHOTOS/GETTY

Madonna sögð tilbiðja djöfulinn í hálfleiksatriði

Vefsíður eru jafn misjafnar og þær eru margar. Ein þeirra heldur því fram að Madonna hafi verið að tilbiðja djöfulinn í hálfleiksatriði sínu í Ofurbikarnum.

Vefsíðan Hollywoodilluminati.com heldur því fram í fullri alvöru að tónlistaratriði Madonna í hálfleik Ofurbikarsins í bandaríska fótboltanum hafi verið eitt stórt ákall til djöfulsins.

Vefsíðan vill meina að samtökin The Illuminati, sem Dan Brown fjallaði um í bókinni Da Vinci Code, hafi staðið á bak við atriðið. Á síðunni kemur fram að til að hægt sé að tilbiðja djöfulinn þurfi athöfnin að vera haldin á milli nýs tungls og fulls tungls og sú var einmitt raunin á sunnudagskvöld þegar aðeins tveir dagar voru í fullt tungl. Sem sagt, fullkomin tímasetning.



FULL TUNGL Tónlistaratriðið var haldið skömmu fyrir fullt tungl

Þrátt fyrir að þema atriðisins hjá Madonna hafi verið rómverskt voru hornin á hjálmi hennar augljós tilvísun til djöfulsins að mati síðunnar, því engin slík horn voru

á hjálmum Rómverja fyrr á öldum. Hástætið sem hún tyllti sér í tengir vefsíðan einnig við hástæti djöfulsins.

Vefsíðan bætir við að í fyrsta laginu, Vogue, hafi náungi dansað í kringum Madonna með englavængi og hörpu. Lúsifer var einmitt engill tónlistarinnar í himnaríki áður en hann féll þaðan. Til að færa enn frekari rök fyrir tengingunni við djöfulinn er minnst á annað lag sem Madonna söng, Like a Prayer, sem fjallar um Lúsifer.

Litanotkun Madonna í hálfleiksatriðinu er einnig tínd til, eða rauði liturinn, sá svarti og sá gullitaði sem eru einmitt allir tengdir við djöfulinn og tilbeiðslu við hann.

Orðið heimsfríður var svo sýnt með stórum stöfum í lok atriðisins og það mun einungis vera skilgreining The Illuminati á heimsfríði, samkvæmt Hollywoodilluminati.com.

Sólstafir spila Svarta sanda í heild sinni

Rokksveitin Sólstafir heldur útgáfutónleika í Gamla bíói á morgun þar sem platan Svartir sandar verður leikin í heild sinni með aðstoð reynslubolta úr rokk-senunni.

„Við ætlum að leika þessa plötu í þetta fyrsta og eina skipti,“ segir söngvarinn Aðalbjörn Tryggvason. „Við höfum bara leikið þrjú lög af plötunni á tónleikum áður og eitthvað af þessum lögum verða ekki leikin aftur.“

Aðspurður segist hann mjög ánægður með viðbrögðin sem Svartir sandar hefur fengið. „Platan hefur gengið mjög vel hérlendis, í Þýskalandi, Finnlandi og Englandi,“ segir Aðalbjörn.

Grein um hljómsveitina var birt í þýska dagblaðinu Der Spiegel og platan náði inn á vinsældalista í Finnlandi. Þangað fer hljómsveitin einmitt í viku tónleikaferð í vor. Tónleikaferð sveitarinnar um Evrópu hefst annars um miðjan mars og stendur hún yfir í tvo mánuði. Í sumar verður svo spilað á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í Evrópu.

Hópur fólks mun aðstoða Sólstafi á tónleikunum á morgun, þar á meðal Steinar Sigurðarson, Heiða í Hellvar, Hallgrímur Jón Hallgrímsson og Halldór Á Björnsson sem aðstoðuðu sveit-



LOFAR STEMNINGU Aðalbjörn Tryggvason úr Sólstöfum lofar mikilli stemningu í Gamla bíói á fimmtudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ina við upptökur á plötunni. Hallur Ingólfsson og Birgir Jónsson úr XIII spila einnig ásamt Jóni Birni Ríkharðssyni úr Brain Police og bakraddasöngvurunum Agnari Eldberg og Kristófer Jenssyni. Gunnar Ben úr Skálmöld stjórnar kór sem syngur einnig á tónleikunum.

- bf

Tónlist ★★★★★

Töf

Náttfari

Vel heppnuð endurkoma

Hljómsveitin Náttfari var stofnuð árið 2000 og vakti þá athygli fyrir tónleikahald. Meðlimir hennar sneru sér svo að öðrum verkefnum, en hljómsveitin er skipuð þeim Nóa Steini Einarssyni og Andra Ásgrímssyni sem báðir eru meðlimir í Leaves, Haraldí Þorsteinssyni, bassaleikara Feldberg, og Ólafi Josephssyni sem hefur starfað undir listamannsnafninu Stafrænn Hákon undanfarin ár. Náttfari var endurvakinn árið 2010 og spilaði þá á Iceland Airwaves við mikla hrifningu. Í fyrra tók sveitin svo upp plötuna Töf og gaf út síðla árs.

Tónlist Náttfara flokkast undir síðrokk. Þegar hljómsveitin var stofnuð var það ennþá frekar heit tónlistarstefna, en í dag er síðrokk eitt af þeim fjölmörgu afbrigðum rokksins sem þróast samhlíða. Tónlistin á Töf er að langmestu leyti án söngs. Hún er stemningsfull og dýnamísk, lögin stigmagnast og hníga og útsetningarnar sjá til þess að það er alltaf eitthvað að gerast, þó að enginn sé söngurinn.

Töf er flott plata. Lagasmíðarnar og útsetningarnar standa vel fyrir sínu og platan hljómar sérstaklega vel. Það heyrst vel í öllum hljóðfærunum og auðvelt, ef maður lokar augunum, að ímynda sér að hljómsveitin sé stödd, í góðum fíling, í stofunni hjá þér.

Niðurstaða: Flott plata þrátt fyrir tíu ára töf.

Trausti Júlíusson



SUPER SUB
2 fyrir 1
af lambasamlokum
í febrúar.

Nýbýlavegi 32 • www.supersub.is

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



ATHUGIÐ
TAKMARKAÐUR
SÝNINGAFJÖLDI

GÓI &
BAUNA
GRASIÐ

Baunagrasið í samstarfi við Borgarleikhúsið kynnir

Gói og Baunagrasið

Ævintýrið heldur áfram með spennu og töfrum leikhússins

Frumskýnt 11. febrúar 2012 - Forsala í fullum gangi!

Einn Gói, þrjár baunir og margfaldur Þröstur Leó verða að heilu ævintýri. Risinn, gamla konan, sjálfspilandi harpan, hænan sem verpir gulleggjum og allir þorpsbúarnir mæta til leiks á litla sviði Borgarleikhússins.

lau. 11/2	KL. 13:00	UPPSELT FRUMSÝNING	sun. 19/2	KL. 13:00	örfá sæti laus
sun. 12/2	KL. 13:00	UPPSELT	lau. 25/2	KL. 13:00	örfá sæti laus
sun. 12/2	KL. 14:30	UPPSELT AUKASÝNING	sun. 26/2	KL. 13:00	örfá sæti laus
lau. 18/2	KL. 13:00	örfá sæti laus			

BAUNA GRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

 Borgarleikhúsið

Stjórnmalamenn fá ekki að veita verðlaun Xins

Útvarpsstöðin X977 stendur fyrir tónlistarverðlaunum í næstu viku. Útvarpsmaðurinn Máni Pétursson segir stöðina vera að svara kallinu, enda hafi slíkar hátíðir verið leiðinlegar síðustu ár.

„Þetta eru í raun og veru einu tónlistarverðlaunin sem eru haldin á Íslandi. Ég segi þetta fullur af auðmýkt og kærleik,“ segir útvarpsmaðurinn Máni Pétursson.

Tónlistarverðlaun X-977 fara fram á Nasa fimmtudaginn 16. febrúar. Björk, Mugison, Gus-Gus og Retro Stefson eru á meðal þeirra listamanna sem eru tilnefndir, en kosning fer fram á X977.is.

Spurður hvernig hann getur kallað verðlaunin þau einu á Íslandi, þegar til stendur að veita íslensku tónlistarverðlaunin 29. febrúar, segir Máni að hinn almenni borgari sé ekki velkominn þangað. „Íslensku tónlistarverðlaunin? Fólk er bara boðið þangað. Hvað er íslenskt við íslensku tónlistarverðlaunin þegar fólk getur ekki einu sinni keypt sér miða og mætt á staðinn?“

Máni segir stoltur að allir lista-



EKKERT BULL Frosti og Máni ætla ekki að bjóða stjórnmalamönnum að veita tónlistarverðlaun X977.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

mennirnir sem tilnefndir eru til tónlistarverðlauna X977 kunni á hljóðfæri. „Svo er enginn að setja sig í sérstakar stellingar. Það er enginn klíkuskapur eða leyninefnd,“ segir hann.

Xið hefur ekki veitt tónlistarverðlaun síðustu ár og Máni segir stöðina nú vera að svara kallinu. „Það er svolítið síðan við veittum tónlistarverðlaun. Við höfum fylgst með þessum tónlistarhátíðum í gegnum árin og þær hafa verið svo lélegar,“ segir hann. „Við erum að

gera þetta af brýnni nauðsyn. Þetta hefur verið svo leiðinlegt.“ Hann segir verðlaunin fyrst og fremst vera gott parti sem góðkunningi útvarpstöðvarinnar, Gunnar Sigurðsson, stýrir, kynni og veitir verðlaun. „Við ætlum ekki að kalla upp miniseleba og stjórnmalamenn til að veita verðlaun. Við sjáum ekki tilgang í því,“ segir Máni. „Ásgeir Kolbeins, Logi Bergmann og allt þetta lið verður ekki þarna.“

Miðasala á hátíðina fer fram á vefsíðunni Dilar.is.

Stutt og laggott

Bíó ★★★★★


Chronicle

Leikstjórn: Josh Trank

Leikarar: Dane DeHaan, Michael B. Jordan, Alex Russell, Michael Kelly, Ashley Hinshaw, Anna Wood, Joe Vaz

Þrjú unglingspiltar rannsaka dul-arfulla holi í jörðu og komast í sneringu við undarlega veru, mögulega utan úr geimnum, sem veitir þeim yfirnáttúrulega krafta. Þeir geta fært hluti úr stað með hugarorkunni og til að byrja með nýta þeir hæfileika sína í hrekki og sprell. En fljótlega verður máttur þeirra það öflugur að þeim hættir að lítast á blíkuna.

Chronicle er gerð í svokölluðum „found footage“-stíl, en kvikmyndagerð af því tagi hefur sótt í sig veðrið að undanförunu. Til glöggvunar nefni ég kvikmyndirnar The Blair Witch Project og Paranormal Activity sem dæmi um



GOTT Fjörugt og þétt handritið gerir Chronicle að prýðilegri skemmtun.

myndir sem notast við þessa vand-meðförunu aðferð, en hvorugri tókst að verða annað en eftirvæntingarbóla sem sprakk fljótt. Hér er hins vegar vandað til verka og skilar það sér í miklu betri mynd.

Stígandinn er hægur og atburða-

rásin skemmtileg. Hasarinn byrjar seint en myndin kemst upp með það vegna þess að það er svo gaman að fylgjast með drengjunum uppgötva nýja vinkla á hæfileikum sínum. Þeir eru ágætlega leiknir og þá helst aðalpersónan, Andrew, en hann er sá sem sér um myndatökuna að mestu. Pabbi hans er drykkfelld steriótýpa sem beitir son sinn bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi, en nærvera hans er óhugguleg og uppgjör milli feðganna virðist óumflýjanlegt.

Þessi rétt rúmlega 80 mínútna mynd nær að gera heilmikið á stuttum tíma. Klippingin er til fyrirmyndar og mögulegur langdreginn óþarfi hefur allur endað í ruslinu. Brellurnar eru ágætær en fyrst og fremst er það þétt og fjörugt handrit sem gerir Chronicle að því sem hún er.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Finasta skemmtun en við sjóndeildarhringinn sé ég flóðbylgju af ómurlegum framhaldsmyndum.

SAMBÍÓIN SAMbio.is

BYGGD Á METSÖLU BÓKUNUM UM STEPHANIE PLUM

ONE FOR THE MONEY

STÓRSKEMMTILEG MYND, MED KATHERINE HEIGLI/ADALHLUTVERKI

MÖGNUM SPENNUMYND!

HEIMSFRUMSÝNING

MAN ON A LEDGE

BALTASAR KORNÁKUR

CONTRABAND

★★★★

TV. Kvikmyndir

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA!

★★★★

TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN

6

STEVEN SPIELBERG

WAR HORSE

J. EDGAR

THE MUPPETS

ISLENSKUR TEXTI

ALFABAKKA		EGILSHÖLL	
ONE FOR THE MONEY	kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D (12)	ONE FOR THE MONEY	kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D (12)
ONE FOR THE MONEY Luxus VIP	kl. 8 - 10:20 2D (VIP)	MAN ON A LEDGE	kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D (12)
MAN ON A LEDGE	kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D (12)	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:40 2D (L)
CONTRABAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D (16)	UNDERWORLD: AWAKENING	kl. 8 - 10:10 2D (16)
CONTRABAND Luxus VIP	kl. 5:40 2D (VIP)	J. EDGAR	kl. 6 2D (12)
50/50	kl. 10:40 2D (12)	WAR HORSE	kl. 9 2D (12)
PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5:40 2D (L)	KRINGLUNNI	
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8 - 10:40 2D (12)	ONE FOR THE MONEY	kl. 10 2D (12)
MISSION IMPOSSIBLE 4	kl. 8 2D (12)	WAR HORSE	kl. 5 - 8 - 10:50 2D (12)
STÍGVÉLADI KÖTTURINN	kl. 5:50 3D (L)	J. EDGAR	kl. 8 2D (12)
AKUREYRI		SHERLOCK HOLMES 2	kl. 10:45 2D (12)
ONE FOR THE MONEY	kl. 8 2D (12)	PRÓDULEIKARARNIR	kl. 5 2D (L)
MAN ON A LEDGE	kl. 10:10 2D (12)	THE HELP	kl. 5 - 7:10 2D (L)
SHERLOCK HOLMES 2	kl. 8 - 10:10 2D (12)	KEFLAVÍK	
4		ONE FOR THE MONEY	kl. 8 2D (12)
TAKMARKADAR SYNINGAR		CHRONICLE	kl. 10:20 2D (16)
		SHERLOCK HOLMES 2	kl. 10:10 2D (12)
		50/50	kl. 8 2D (12)

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMBÍÓKLÚBBINN Á SAMbio.is

mid.is LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

CHRONICLE

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

THE GREY

LAUGARÁSBÍÓ

	Sýningartímar
CHRONICLE	6, 8, 10
THE GREY	8, 10, 25
CONTRABAND	5.50, 10, 15
THE IRON LADY	5.50, 8

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

mid.is

CHRONICLE

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

the Lady

LEIKSTYRÐ AF LUC BESSON

THE GREY

HÁSKÓLABÍÓ

LISTAMAÐURINN	NÁNAR Á MIÐLIS
STRÍÐSFIKILÝSING	KL. 6 - 8 - 10
ATHVARFID	KL. 6
SAMAN ER EINUM OF	KL. 8
SÉRSVETIN	KL. 8
	KL. 6
	KL. 10

SMÁRABÍÓ

	KL.	5%
CHRONICLE	4 - 6 - 8 - 10	12
CHRONICLE LÚXUS	4 - 6 - 10, 25	12
THE GREY	KL. 8 - 10, 30	16
CONTRABAND	KL. 5.30 - 8 - 10, 25	16
THE DESCENDANTS	KL. 5.30 - 8	L
UNDERWORLD / AWAKENING	KL. 10, 30	16
THE SITTER	KL. 6	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 3	KL. 3, 40	L
STÍGVÉLADI KÖTTURINN	KL. 3, 40	L

BORGARBIÓ

	NÁNAR Á MIÐLIS
CHRONICLE	KL. 8 - 10
THE GREY	KL. 10, 10
THE DESCENDANTS	KL. 6
CONTRABAND	KL. 6 - 8

LYFJA - Lífið heil

+ D-3 vítamín er nauðsynlegt fyrir alla - börn, konur og karla.

Fyrir þig í Lyfju

www.lyfja.is

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: A DANGEROUS METHOD 17:45, 20:00, 22:15 ■ SKUGGARNIR / FJÖLLUNUM 20:00 ■ SUBMARINE 20:00, 22:00 ■ THIS MUST BE THE PLACE 17:50, 22:15 ■ SUPERCLASICO 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:15

ISL. TEXTI / ENGLISH SUBTTLES.

NEMAR ATHUGIÐ: 25% afsláttur af miðaverði gegn framvisun skólaskírteins!

KNIGHTLEY / MORTENSEN / FASSBENDER
A DANGEROUS METHOD
FRÁ MEISTARA DAVID CRONENBERG

FJÓRTÁN EDDU-TILNEFNINGAR

FJÓRAR ÓSKARS-TILNEFNINGAR

Hágæðakaffi og fyrirtaks skyndibiti



Allir kaffidrykkir á 199 kr.
með Orkulyklinum



Kjúklinga panini 649 kr.



Ostapylsa m/ beikoni
og salati og háflslíttra gos
Tilboð mánaðarins 499 kr.



Kjúklinga- og grænmetisvefja 499 kr.



Kjúklingasalat.
Tilboð mánaðarins 499 kr.

	Stöðin	Opn 24 tíma	Öst	Kaffi	Præmi	Þýska	Is í vatni	Bláaegg
Birkimelur	551 4474			☐	☐	☐		
Bústaðavegur	552 7616	74		☐	☐	☐		
Garðabær	565 8743			☐	☐	☐		
Hagasmári	554 2280	74	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Kleppsvegur	568 6580			☐	☐	☐		
Laugavegur	561 9926			☐	☐	☐	☐	
Suðurfell	557 4060	74	☐	☐	☐	☐	☐	☐
Vesturlandsvegur	665 1471		☐	☐	☐	☐	☐	☐
Vesturlandsvegur Shell Verzlun	587 9730	74		☐	☐	☐		
Miklabraut norður	571 4404		☐	☐	☐	☐	☐	☐
Skagabraut Akranesi	431 2592		☐	☐	☐	☐	☐	☐
Reykjavíkurvegur	555 1720	74		☐	☐	☐	☐	☐

Orkulykillinn veitir afslátt á Stöðinni.





HERMANN HREIÐARSSON mun ekki spila neitt með sínu nýja liði, Coventry, næstu vikurnar þar sem hann þarf að fara í aðgerð vegna axlarmeisla. Þetta kom fram í viðtali við Hermann á Rás 2. Hermann var búinn að spila tvo leiki með Coventry áður en hann meiddist.



JOHN TERRY Einn umdeildasti knattspyrnumaður Englands.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

John Terry:
Ekki hættur í landsliðinu

FÓTBOLTI Samkvæmt heimildum fréttavefs BBC ætlar John Terry að halda áfram að gefa kost á sér í enska landsliði þó svo að hann verði ekki áfram fyrirliði.

Á föstudaginn ákvað stjórn enska knattspyrnusambandsins að Terry gæti ekki gegnt hlutverki fyrirliða á meðan réttarhöld um meint kynþáttanfóð hans gagnvart Anton Ferdinand eru í gangi.

Það þýðir að Terry verður ekki fyrirliði Englands á EM í sumar þar sem réttarhöldunum hefur verið frestað þar til í júlí.

Fabio Capello landsliðsþjálfari er ekki ánægður með ákvörðun stjórnarinnar og styður sinn mann.

- esá

Patrice Evra um meiðslin:
Er um ótrúlega óheppni

FÓTBOLTI Patrice Evra segir það merkilegt hversu vel Manchester United hefur tekist að glíma við þau meiðslavandræði sem hafa verið að hrjá liðið á tímabilinu.

Sérstaklega hafa varnarmenn United verið duglegir við lenda í hinum ýmsu vandræðum. Þar ber hæst fyrirliðann Nemanja Vidic sem verður frá allt tímabilið eftir að hafa slitnið krossband í desember.

Þar að auki hafa þeir Rio Ferdinand, Phil Jones, Chris Smalling og Rafael skipst á að vera á meiðslalista liðsins hverju sinni þannig að Alex Ferguson, stjóri liðsins, hefur varla getað stillt upp sömu varnarliðunni tvo leiki í röð.

„Það er ótrúlegt hversu margir leikmenn hafa verið meiddir hjá okkur,“ sagði Evra sem hefur verið fyrirliði í fjarveru Vidic.

- esá

Spennandi verkefni í Austurríki

Patrekur Jóhannesson er einn fjölda íslenskra handboltspjálfa sem eru að gera það gott í evrópska boltanum. Patrekur er landsliðsþjálfari karlaliðs Austurríkis sem ætlar að festa sig í sessi á næstu misserum.

HANDBOLTI Patrekur Jóhannesson tók í haust við starfi landsliðsþjálfara Austurríkis og kom liðinu yfir sína fyrstu hindrun á leið á HM í handbolta sem fer fram á Spáni á næsta ári. Hann segir starfið gott og metnaðinn mikinn hjá austurríska landsliðinu.

Patrekur er ekki fyrsti Íslendingurinn sem sinnir þessu starfi en Dagur Sigurðsson gerði það með góðum árangri frá 2008 til 2010. Hann náði níunda sæti á EM þar í landi árið 2010 og kom svo liðinu á HM í Svíþjóð áður en hann lét af störfum.

Patrekur tók við af Svíanum Magnus Andersson sem átti ekki jafn góðu gengi að fagna. En forráðamenn austurríska landsliðsins ætla sér að festa liðið í sessi á alþjóðlegum vettvangi. Austurríki fór nokkuð létt í gegnum riðil sinn í forkeppninni í síðasta mánuði og spilaði þar gegn Ísrael og Bretlandi.

Unnið sjö af níu leikjum

„Fyrsta markmiðið var að komast í gegnum þennan riðil og gerðum við það nokkuð sannfærandi,“ segir Patrekur. „Erfiðasti leikurinn var útileikurinn í Ísrael en við unnum þann leik með níu mörkum. Ég er því mjög sáttur við þessa byrjun. Alls höfum við spilað níu leiki og þar af unnið sjö.“

Patrekur hefur verið óhræddur við að tefla fram ungum og óreyndum leikmönnum og stefnir að því að byggja upp sterkt lið til frambúðar. „Ég hef verið að gefa ungum leikmönnum stærra hlutverk og er það nauðsynlegt. Það hafa nokkrir lykilmenn gengið úr skaftinu á síðustu árum og því hefur þurft að endurnýja liðið að



PATREKUR Þjálfaði Stjórnuna hér á landi áður en hann hélt utan til Þýskalands. Hann er nú kominn aftur heim en þjálfar nú austurríska landsliðið.

NORDIC PHOTOS/GETTY

stóru leyti. Það hefur gengið mjög vel og við erum ánægðir með þeirra framgöngu,“ segir hann. „Ég er líka með eldri leikmenn sem þekkja þetta allt og þetta er því ágæt blanda.“

Sinnir starfinu frá Íslandi

Patrekur þekkir vel til í Þýska-

landi þar sem hann spilaði lengi og fyrir skömmu þjálfaði hann lið Emsdetten í B-deildinni. Hann var þó fluttur til Íslands þegar hann tók við starfinu og er enn búsettur hér á landi.

„Ég þekkti ekki mikið til austurrísku deildarinnar og var nokkuð duglegur að fara út fyrstu mánuðina. Ég hef svo góðan aðgang að leikjum í gegnum netið og verið nokkur upplýstur um gang mála í deildinni,“ segir Patrekur. Handboltafyrirliðinn hefur tekið nokkurn kipp eftir að Evrópu meistaramótin var haldið þar í landi og segir Patrekur það augljóst að það sé uppgangur þar um þessar mundir. „Það er mjög vel haldið utan um landsliðið og umgjörðin er mjög öflugt starfsteymi í kringum liðið sem sér um að leikmenn séu vel þjálfaðir.“

Patrekur starfaði áður sem íþróttafulltrúi Garðabæjar en

„Mér stóð til boða að vera áfram hjá Emsdetten en fjölskyldan ákvað að flytja heim. Það er því ekki á stefnuskránni að flytja aftur út.“

PATREKUR JÓHANNESSON
LANDSLIÐSÞJÁLFARI AUSTURRÍKIS

fékk ekki leyfi til að sinna þjálfarastarfinu samhliða því. Hann ákvað því að hætta og leitar sér nú að starfi sem hann getur sinnt með. Hann segist þó ekki vera að sækjast eftir því að komast í þjálfun hjá félagsliði í Evrópu.

„Mér stóð til boða að vera áfram hjá Emsdetten en við í fjölskyldunni ákváðum að flytja heim. Það er því ekki á stefnuskránni að flytja aftur út í bráð. Það berast svo sem fyrirspurnir reglulega frá öðrum liðum en ég er mjög ánægður þar sem ég er og spennandi tímar fram undan í Austurríki.“

eirikur@frettabladid.is

Erfitt verkefni gegn Makedóníu

Austurríki dróst gegn Makedóníu í umspilinu fyrir HM á Spáni en leikirnir fara fram í byrjun júní. „Þetta verða auðvitað erfiðir leikir en það skipti í raun engu hvaða lið við hefðum fengið – þau voru öll sterk sem stóðu okkur til boða,“ sagði Patrekur Jóhannesson.

Makedónía sló í gegn á EM í Serbíu og endaði í fimmta sæti. Stórskytan Kiril Lazarov varð markahæsti leikmaður mótsins og bætti um leið markamet Ólafs Stefánssonar frá EM 2002.

„En við stefnum auðvitað á að fara áfram eins og öll lið. Annars væru þau ekki að standa í þessari baráttu. Þetta er bara verkefni sem við fáum að takast á við og ég er ánægður með það,“ bætir Patrekur við.



SPORT 2
enski boltinn

HALDA LIVERPOOL ÁFRAM EINS OG ÞEIR KLÁRUÐU SÍÐUSTU LEIKTIÐ OG TAKA TITILINN?

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

Síminn ICELANDAIR 1011 OPIN KERFI

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

Mörgum þótti Luis Suarez, leikmaður Liverpool, sleppa vel með gult spjald:
Sparkaði Suarez viljandi í Parker?

FÓTBOLTI Um fátt annað var rætt í gær en hvort Luis Suarez, leikmaður Liverpool, hefði sparkaði viljandi í magann á Scott Parker, leikmanni Tottenham, í leik liðanna á mánudag.

Suarez var að snúa aftur úr níu leikja leikbanni og var aðeins búinn að vera inni á velli um fimm mínútur þegar hann þrumaði í magann á Parker sem lá óvígur eftir. Sitt sýndist hverjum um atvikið.

„Ef dómari sá sparkið frá Suarez og gefur honum spjald fyrir, þá hefði það átt að vera rautt,“ skrifaði Rooney á Twitter-síðu sína og Gary Neville, sérfræðingur Sky Sports, var einnig á því að Suarez hefði átt að fá rauða spjaldið en dómari lét gult duga.

Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, hélt þó uppi vörnum fyrir sinn mann og sagði hann ekki hafa séð Parker. Stjórinn lét síðan hafa



SÁRT Suarez stumrar hér yfir Parker sem liggur sárþjáður eftir að hafa fengið fast spark í magann frá Suarez.

NORDIC PHOTOS/AFP

eftir sér að það hefði aldrei átt að dæma Suarez í bann fyrir kynþáttaförðoma í garð Patrice Evra, leikmanns Man. Utd.

Liverpool mætir Man. Utd um næstu helgi og má búast við því að þá verði heitt í kolunum.

- hbg

Miklar breytingar hjá liði Guðmundar Guðmundssonar, Rhein-Neckar Löwen:

Svínn Du Rietz á leið til Löwen

HANDBOLTI Þýska liðið Rhein Neckar-Löwen tilkynnti í gær um enn frekari breytingar sem verða á liðinu í sumar. Þólverjarnir Karol Bielecki og Krzysztof Lijewski hverfa á braut til félags Þóris Ólafssonar í Póllandi, Kielce, en sænska skyttan Kim Ekdahl Du Rietz kemur til Löwen frá franska félaginu Nantes.

„Ég sé fram á að geta tekið enn meiri framförum sem leikmaður hjá Löwen og get ekki beðið eftir að spila með félaginu,“ sagði Du Rietz en hann er 22 ára gamall og eitt almesta efnið í handbolta-

heiminum í dag. Hann sló í gegn með sænska landsliðinu á HM í fyrra og einnig á EM í Serbíu í síðasta mánuði. Mikill styrkur fyrir Löwen sem Guðmundur Guðmundsson þjálfar samhliða þjálfun íslenska landsliðsins.

Du Rietz er þriðji leikmaðurinn sem Guðmundur nælir í en Alexander Petersson og danski markvörðurinn Niklas Landin koma einnig til Löwen í sumar.

Bielecki hefur spilað með Löwen undanfarin ár en Lijewski nær aðeins einu tímabili með félaginu en hann hefur ekki þótt standa

undir væntingum síðan hann kom frá Hamburg.

Báðir leikmenn munu styrkja lið Kielce mikið og hefur pólska liðið verið duglegt að taka á móti leikmönnum frá Löwen. en markvörðurinn Slawomir Szmal kom til félagsins frá Löwen síðasta sumar.

Svo var einnig greint frá því í gær að danski skartgripajöfurinn Jesper Nielsen væri við það að hætta sem stjórnarformaður Löwen en hann mun fara að einbeita sér alfarið að danska liðinu AG sem fjórir Íslendingar leika með.



FRÁBÆR LEIKMAÐUR Svinn Du Rietz mun styrkja lið Löwen mikið enda eitt mesta efnið í handboltaheiminum í dag.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



GYLFI ÞÓR Er að finna sig vel hjá Swansea.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Eigandi Hoffenheim:

Skilur ekki fjarveru Gylfa

FÓTBOLTI Dietmar Hopp, eigandi þýska úrvalsdeildarfélagssins Hoffenheim, segist ekki skilja af hverju Gylfi Þór Sigurðsson var lánaður til enska úrvalsdeildarfélagssins Swansea.

Gylfi fékk lítið að spila í Þýskalandi í haust eftir að hafa misst af fyrstu vikunum vegna meiðsla. Holger Stanislawski, þjálfari liðsins, vildi greinilega lítið nota hann og á endanum ákvað Gylfi að grípa tækifærið og halda til Englands þegar honum stóð það til boða.

Stanislawski hefur gagnrýnt Gylfa og segir hann ekki hafa viljað eða haft áhuga á að spila fyrir Hoffenheim. Hann setti einnig Chinedu Obasi í sama flokk en hann var lánaður til Schalke í síðasta mánuði. Þá var Vedad Ibisevic seldur til Stuttgart um svipað leyti.

Hopp segir að það hafi ekki komið honum á óvart að Obasi og Ibisevic fóru annað. „Það lá í loftinu strax í sumar og var brugðist við því,“ sagði Hopp en skildi ekki hvað Gylfi væri að gera í ensku úrvalsdeildinni þar sem hann væri meðal bestu leikmanna síns liðs.

- esá

Spánverjinn Juan Mata:

Villas-Boas var brjáláður

FÓTBOLTI Juan Mata, Spánverjinn öflugur í liði Chelsea, segir að knattspyrnustjórinn Andre Villas-Boas hafi verið bálreiður eftir að hans menn misstu niður 3-0 forystu gegn Man. United.

„Ég hefði frekar viljað vinna leikinn en skora þetta mark,“ sagði hann við enska fjölmiðla. „Þjálfarinn var brjáláður eftir leikinn. En það voru leikmenn líka því við áttum aldrei von á því að við myndum missa niður þriggja marka forystu á heimavelli.“

„Það gerist ekki oft að Chelsea fær tækifæri til að vinna United með því að komast 3-0 yfir. Ég hélt að þetta gæti aldrei gerst. Þetta eru slæmar fréttir fyrir okkur og staðfestir að kapphlaup- ið um fjórða sætið verður ekki auðvelt.“

- esá

FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT



NÝTT MINNI REYKINGAR MEIRA TROPICAL FRUIT

AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT



Nicotinel er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Lesi skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Nicotinel lyfjatyggið inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínólacrállín). Nicotinel lyfjatyggið er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykningum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggið eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggið á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinel lyfjatyggið. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/ eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.



TRÚNAÐARMÁL
POP SECRET ER NÚNA
ÁN TRANSFITU!



„Mér finnst austurlenskur matur mjög góður. Ég hendi mér oft inn á Nings og fæ mér eitthvað gott. Ég fæ mér óndina ef ég vil gera vel við mig.“

Sigurður Hlökkversson útvarpsmaður.

Leita að ungu fólki í raunveruleikabátt

„Þetta þurfa að vera einstaklingar sem eru tilbúnir að opinbera sig og fara í smá sjálfskoðun í leiðinni,“ segir Hildur Margrétardóttir framleiðandi, sem leitar nú að ungu fólki til að taka þátt íslenskum raunveruleikabáttum.

Þættirnir eru þó ekki eins og raunveruleikabættir á borð við Keeping Up with the Kardashians, Big Brother og Survivor því markmið þessara þátta er að varpa ljósi á veruleika íslenskra ungmenna í dag. Verkefnið er að danski fyrirmynd en þar voru sambærilegir þættir sýndir á vefmiðli dagblaðsins Politiken. „Þetta verða raunveruleikabættir en án tilbúins veruleika eins og flestir þættir sem eru í gangi í dag. Eins konar dagbók. Verkefnið mæltist vel fyrir og þótti gefa góða innsýn inn í líf unga fólksins í Danmörku. Það jókst bæði skilningur og samkennd hjá áhorfandanum,“ segir Hildur

sem framleiðir þættina ásamt Herberti Sveinbjörnssyni fyrir Edison Lifandi ljósmyndir.

Hildur og Herbert leita nú að tveimur stúlkum og tveimur stráköm á aldrinum 18-25 sem vilja fá myndavél í hendurnar og skuldbinda sig til að festa líf sitt á filmu í tíu vikur. Áætlað er að gera þetta á svipuðum tíma á hinum Norðurlöndunum og því verður hægt að bera saman vefþættina.

„Við áætluðum að tök hefjist í mars og stefnum á að birta einn þátt í viku um hvern einstakling. Við leitum nú að heppilegum vefmiðli til að birta þættina á,“ segir Hildur og viðurkennir að þeir sem sækja um verða að vera tilbúnir að opna sig um líf sitt. Hægt er að senda umsóknir á pósthafið doxwiseisland@gmail.com en einnig er hægt að fræðast meira um verkefnið á Facebook-síðu Doxwise. - áþ



LEITA AÐ UNGU OPNU FÓLKI Hildur Margrétardóttir og Herbert Sveinbjörnsson framleiðandi íslensku raunveruleikabætti og leita að stúlkum og stráköm á aldrinum 18-25 ára til að taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HUGLEIKUR DAGSSON: STARFSFÓLK JUDDS APATOW VILDI FLOTTA GJÖF

MYND HUGLEIKS BESTA AFMÆLISGJÖF ALLRA TÍMA

„Þessi mynd hefur snert einhverja taug hjá honum,“ segir skopmyndateiknarinn og uppstandarinn Hugleikur Dagsson.

Leikstjórinn og framleiðandinn Judd Apatow fagnaði 44 ára afmælinu sínu í desember á síðasta ári. Apatow er mikill aðdáandi Hugleiks og fékk eina af myndum hans í afmælisgjöf frá starfsfólki sínu.


„Skrifstofan hans Judd Apatow hafði samband við mig. Starfsfólkið hans ætlaði að gefa honum flotta gjöf og athugaði hvort ég ætti einhverjar myndir,“ segir Hugleikur. Íslenska útgáfa myndarinnar, sem var í sérstöku upphaldi hjá Apatow, er í eigu tónlistarmannsins Árna Vilhjálmssonar úr hljómsveitinni FM Belfast, þannig að Hugleikur teiknaði nýja útgáfu af myndinni og sendi til Kaliforníu. „Ég fékk þau skilaboð að þetta væri besta afmælisgjöf allra tíma,“ segir hann.

Judd Apatow er einn allra farsælasti framleiðandi, handritshöfundur og leikstjóri Hollywood um þessar mundir. Hann er maðurinn á bak við gamanmyndir á borð við The 40 Year Old Virgin, Knocked Up, Pineapple Express ásamt því að hafa framleitt myndir á borð við Bridesmaids og Get Him to the Greek.

Apatow birti teikningar Hugleiks í bókinni I Found This Funny, sem kom út fyrir tæpum tveimur árum. Þar er Hugleikur á meðal snillinga á borð við Steve Martin, Jon Stewart, Adam Sandler og Ernest Hemingway sem eiga efni í bókinni.

Hversu mikið rukkaðirðu fyrir myndina?

„Ég rukkaði bara hefðbundinn prís,“ segir Hugleikur, en bætir við að starfsfólk Apatow hafi að auki sent honum pakka með DVD-myndum framleiðslufyrirtækisins. Í pakkanum var einnig sérstök viðhafnarútgáfa þáttanna



TIL JUDD APATOW

Judd Apatow, einn farsælasti framleiðandi Hollywood um þessar mundir, fékk þessa mynd Hugleiks í afmælisgjöf frá starfsfólki sínu.

Freaks and Geeks, sem Apatow framleiddi rétt fyrir aldamót. „Ég hef alltaf viljað eiga það á DVD og á núna flottan pakka,“ segir Hugleikur.

En veistu hvar myndin hangir? „Ég hef ekki hugmynd. Ætli hún sé ekki uppi á vegg á skrifstofunni hans.“

atlifannar@frettabladid.is

Fyrirsæturnar fara í göngubúðir

„Þetta er stærsti tiskuviðburðurinn á Íslandi og ætti að vera eftirsóknarvert fyrir fyrirsætur að taka þátt í þessu með okkur,“ segir Arnar Gauti Sverrisson, framkvæmdastjóri Elite á Íslandi, en hann leitar nú að 40 fyrirsætum, stúlkum og stráköm, til að ganga tiskupallana á Reykjavík Fashion Festival í ár.

Arnar Gauti ætlar að halda prufur í húsaáskynnum Elite Fashion Academy að Ármúla 21 á morgun milli klukkan 17-19. Ásta Kristjánsdóttir og Ellen Loftsdóttir verða einnig viðstaddir prufurnar og saman ætla þau að finna rétta fólkið. Stúlkur og strákar sem eru yfir 172 cm á hæð og í góðu líkamlegu formi eru því eindregið hvött til að mæta.

„Við ætlum að taka þetta skref-

inu lengra í ár og gerum miklar kröfur til einstaklinganna sem verða fyrirsætur á hátíðinni. Það getur skipt sköpum fyrir gæði sýningarinnar að fyrirsæturnar séu góðar.“

Arnar Gauti hefur fengið til liðs við sig dansarann og danshöfundinn Cameron Corbett sem ætlar að æfa göngulagið hjá fyrirsætunum. „Göngulagið á sýningum skiptir miklu máli og hjá Cameron fá fyrirsæturnar bestu leiðsögnina. Hann verður með æfingabúðir fram að hátíðinni og verða fyrirsæturnar því vel í stakk búnar að ganga tiskupallana á hápunkt íslensku tiskuiðnaðarinnar,“ segir Arnar Gauti og lofar skemmtilegu ævintýri fyrir þær fyrirsætur sem verða valdar til að sýna á RFF. - áþ



GERIR MIKLAR KRÖFUR Arnar Gauti Sverrisson leita að fyrirsætum til að sýna fyrir Reykjavík Fashion Festival sem fer fram í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MENNINGARSTARF Í KÓPAVOGI

Menningar- og þróunarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr lista- og menningarsjóði Kópavogsbæjar.

Umsóknum skal skila fyrir **14. febrúar**

Umsóknareyðublöð fást á vef Kópavogsbæjar eða í þjónustuveri bæjarins, Fannborg 2.

Umsóknum skal skilað til:
**Lista- og menningarsjóður, Fannborg 2,
200 Kópavogur.**

Allar nánari upplýsingar á kopavogur.is



KÓPAVOGSBÆR

BRÁDFYNDINN SJÓNTÓNLEIKUR

HUNDUR Í ÓSKILUM

SAGA ÞJÓÐAR

LEIKSTJÓRN: BENEDIKT ERLINGSSON

ÍSLANDSSAGAN Á HUNDAVAÐI Í TALI OG TÓNUM

Fim 9.2. Kl. 20:00 **UPPSELT** Fim 10.2. Kl. 20:00 **UPPSELT** Fim 16.2. Kl. 20:00 **UPPSELT** Fim 17.2. Kl. 20:00 **UPPSELT** Fim 24.2. Kl. 20:00 **UPPSELT**
Lau 11.2. Kl. 20:00 **Órfa sæti** Fim 23.2. Kl. 20:00 **Órfa sæti**

Saga Þjóðar er samstarfsverkefni Hunds í óskilum, Leikfélags Akureyrar og Borgarleikhússins

Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is



Heima ^{siðan okkar} er best

Orkusalan.is hlaut þrenn verðlaun á Íslensku vefverðlaununum, þar á meðal sem **Besti íslenski vefurinn**. Við viljum þakka Hugsmiðjunni fyrir vefsmíðina og öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við að ná þessum árangri. Við ætlum að halda áfram að vera í góðu sambandi við viðskiptavinum okkar og lofum að vera áfram í stuði á netinu.

Orkusalan.is
Besta útlit og viðmót

Orkusalan.is
Besti íslenski vefurinn 2011

Orkusalan.is
Besti sölu- og kynningarvefur fyrir-
tækis með færri en 50 starfsmenn



Við erum á YouTube



Fylgdu okkur á Twitter



Finndu okkur á Facebook

orkusalan



Við seljum rafmagn



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík. Sendið fyrirspurn á logfrodur@hr.is



LÖGRÉTTA
Félag lagafræðinga í Háskólanum í Reykjavík

logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Gnarr kominn vestur

Heimildarmyndin Gnarr! eftir Gauk Úlfarsson kom út í Bandaríkjunum í gær. Kvikmyndaframleiðandinn Focus World lýsir myndinni sem drepmyndinni, sannri sögu af grínista sem endaði óvænt sem borgarstjóri stærstu borgar Íslands. **Jón Gnarr** var í viðtali við Huffington Post á mánudag þar sem athygli var vakin á því að myndin væri fáanleg vestanhafs í gegnum netið. Einnig var stiklað á stóru um feril borgarstjórans og



sterklega gefið til kynna að Jón ætli að bjóða sig fram til forseta. Þó tekur hann skýrt fram að hann hafi engan áhuga á því að verða næsti íbúi Bessa-staða.

Keðjur og fuglafætur í myndbandinu

Stúlkurnar í **The Charlies** eru nú komnar aftur til Los Angeles eftir stutt jólafrí á Íslandi og slá ekki slöku við. Á Facebook-síðu sveitarinnar greina þær frá því að þær séu byrjaðar að taka upp myndband við lagið Tickin Like a Bomb. Leikstjóri myndbandsins er Raphael Chatelain og hefur undirbúningur staðið yfir í þrjár vikur. Alma, Klara og Steinunn leika lykilhlutverk í myndbandinu ásamt dönsurinum en þær greina einnig frá því að kampavín, slökkviliðsbúningur, sprengjuefni, fuglafætur og keðjur verði hluti af leikmunum. Ekki er vítað hvenær myndbandið fer í sýningu. - sv, áþ



Mest lesið **VÍSIR**

1. Búist við vitlausu veðri þegar líður á daginn
2. Varað við stormi á öllu landinu
3. Ferðakonan í Hvalfirði þakkaði Neyðarlínunni fyrir hjálpinu
4. Háhyrningar stefna Sea World fyrir þrælalald
5. Tvö börn urðu fyrir bíl

BYLGJAN 25 ÁR
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Traustur ferðafélagi



Það er gott að njóta öryggis í vetrarfærðinni á fjórhjóladrifnum Suzuki.



SUZUKI GRAND VITARA
Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Með öflugur og sparneytinni 2,4L vél sem gerir góðan bíl enn betri. Skynsamleg kaup, hagkvæmur rekstur.
Grand Vitara Premium+
2,4L 169 hö, beinskriptur kr. **5.350 þús.**
2,4L 169 hö, sjálfskriptur kr. **5.650 þús.**



NÝR SUZUKI SWIFT 4x4
Stærri, rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Verð kr. **3.150 þús.**
Meðaleyðsla 5,5L/100 Km.



SX4 SPORTJEPPLINGURINN
Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.
Með 1,6L vél. Verð kr. **3.690 þús.**
Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskriptur

Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS